

Gott að tala um gráa fiðringinn

Ágúst Borgþór Sverrisson og Unnur Jökulsdóttir setjast á rökstóla



20-21

ALLA SUNNUDAGA

RE/MAX Fasteignablað

www.remax.is - öflugur fasteignavefur



FRÉTTABLAÐIÐ

FRÍTT

25. nóvember 2007 – 321. tölublað – 7. árgangur

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI

Sími: 512 5000

SUNNUDAGUR

Ellý stendur í stórræðum

Fyrirverandi X-factor-dómarinn Ellý Halldórsdóttir gerir upp 80 ára gamalt hús á Akranesi.

FÓLK 38



Vel tekið í Danmörku

Glæpasaga Ævars Arnar Jósepsonar, Blóðberg, hefur hlotið góða dóma í Danaveldi.

FÓLK 26

Bolton vann Manchester United

Nicolas Anelka tryggði Bolton óvæntan sigur á Englandsmeystum Man. Utd í gær.

ÍPRÓTTIR 32


Ferðalög

Hvar á að versla, snæða, djamma og gista? + bestu skíðasvæðin og margt fleira.

FYLGR FRÉTTA-
BLADINU Í DAG



VEÐRIÐ Í DAG



HVESSIR OG HLÝNAR Fyrst suðvestantil en síðan um allt land. Snjóar sunnanlands í morgunsárið, en rigning síðdegis. Þurr norðanlands í fyrstu en snjóar í kvöld.

VEÐUR 4



SIGURVEGARI Í HALDI Garri Kasparov, fyrirverandi heimsmeistari í skák, sýnir fjölmiðlum sigurmerki út um gluggann á lögreglubíl á leið burt af eigin mótmælafundi. Hann var í gær dæmdur í fimm daga fangelsi fyrir að leiða mótmæli gegn Vladimir Pútín, forseta Rússlands, og var meðal annars fundinn sekur um að hafa neitað að hlýða fyrirskipunum. Samtökin Annað Rússland, undir forystu Kasparovs, skipulögðu mótmælafundinn. Honum var ætlað að vekja athygli á kosningabaráttunni fyrir þingkosningarnar í landinu, sem samtökin segja að hafi ekki verið frjálst og óháð. Sjá síðu 6

FRÉTTABLAÐIÐ / AP

Ráðherra vill heilbrigði án landamæra

Heilbrigðisráðherra stefnir ekki bara að samnorrænum lyfjamarkaði heldur vill vera á undan ESB með alþjóðlegan heilsumarkað. Það styttaði bið eftir aðgerðum og gefi tækifæri til útrásar heilbrigðisstarfsfólks.

HEILBRIGÐISMÁL „Ég er að tala um meira en sameiginlegan lyfjamarkað. Ég er að tala um sameiginlegan heilsumarkað. Sum þjónustan er þess eðlis að það væri æskilegt að fólk gæti valið og sótt hana til annarra landa. Og ef þú hugsar um það er mun rökréttara að við séum með útrás í heilbrigðisþjónustu en bankað þjónustu!“ segir Guðlaugur Þór Þórðarson heilbrigðisráðherra.

Hugmyndir Guðlaugs fela í sér að fólk sem hefur beðið í lengri tíma eftir ákveðinni heilbrigðisþjónustu geti leitað eftir henni á auðveldan hátt á Norðurlöndum. Hann tekur þó fram að þessu sé ekki ætlað að leysa allan vanda.

Samevrópskur heilsumarkaður sé nú þegar í undirbúningi hjá ESB. „En Norðurlöndin gætu þarna haft ákveðna forystu. Í þessu felst ákveðið val fyrir fólk og um leið aðhald fyrir stjórnvöld. Síðast en ekki síst felast í þessu

gríðarleg sóknarfæri fyrir íslenska heilbrigðisþjónustu.“

Guðlaugur kveðst einnig vilja skoða byggingaráform um nýjan spítala í víðara samhengi en hingað til og segir að aðstöðuvandamál leysist ekki öll með nýrri spítalabyggingu.

Hann nefnir að aukin áhersla á heimahjúkrun sé nokkuð sem gæti minnkað álagið á Landspítalann.

Í leik- og grunnskólum landsins verður í framtíðinni boðið upp á minnst eina stund á dag, helguð hreyfingu, gangi ætlan Guðlaugs eftir. Hann á í viðræðum við menntamálaráðuneyti um þetta. Þetta sé besta ráðið við offitu, skæðum kvilla samtímans, sem oft hafi í för með sér þunglyndi.

Ekki ætti að koma á óvart að sjálfstæðismenn hafi tekist á um REI, segir ráðherra. Æskilegt hefði þó verið að sú umræða hefði ekki farið fram opinberlega.

- kóp / sjá síðu 14

Viðbúnaður hjá björgunarsveitum á Suðurlandi:

Vísindamanns saknað

LEIT Óttast er um afdrif fransks vísindamanns sem fór í vinnuferð á hálandi á fimmtudag. Maðurinn vinnur hjá Raunvísindastofnun Háskóla Íslands og átti að sækja átta GPS-senda sem staðsettir eru allt frá Þórisvatni að Kálfafelli.

Von var á manningu að Kirkjubæjarklaustri á föstudag en ekkert hafði til hans spurst í gærkvöld

og kom í ljós að sendarnir voru enn ósottir. Björgunarsveitir á Suðurlandi hófu leit að honum í gær.

Maðurinn var að sögn vel búinn og ók grárrí Toyota-pallbíreið með húsi. Þeir sem hafa orðið varir við ferðir mannsins eru beðnir að hafa samband við lögregluna á Hvolsvelli. - þo

Utanlandsferðir og mikið amstur fyrir jólin gerir gæludýraeigendum erfitt:

Dýrin á hóteli um hátíðarnar

DÝRAHALD „Það færast í aukana ár frá ári að fólk komi með gæludýrin og láti þau gista á hóteli yfir jólin,“ segir Hreiðar Karlsson hjá Hundahótelinu í Leirum. Undir þetta taka Sigríður Heiðberg í Kattholti og Lilja Björk hjá K-9 hundahótelinu á Suðurnesjum. „Hér er alltaf allt fullt yfir hátíðarnar, bæði jól og páska,“ segir Lilja Björk.

Hreiðar segir ferðalög fólks um

jólin ekki einu ástæðu þess að gæludýrum er komið fyrir um hátíðarnar. Sumir geri það vegna mikilla anna, svo sem jólaundirbúnings og jólaboða.




LEOPOLD KÖTTUR.

Rebecca Hennermark hjá Voffaborg í Víðidal segir að langflestir sem nýti sér þjónustuna sé fólk á leið til útlanda.

„Það verður voðalega notalegt hjá þeim yfir jólin, dýrin fá hangikjöt og bein. Það verða nú líka að vera jól hjá þeim,“ segir Rebecca. Sérstakur viðbúnaður er einnig á gamlárskvöld, á Hundahótelinu er til dæmis leikin róleg tónlist um miðnættið. - fgg / sjá síðu 38

Sunnudagur

Lestur meðal 18-49 ára á höfuðborgarsvæðinu*



*Samkvæmt ljómiðlakönnun Capacent í ágúst-október 2007



Ímyndaðu þér Skoda Octavia TDI®

Afl og hagkvæmni



SIMPLY CLEVER

Bráðum koma blessuð jólin

Komdu tímanlega!





Jón Ingi, verður þetta alveg sjúklegur tónlistarvefur?

„Við verðum nú vonandi lækningin frekar en sjúkdómurinn!“

Innan skamms verður opnaður allhliða tónlistarvefur með því frumlega nafni music.is. Jón Ingi Stefánsson stendur að baki síðunni.

Líkamsrásir í miðborginni: Einn kýldur og annar sleginn með flösku

LÖGREGLUMÁL Karlmaður var handtekinn við skemmtistað í Austurstræti í fyrrinótt eftir að hafa kýlt dyravörð í andlit. Það var tilkynnt um líkamsrás á Lokastíg þar sem maður var sleginn í höfuðið með flösku. Hann var fluttur á slyshadeild með minni háttar áverka. Enginn var handtekinn vegna árásarinnar. - þo

Maðurinn hafði reynt að smygla áfengi inn á staðinn og brást illa við þegar dyravörðurinn meinaði honum inngöngu. Hann var látinn gista fangaklefa lögreglunnar.

Þá var tilkynnt um líkamsrás á Lokastíg þar sem maður var sleginn í höfuðið með flösku. Hann var fluttur á slyshadeild með minni háttar áverka. Enginn var handtekinn vegna árásarinnar. - þo

Nýtt fylgirit um ferðalög

Ferðalög, nýtt mánaðarlegt fylgirit Fréttablaðsins um ferðamennsku, kemur í fyrsta sinn út í dag. Anna Margrét Björnsson, ritstjóri Ferðalaga, segir blaðinu ætlað að vera skemmtileg og lifleg lesning fyrir fólk með ævintýraþrá.

„Í fyrsta tölublaðinu er sjónum beint að sjarmerandi hverfum í stórborgum – NoLita í New York og Shoreditch í London. Svo er líka fjallað um bestu skíðsvæðin og svöluðu búðirnar fyrir jólaínkaupin, meðal annars.“ Þá segir hún einnig mikilvægt að verðandi ferðalangar fái góð ráð frá heimafólki á hverjum stað til að forðast „hinar týpisku túrista-gryfjur“.

FERÐALÖG Forsíða fyrsta tölublaðsins

London. Svo er líka fjallað um bestu skíðsvæðin og svöluðu búðirnar fyrir jólaínkaupin, meðal annars.“ Þá segir hún einnig mikilvægt að verðandi ferðalangar fái góð ráð frá heimafólki á hverjum stað til að forðast „hinar týpisku túrista-gryfjur“.

Lögreglufrýðing funduðu um væntanlega komu líkfundarmanns til Íslands: Lögreglan vissi af komu Malakauskas

LÖGREGLUMÁL Lögreglufrýðing vissu af því að Tomas Malakauskas, sem dæmdur var fyrir aðild sína að líkfundarmálinu svokallaða árið 2004, væri væntanlegur til landsins. Samkvæmt heimildum Fréttablaðsins var honum hleypt inn í landið til að unnt væri að fylgjast með ferðum hans og athöfnum.

Malakauskas hlaut árið 2004 tveggja og hálf árs fangelsisdóm fyrir aðild sína að málinu. Honum var vísað úr landi þegar hann losnaði og hefur síðan verið í endurkomubanni. Sérsvæit Ríkislögreglustjóra handtók hann á þriðjudag. Í fórum hans fundust um 100 grómm af amfetamíni. Hann var úrskurð-

aður í gæsluvarðhald til 30. nóvember og verður ákærður fyrir fíkniefnabrot og að virða ekki endurkomubann.

Lögreglufrýðing á Suðurnesjum komust á snoðir um það að Malakauskas væri á leið til landsins og funduðu þá um málið með fulltrúum lögreglunnar á höfuðborgarsvæðinu. Hann kom svo til landsins fyrir rúmum hálfum mánuði.

Jón Bjartmarz, yfirlögregluþjónn hjá Ríkislögreglustjóra, segir að þegar grunsemdir hafi vaknað hjá greiningardeild embættisins um að Malakauskas væri á landinu hafi þegar verið hafin leit að honum, sem lauk á þriðjudag. Jón segir sér



LÍKMENN Malakauskas hylur andlit sitt við réttarhöld. Með honum á myndinni eru Jónas Ingi Ragnarsson og Grétar Sigurðarson, sem einnig voru dæmdir.

FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

ekki hafa verið kunnugt um að honum hafi verið hleypt vísitandi til landsins.

Ný rúða brotin eftir tvær klukkustundir

Óknyttanglingar brutu á einni viku fimmtíu rúður í strætóskýlum í Hlíða-hverfi. Tjónið er vel á aðra milljón. Rúða var brotin í einu skýli tveimur tímum eftir að hún var sett í. Komið hefur til tals að vakta skýlin með myndavélum.

LÖGREGLUMÁL „Við skiptum um rúðu í einu skýlinu klukkan tíu um morgun og það var búið að brjóta hana aftur klukkan tólf,“ segir Einar Hermannsson, framkvæmdastjóri AFA JCDcaux á Íslandi, sem á og rekur stóran hluta strætóskýlanna í borginni. Á einni viku í byrjun nóvember voru fimmtíu rúður brotnar í nokkrum skýlum í Hlíðahverfi. Tjónið er metið vel á aðra milljón.

Ekki hefur tekist að hafa hendur í hári sökudólganna, en talið er að tveir tólf eða þrettán ára óknyttadrengrir, sem í eitt skiptið sáu hlaupa af vettvangi, eigi sök á flestum eða öllum skemmdunum. Einar segir AFA vera í góðu samstarfi við lögreglu vegna mála sem þessara. Hrinunni á dögum lauk þó ekki fyrr en starfsmenn AFA tóku nokkra krakka í hverfinu tali um alvarleika málsins.

Eitt skýlið var rúðulaust allt þar til fyrir nokkrum dögum þar sem ekki þótti á það hættandi að setja fyrr gler í það að nýju – svo oft hafði það verið brotið.

Að sögn Einars eru að jafnaði brotnar tíu til fimmtán rúður í skýlum í borginni á mánuði. Hver rúða kostar tuttugu þúsund krónur. Einar segir að starfsmenn AFA reyni að vakta skýlin sjálfir að einhverju leyti með því að aka um hverfin þar sem skemmdarverkin eru algengust hverju sinni.

Þó hafi komið upp hugmynd um að vakta völd skýli með öryggismyndavélum. Myndavélum yrði þá beint að skýlum sem algengt er að séu skemmd og varað við eftirlitinu með límliðum í skýlum.



LOKS LAG Nýtt gler var sett í skýli við Miklubraut í vikunni, en það hafði staðið glerlaust um hríð svo vel gustaði um gesti þess. Ekki þótti hættandi á að laga skýlið fyrr þar sem það var iðulega skemmt strax að lokinni lagfæringu.

FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR



EINAR HERMANNSSON

Slíkt myndi þá fyrst og fremst hafa forvarnargildi, að sögn Einars.

„Það eru hins vegar ekki rúðubrotin sem eru leiðinlegust,“ segir Einar. „Veggjakrotið er langerfiðast.“ Einar segir eitt og hálf stöðugildi hjá fyrirtækinu fara í það

DÖNSKU SKÝLIN

AFA JCDcaux á Íslandi á og rekur hin svokölluðu dönsku strætóskýli í borginni. Skýlin eru græn að lit og að stórum hluta úr gleri.

- Á höfuðborgarsvæðinu eru um 200 slík skýli.
- Í hverju skýli eru sjö rúður.
- Hver rúða kostar 20.000 krónur.
- Að jafnaði eru brotnar tíu til fimmtán rúður í mánuði.

STIGUR@FRETTLADID.IS

eitt að þrifa krot af strætóskýlum. Kostnaður við það sé um fjögur hundruð þúsund krónur í hverjum mánuði. AFA er skuldbundið samkvæmt samningi til að halda skýlum hreinum og í skikkjanlegu ástandi.

Strand Explorer-skipsins: Bónorð í björgunarbátnum

DANMÖRK Rómantíkin réð ríkjum hjá dönsku pari sem var meðal þeirra 154 farþega skemmtiferðaskipsins Explorer sem sökk á föstudag. Skipið rakst á ísjaka skammt frá Suðurskautslandinu, fylltist af sjó og lagðist á hliðina.

Pilturinn bar upp bónorðið í björgunarbátnum og sagði konan já. Á fréttavef Jyllandsposten segir að pilturinn hafi ætlað sér að bera upp bónorðið um kvöldið og því verið með trúlofunarhringana í vasanum þegar farþegunum var smalað í björgunarbátana.

Farþegar og áhöfn skipsins sluppu ómeið úr óhappinu og er fólkið komið á þurrt.

- þo



NEW YORK Framin hafa verið rúmlega 400 morð í borginni það sem af er ári.

Glæpum fækkar í New York:

Aldrei færri sem falla fyrir morðingjahendi

NEW YORK Það stefnir í að morðtíðni í New York verði með minnsta móti þetta ár en hinn 18. nóvember höfðu 428 morð verið framín borginni. Til samanburðar voru þau 511 á sama tíma í fyrra. Ef fram fer sem horfir stefnir í lægstu morðtíðni í fjóra áratugi en hæsta tíðnin til þessa var árið 1990 þegar 2.262 morð voru framín.

Samkvæmt heimildum The New York Times voru einungis 35 morð, af þeim 212 sem hafa verið upplýst á þessu ári, framín af ókunnugum. Flest voru afleiðing átaka á milli glæpagengja eða ættingja.

- ve

LÖGREGLUFRETTIR

Hafnaði ofan í skurði

Enginn slasaðist þegar bíll fór út af Vesturlandsvegi skammt frá Kúludalsá í gærmorgun. Bíllinn hafnaði ofan í skurði og skemmdist töluvert. Mikil hálka var á veginum þegar slysið varð. Þá aðstoðuðu björgunarsveitarmenn fólk sem festi bíl sinn í snjó í Kaldadal.

Óku undir áhrifum fíkniefna

Þrjár öikumenn voru stöðvaðir í nágrenni Selfoss í fyrrinótt grunaðir um að hafa ekið undir áhrifum fíkniefna. Einn til viðbótar var tekinn grunaður um ölvunarakstur.

Norska friðargæsluliðið í Afganistan sagt hafa brotið Genfarsáttmálann:

Læknar látnir manna vélbyssur

NOREGUR, AP Talsmenn hjálpar-samtaka hafa gagnrýnt norska herinn fyrir að útbúa lækna og annað heilbrigðisstarfsfólk, sem fer til friðargæslustarfa í Afganistan, með þungum hervopnum á borð við vélbyssur.

Samkvæmt Genfarsáttmálanum er heilbrigðisstarfsfólk, sem starfar undir merki Rauða krossins, ekki áliðið vera þátttakendur í átökum og má aðeins bera létt vopn til sjálfsvarnar, svo sem skammtbyssu.

Norski herinn hefur staðfest að þar til fyrir skemmstu hefði læknum og sjúkraliðum sem störfuðu með norska friðargæsluliðinu stundum verið falið að manna þungar vélbyssur er þeir voru fluttir á milli staða í brynvögnum. John Inge Ögländ, talsmaður norska liðsaflans í Afganistan, sagði að starfsreglur friðargæslu-



NORSKAN FRÍÐARGÆSLAN Norski herinn hefur staðfest að þar til fyrir skemmstu hafi læknum og sjúkraliðum verið falið að manna þungar vélbyssur.

liðsins hefðu nú verið hertar og þessi háttur alveg bannaður.

„Enginn sem ber árásarvopn má bera Rauða kross-band um arm-

inn,“ sagði Trygve Nordby, framkvæmdastjóri Rauða kross Nor-egs. „Þetta er mjög alvarlegt brot á Genfarsáttmálanum.“


- aa

ÓMISSANDI OG AÐGENGILEG!

Aðgengileg uppfléttibók með skýringum á því hvernig þú getur túlkað visbendingar um fortíð þína, nútíð og framtíð í því sem fyrir ber í vöku og draumi.

Veröld

Eftir Símon Jón Jónsson höfund Stóru draumaráðninga-bókarinnar!



Nú kemstu örugglega nær



BLESSNA/SALLES/TOY 29948 1107

Aukabúnaður að verðmæti
103.262 kr.
Bakskynjari og vetrardekk fylgja.

Corolla - með bakskynjara og vetrardekkjum

Nýja Corollan er stærri en þú átt að venjast - í öllum skilningi. Þetta skilar sér í stórskemmtilegri hönnun og aksturseiginleikum. Innanrýmið er að sama skapi meira og þar hefur verið notað við hvert smáatriði til að tryggja öryggi og þægindi þitt og þinna.

Verð frá **1.899.000 kr.**



TODAY TOMORROW TOYOTA

Toyota Kópavogi
Nýbýlavegi 4
Kópavogur
Sími: 570-5070

Toyota Akureyri
Baldursnesi 1
Akureyri
Sími: 460-4300

Toyota Reykjanesbæ
Njarðarbraut 19
Reykjanesbær
Sími: 420-6600

Toyota Selfossi
Fossnesi 14
Selfoss
Sími: 480-8000

Toyota Austurlandi
Miðási 2
Egilsstaðir
Sími: 470-5070

GJALDMIÐLAR	KAUP SALA
Bandaríkjadalur	62,58 62,88
Sterlingspund	128,83 129,45
Evra	92,60 93,12
Dönsk króna	12,418 12,490
Norsk króna	11,511 11,579
Sænsk króna	9,926 9,984
Japanskt jen	0,5786 0,5820

SDR	99,76	100,36
GENGISVÍSITALA KRÓNUNNAR		
122,4064		
HEIMILD: Seðlabanki Íslands		

Gríðarleg fjölgun erlendra ríkisborgara á vinnumarkaði undanfarin ár:

Viljum ekki útlendingagettó

ATVINNUMÁL „Við þurfum auðvitað að mæta þessu fólki með virðingu og bjóða því upp á sómasamlegar aðstæður,“ segir Gylfi Dalmann Aðalsteinsson, lektor við Háskóla Íslands.

Lárus Blöndal, deildarstjóri atvinnu- og félagsmáladeildar Hagstofunnar, benti á það í erindi í Háskóla Íslands á föstudag að útlendingum á vinnumarkaði hér á landi hefði fjölgað gríðarlega, ekki síst undanfarin þrjú ár. Langflestir þeirra kæmu frá Póllandi.

Gylfi Dalmann segir að húsnæðisvandinn sé einn flötur á þessu máli. Stórir hópar komi hingað til lands til að vinna tiltekin verkefni, og séu settir niður í starfsmannabúðum. „Það skapar ákveðna einangrun og ef til vill múra, í staðinn fyrir að við blöndum þessu meira saman.“

ÚTLENDINGAR Á ÍSLENSKUM VINNUMARKAÐI

Útlendingar eru nú um 8 prósent vinnandi fólks hér á landi. Í þessum tölum sést hversu hátt hlutfall útlendinga innbyrðis starfar við hinar ýmsu atvinnugreinar. Til samanburðar er hlutfall innfæddra innbyrðis í sömu greinum. Þau prósent sem standa út af starfa við annað.

	Útlendir	Innlendir
Fiskvinnsla	13,5%	3,3%
Mannvirkjagerð	21%	7,8%
Hótel og veitingahús	7%	3,5%
Verslun	6,8%	14,1%
Heilbrigðis- og félagsþjónusta	10,7%	15,4%

Yfir fjórtán þúsund erlendir ríkisborgarar voru á íslenskum vinnumarkaði í fyrra.



VIÐ FÆRIBANDIÐ Hlutfallslega starfa mun fleiri útlendingar við fiskvinnslu en innfæddir.

Lárus telur að margir þeirra séu komnir til að vera, enda virðist Íslendingar um margt vera orðnir háðir erlendu vinnuafli. „Til dæmis fiskvinnslan, Þarna er komin grein þar sem mikil verkþekking og reynsla hefur orðið til hjá útlendingum.“



SÓMASTAÐIR Húsið var byggt árið 1875. MYND/HELGI GARÐARSSON

Alcoa styrkir Þjóðminjasafnið:

Sómastaðir endurbyggðir

FORNMINJAR Alcoa Fjarðaál afhendir í dag Þjóðminjasafni Íslands styrk úr samfélagssjóði Alcoa til endurbyggingar Sómastaða við Reyðarfjörð.

Sómastaðahúsið er merkilegt hús enda eina portbyggða steinhúsið sem varðveist hefur á Íslandi. Útvegsbóndinn Hans Jakob Beck byggði húsið árið 1875. Það er hlaðið úr grjóti úr nágrönninu og bundið með jökulleir.

Húsið stendur steinsnar frá álveri Alcoa og stendur til að færa það í upprunalegt horf. Styrkur Alcoa nemur um sextán milljónum króna.

LÖGREGLUFRÉTTIR

Fjórir teknir fyrir lyfjaakstur

Lögreglan á höfuðborgarsvæðinu stöðvaði tíu ökumenn aðfaranótt laugardags sem grunaðir eru um ölvun við akstur. Fjórir til viðbótar eru grunaðir um að aka undir áhrifum fikniefna. Þá voru tólf manns handteknir í miðborginni fyrir brot á lögreglusamþykkt.

ÁRÉTTING

Í frétt um söfnun sem aðstandendur standa að fyrir konuna sem missti íbúð sína í bruna í Fannarfélli 6 láðist að birta kennitölu reikningseiganda svo hægt væri að leggja inn á reikninginn í Landsbankanum. Kennitalan er 270357-2029 og reikningsnúmerið er 0135-05-071022.

Vitleysa að ég hafi gjörtnúist í málinu

Júlíus Vífill segir að iðnaðarráðherra ætti að blogga minna og fylgjast betur með. Sjálfstæðismenn hafi aldrei sagt að REI ætti ekki að vera í áhættusamri útrás. Björn Ingi segir að málið kunnist að snúast um hverjir eigi Geysi Green.

ORKA „Það er svoleiðis algjör vitleysa að ég hafi gjörtnúist í þessu máli. Össur ætti að skrifa minna og fylgjast betur með. Þá vissi hann að ég hef fyrir löngu sagt þetta og að þetta er í samræmi við það sem allir sjálfstæðismenn hafa sagt,“ segir Júlíus Vífill Ingvarsson borgarfulltrúi.

Á heimasíðu sinni kveður iðnaðarráðherra sjálfstæðismenn hafa gjörtnúist í afstöðu sinni til REI. Hann leggur út af ummælum Júlíusar, sem sagði í fréttum á föstudag að hann væri opin fyrir því að REI gengi til samstarfs við önnur félög og að REI gæti átt eignaraldild að öðrum félögum í svipuðum verkefnum.

„Við höfum aldrei sagt að REI ætti ekki að vera í áhættusamri útrás. Til þess var það stofnað,“ segir Júlíus.

„Það sem við gagnrýndum á sínum tíma var meðal annars að jafnræðisreglunni væri ekki fylgt og að öðrum fyrirtækjum en Geysi hefði ekki verið gefinn kostur á samstarfi. Þarna var verið að velja út eitt félag.“

Blogg Össurar og Björns Inga Hrafnssonar, sem einnig vakti athygli á ummælum Júlíusar, sýni öðru fremur hversu mikil sundrun sé innan meirihluta borgarstjórnar um REI. Össur og Björn Ingi reyni að draga athyglina frá því.

Á sinni heimasíðu veltir Björn Ingi því upp að ef til vill hafi sexmenningarnir „ekki kunnað að meta eigendur Geysis Green Energy og þess vegna verið á móti samrunanum“.

Júlíus segir ummælin ómakleg.



ORKUVEITAN Er nú óðum að verða eitt umdeildasta fyrirtæki landsins. Iðnaðarráðherra heldur því fram að sjálfstæðismenn hafi skaðað hagsmunum þess svo tugmilljörðum skipti.



ÖSSUR SKARPHÉÐINSSON



BJÖRN INGI HRAFNSSON



JÚLÍUS VÍFILL INGVARSSON

„Afstaða okkar til REI hafði alls ekki neitt að gera með hverjir áttu Geysir Green Energy. Slíkar ásakningar eru fyrir neðan belti og lýsa frekar þeim sem skrifar. Það er Framsóknarstíll á því.“

Iðnaðarráðherra kveður „valdarán sexmenninganna“ hafa valdið Orkuveitu og REI tugmilljarða skaða.

„Það er algjörlega úr lausu lofti gripið að við höfum valdið einhverju tapi. Hagnað af áhættufjárfestingum geta menn ekki reiknað sér fyrir fram. Við skulum ekki gleyma því að það var Svandís Svavarsdóttir sem stefndi borginni til að fá samrunanum hnekk.“

klemens@frettabladid.is



FLUTNINGAR Þyrlan TF-GNÁ er nú í tímabundnu húsnæði á Keflavíkurflugvelli. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Floti Landhelgisgæslunnar:

Sýn og Gná á Keflavíkurvöll

ALMANNAVARNIR Landhelgisgæslan hefur flutt Fokker flugvél sína TF-SYN og þyrluna TF-GNA til Keflavíkurflugvallar.

Að því er fram kemur á vef Víkurfréttanna kann flutningurinn að marka fyrstu skrefin í flutningi flugdeildar Landhelgisgæslunnar frá Reykjavíkurflugvelli til Keflavíkurflugvallar. Georg Kr. Lárusson, forstjóri Landhelgisgæslunnar, sagði í samtali við Víkurfréttir fyrir á árinu að það væri vænlegur kostur að flytja alla starfsemi Landhelgisgæslunnar á Suðurnesin.

Á vef Landhelgisgæslunnar segir að húsnæði á Keflavíkurflugvelli sé tímabundið en þrengt hafi að flugflota gæslunnar í flugskýlinu á Reykjavíkurflugvelli.

LÖGREGLUFRÉTTIR

Leyfislaus skytta gómuð

Rjúpnaskytta þurfti að afhenda lögreglunni í Borgarnesi byssuna sína og nýveiddan jólamatinn þegar upp komst að hún hafði ekki veiðileyfi. Skyttan var á ferð í uppsveitum Borgarfjarðar og hafði veitt fjórar rjúpur þegar lögregla kom á vettvang.

Eldur kviknaði í ruslatunnu

Eldur kom upp í húsnæði Bústólpa á Akureyri á föstudag. Slökkviliðinu gekk greiðlega að slökkva eldinn sem kviknaði í ruslafötu í starfsmannarými. Tjónið er ekki mikið en reykraesta þurfti húsið.

Reykjavík **871** ±2 Landnámsýningin The Settlement Exhibition

Lífið á landnámsöld

Aðalstræti 16 Sýningin er opin Minjasafn Reykjavíkur
101 Reykjavík alla daga frá 10–17
www.reykjavik871.is

VEDURSPÁ

um hádegis

um hádegis

Kaupmannahöfn	7°C rigning	London	10°C skúrir	Eindhoven	9°C léttskýjað
Billund	7°C skúrir	Paris	10°C skúrir	Basel	7°C léttskýjað
Osló	2°C slydda	Frankfurt	7°C rigning	Alicante	15°C skúrir
Stokkhólmur	5°C rigning	Friedrichshafen	4°C rigning	Róm	17°C skúrir
Gautaborg	6°C rigning	Berlín	6°C rigning	Las Palmas	22°C léttskýjað


á morgun

Þriðjudagur

á morgun

Suðvestanátt 5-8 m/s

* Vindhraði er í metrum á sekúndu.



„Ný
drottning
glæpa-
sögunnar“

„Ný drottning glæpasögunnar.“
EMARTIÓ ALLAS, SVÍJÓD

DYNAMO REYKJAVÍK

NÝ BÓK EFTIR YRSU!



Líkamsleifar finnast við uppgröft húss sem fór undir ösku í eldgosinu í Eyjum. Grunsamlegt andlát konu í Reykjavík sumarið 2007. Og Þóra Guðmundsdóttir lögmaður glímir við spurninguna: Hvernig tengjast þessi voðaverk? **Mögnuð glæpasaga** eftir **Yrsu Sigurðardóttur** en bækur hennar koma nú út á meira en 30 tungumálum í yfir 100 löndum.


Veröld

KJÖRKASSINN



Á að endurskoða innheimtu vangoldinna fasteignagjalda?

Já	73,8%
Nei	26,2%

SPURNING DAGSINS Í DAG:

Keyptir þú eitthvað á „kaupthekkerdegnum“ í gær?

Segðu skoðun þína á visir.is



Skákmeistari handtekinn fyrir að fara fyrir mótmælum gegn Vladimír Pútín:

Kasparov ákærður fyrir móttþróa

RÚSSLAND Garrí Kasparov, fyrrverandi heimsmeistari í skák og einn af leiðtogum rússnesku stjórnarandstöðunnar, var í gær handtekinn í miðborg Moskvu eftir að lögregla leysti upp mótmælafund sem skipulagður var af samtökunum Annað Rússland.

Samtökin stóðu fyrir fjölda-samkomu og kröfðust þess að þjóðin losaði sig við Vladimír Pútín forseta. Í ræðum mótmælenda voru komandi þingkosningar, sem fara fram um næstu helgi, harðlega gagnrýndar og því haldið fram að kjósendur hefðu ekkert val.

Skipuleggjendur höfðu fengið



HANDTEKINN Kasparov leiddi mótmælin. Hér sést óeirðarlögreglumaður reyna að halda honum í skefjum. FRÉTTABLAÐIÐ / AP

leyfi borgaryfirvalda til að halda mótmælafundinn en máttu ekki

ganga yfir torgið að skrifstofum yfirkjörstjórnar. Þegar hluti mótmælenda, sem í heildina voru um 3.000, gerði sig líklegan til þess skarst lögregla í leikinn og voru tugir mótmælenda handteknir. Þar á meðal voru Kasparov og Eduard Limonov, formaður Bolsévikaflokksins og náinn samstarfsmaður skákmeistarans.

Á föstudag gerði lögreglan húsleit á flokksskrifstofu Kasparovs en hafði engin gögn með sér og gaf engar skýringar á leitinni, að sögn Ludmilu Maminu, talsmanns Kasparovs.

- ve

Ítali eignast kaupþún í Texas:

Keypti drauga-bæ á eBay

TEXAS Ítalskur maður hefur keypt bæinn Albert í Texas á uppboðs-síðunni eBay og mun kaupverðið hafa verið um 190 milljónir íslenskra króna. Bærinn er í um 100 km fjarlægð frá San Antonio og þar eru einungis skólahús, dansstaður og bar.

Bobby Cave, núverandi eigandi bæjarins og eini íbúi hans, er að kanna áreiðanleika kaupandans en í samtali við AP-fréttastofuna segir hann að fleiri tilboð hafi borist. Cave, sem er 47 ára gamall, keypti bæinn fyrir tæplega fjórum árum en segist nú vilja snúa sér að öðrum verkefnum.

- ve



SKRIFAÐ UNDIR Samningurinn var undirritaður í Nýju-Delí á föstudag.

MYND/FJÁRMÁLARÁÐUNEYTIÐ

Samningur við Indland:

Kemur í veg fyrir tvísköttun

VIÐSKIPTI Íslendingar og Indverjar hafa undirritað samning til þess að koma í veg fyrir tvísköttun.

Samningurinn nær til tekjuskatta og samið er um tíu prósentu afdráttarskatt af arði, vöxtum og þóknunum.

Árni M. Mathiesen fjármálaráðherra skrifaði undir samninginn í Nýju-Delí á föstudag fyrir hönd Íslendinga en fjármálaráðherrann P. Chidambaram fyrir hönd Indlands.

- þó

LANDHELGISGÆSLAN

Jón á Hofi tekinn í tog

Dragnótarbáturinn Jón á Hofi ÁR-62 varð vélarvana í gærmorgun um 25 sjómílu norðvestur af Garðskaga. Varðskip Landhelgisgæslunnar dró bátinn til hafnar í Reykjavík. Engan sakaði í ellefu manna áhöfn.

Arftaki torrent.is settur á laggir:

Nýr íslenskur niðurhalsvefur

TÆKNI Ný íslensk vefsíða helguð niðurhali á tónlist og myndefni, mörgu hverju vorðu höfundarétti, hefur verið opnuð á slóðinni dci.is. Ekki er vika síðan vefsíðunni torrent.is var lokað að kröfu Sýslumannsins í Hafnarfirði. Þegar hafa um tíu þúsund manns fengið aðgang að nýju vefsíðunni.

Sýslumaðurinn í Hafnarfirði lagði á þriðjudag lögbann á starfsemi vefsíðunnar torrent.is, sem var af sama meði. Á dci.is hvetja umsjónarmenn síðunnar notendur til að styðja við bakið á Svavari Lútherssyni, sem hélt utan um torrent.is, með fjárveitingum.

- sh

Hálka á Laugarvatnsvegi:

Bílarnir ónýtir en fólkið ómeitt

SLYS Mildri þykir að enginn slasaðist þegar jeppi og fólksbíll skulu saman á Laugarvatnsvegi síðdegis í gær. Bílarnir eru hins vegar mikið skemmdir ef ekki ónýtir.

Mikil hálka hefur verið á Laugarvatnsvegi undanfarið og á föstudagskvöld var þrennt flutt á slysadeild eftir óhapp á svipuðum slóðum.

- þó



MIKILL VIÐBÚNAÐUR Lögregla setti upp vegatálma á leiðum úr Grafarvogi og leitaði í öllum bílum. Sökudólgarnir fundust þó ekki.

FRÉTTABLAÐIÐ / PIJETUR

Dominos-ræningjar virðast hafa þekkt til

Nokkrir grímuklæddir piltar reyndu að ræna Dominos í Spönginni vopnaðir hnífum og byssu. Vaktstjóri hrakti ræningjana á brott. Þeir eru enn ófundnir.

LÖGREGLUMÁL Fimm til sex piltar sem reyndu að ræna Dominos-stað í Spönginni í fyrrakvöld vopnaðir hnífum og byssu eru enn ófundnir. Lögregla setti upp vegatálma á öllum helstu umferðargötum í grennd við staðinn eftir ránið. Það bar ekki árangur.

Lögreglunni barst tilkynning um ránstíraunina klukkan hálf-ellefu í fyrrakvöld. Nokkrir grímuklæddir menn höfðu ruðst bakdyramegin inn á pitsustaðinn, tveir vopnaðir hnífum og einn með byssu sem líklega var annaðhvort loftbyssu eða leikfangabyssa. Vaktstjórinn á staðnum varnaði því að þeir kæmu höndum yfir ránsfeng og sneru mennirnir þá við og hlupu út í myrkrið.

Lögregla hafði mjög mikinn viðbúnað í hverfinu eftir ránið.

Allir bílar á leið úr Grafarvoginum voru stöðvaðir og lítið inn í þá eftir mögulegum sökudólgum, sem eru taldir vera á unglingsaldri. Þeir hafa hins vegar ekki enn fundist.

Varðstjóri lögreglu segir að sjálfsgagt hafi ræningjarnir þekkt eitthvað til á staðnum, fyrst þeir réðust inn bakdyramegin.

Hrafn Stefánsson, rekstrarstjóri Dominos, segir að starfsfólkinu hafi verið brugðið, þó mismikið. „Sumir héldu að þetta væri bara grín – þeir áttu svo lítið von á þessu,“ segir hann. „En við buðum öllum starfsmönnum áfallahjálpi og nokkrir hafa þegar þegið hana.“

Hrafn segir að starfsmönnum Dominos sé uppálagt að ganga að kröfum ræningja komi upp aðstæður sem þessar. „En þetta hafa greinilega verið viðbrögðin



LEITAD Í LEIGUBÍL Lögregla lýsti meðal annars inn í leigubíla í leit sinni að ræningjunum.

FRÉTTABLAÐIÐ / PIJETUR

hjá þessum starfsmanni, að rétt væri að reka ræningjana bara úr.“

„Annars er tilgangslaust að ræna okkur ef menn eru á höttunum eftir peningum,“ segir Hrafn. „Niútiú prósent viðskiptanna eru með kortum og þeir peningar sem koma í kassann eru fjarlægðir jafnóðum, þannig að það er aldrei mikið upp úr þessu að hafa.“

stigur@frettabladid.is

Kvenfélagasamband Íslands gaf kvennadeildinni nýjan fósturríta:

Gjöf sem kemur í góðar þarfir

HEILBRIGÐISMÁL Kvenfélagasamband Íslands afhenti meðgöngudeild Landspítalans fóstursríta í gær. Hann er notaður til að fylgjast með líðan barna á meðgöngu allt frá 28. viku og mælir bæði hjartslátt barna og samdrætti í legi. Margrét I. Hallgrímsson, sviðstjóri Kvennasviðs Landspítala, og Birna Gerður Jónsdóttir, deildarstjóri meðgöngudeildar, veittu ritanum viðtöku. Birna segir að ekki hafi veitt af nýjum rita enda komi um 4.000 konur til eftirlits á ári fyrir utan þær konur sem séu inniliggjandi. Um nýja og endurbætta útgáfu er að ræða og segir Birna tækið mjög nett og þægilegt í notkun.

Á meðgöngudeildina koma konur vegna ýmissa vandamála sem tengjast meðgöngu. Félög innan Kvenfélagasambands



TÆKIÐ SÝNT Nýi fósturrítinn þykir nettur og þægilegur í notkun.

FRÉTTABLAÐIÐ / VÖLUNDUR

Íslands um land allt hafa lagt fé til kaupanna en sambandinu tilheyrja

um 200 kvenfélög með 9.000 félaga.

- ve

ISIG kubbakerti
20 cm sporöskjulaga
395,-

ISIG kertadiskur Ø27 cm
smíðajárn
395,-

Bjartara skammdegi

© Inter IKEA Systems B.V. 2007

Opið 10-20 virka daga | Laugardaga 10-18 | Sunnudaga 12-18



**Lokadagur
Megaviku!**

**Megavika Domino's
19.-25. nóvember
allar pizzur á 1.150 kr.***

*Ef þú sækir



58-12345
dominos.is

**Allt 2 lítra gos
á 195 kr.**
1,5 lítra Toppur á 100 kr.





1. Hvað heitir „líkfundar-
maðurinn“ sem situr í gæslu-
varðhaldi?

2. Hvað heitir skipið sem sókk
skammt frá Suðurskautinu í
fyriradag?

3. Í hvaða bæjarfélagi er að
finna talandi brúnkuklefa?

SVÖR Á Síðu 38

Farþegar skemmtiferðaskipa á Íslandi:

Ánægðir með Íslandsdvölinna

FERÐAMÁL Ferðamenn sem hingað koma eru mjög jákvæðir í garð Íslands og dvalarinnar hér. Þetta er niðurstaða könnunar sem Anna Karlsdóttir, lektor í ferðamálafræðum við Háskóla Íslands, hefur gert og Sunna Þórðardóttir, verkefnastjóri markaðs- og ferðamála á Höfuðborgarstofu, kynntu við veitingu Njarðarskjaldarins í Iðnó í vikunni.

Samkvæmt niðurstöðum könnunarinnar eyðir hver þeirra tæpum sex þúsund krónum á dag. Í sumar komu rúmlega 53 þúsund farþegar hingað og má því gera ráð fyrir að þeir hafi eytt tæpum 320 milljónum sé



SUNNA ÞÓRÐARDÓTTIR
Segir ferðalög á skemmtiferðaskipum í hvað örustum vexti innan ferðapjónustu í heiminum.

miðað við að þeir hafi staldrað við í einn dag.

Að sögn Sunnu gáfu um 37 prósent farþega áfangastaðnum Íslandi bestu einkunn og um 32 prósent þá næstbestu.

Einnig kom fram að farþeg-

arnir hrífast mest af náttúrunni og sögðu þeir þjónustustigið hátt en maturinn fær síðri einkunn.

„Það er eftir miklu að slægjast hjá fólki í verslun og þjónustu þegar kemur að þessum hópi,“ segir Sunna, „því ferðir með skemmtiferðaskipum er sú grein ferðapjónustu sem er í hvað örustum vexti ef miðað er við farþega-fjölda á heimsvísu. Sem dæmi má nefna að slíkir farþegar voru átta og hálf milljón fyrir tíu árum en voru orðnir 13,4 milljónir árið 2005.“

Könnunin var gerð sumrin 2004 til 2006 og tóku 2.283 farþegar af 32 skipum þátt í henni.

-jse

Guðmundur í Byrginu:

Kærir þjófnað til lögreglunnar

LÖGREGLUMÁL Guðmundur Jónsson, sem oftast er kenndur við Byrgið, hefur kært þjófnað á munum úr Byrginu. Verðmæti munanna er metið á um tvær milljónir króna. Frá þessu er greint á fréttavef Vísis.

Samkvæmt heimildum Vísis kom karlmaður að Efri-Brú, þar sem Byrgið var til húsa, og fékk þar afhenta muni úr læstri geymslu. Lögregla lýsti eftir manningum, sem fannst skömmu síðar á Sauðárkróki með þýfið.

Þar sem bókhald Byrgisins var í molum kann að reynast erfitt að sanna hver réttmætur eigandi munanna er.

-þo

HEILDSÖLU LAGERSALA -aðeins í 3 daga!

Við rýmum til á lagernum fyrir nýjum vörum og seljum því eldri lager og sýnishorn á ótrúlegu verði. Mikið úval af: skiðafatnaði, útivistarfatnaði, Soft Shell peysum, golfatnaði, barnagöllum, barnaúlpum og mörgu fl.

50-80% afsláttur

Verðdæmi:	verð áður	verð nú
3. laga jakkar:	29.900,-	11.900,-
Skiðabuxur:	15.900,-	8.900,-
Soft Shell peysur	13.900,-	6.900,-
Barnaúlpur	7.900,-	2.900,-
Skiðaúlpur	18.900,-	7.900,-
Golfjakkar	16.900,-	7.900,-

Opnunartími:		
Föstudagur	23. nóvember	kl. 14-20
Laugardagur	24. nóvember	kl. 10-18
Sunnudagur	25. nóvember	kl. 11-18

**FYRSTUR
KEMUR
FYRSTUR
FÆR**

Lagersala ZO-ON - Nýbýlavegi 18 - Kópavogi

ZO-ON
ICELAND



FAGNAR SIGRI Kevin Rudd, formaður Jafnaðarmannaflokksins, fagnar sigri í þingkosningum í Ástralíu. Honum til vinstri handar er eiginkona hans, Therese Rein, og sonur hans, Marcus. Rudd var ásamt fjölskyldu í heimaborg sinni, Brisbane, þegar úrslit kosninganna lágu fyrir.

NORDICPHOTOS/AFP

Ellefu ára valdatíð Johns Howard í Ástralíu lokið:

Jafnaðarmenn fóru með sigur af hólmi

ÁSTRALÍA Kevin Rudd, leiðtogi ástralska Verkamannaflokksins, lýsti í gær yfir sigri stjórnarandstöðunnar í þingkosningum sem fram fóru í fyrrinótt að íslenskum tíma. Þegar sjötíu prósent atkvæða höfðu verið talin var Verkamannaflokkurinn kominn langleiðina með að tryggja sér 76 sæti sem þarf til að mynda ríkisstjórn.

John Howard, fráfarandi forsætisráðherra og leiðtogi Frjálslynda flokksins, óskaði Rudd til hamingju með afgerandi sigur. Howard hefur gegnt embætti forsætisráðherra síðustu ellefu árin.

Ósigur Howards þykir sérstak-

lega mikill í ljósi þess að útlit er fyrir að hann tapi einnig sæti sínu á þingi en það yrði í annað skipti í sögu landsins sem sitjandi forsætisráðherra dettur út af þingi í kosningum.

Kevin Rudd hefur einungis setið á þingi í níu ár sem er skammur tími á ástralskan mælikvarða. Hann virtist fara ögn hjá sér við fagnaðarlætin sem brutust út í heimaborg hans, Brisbane, þegar hann lýsti sigrinum yfir. Hann hefur heitið því að undirrita Kyoto-sáttmálann og að kalla ástralska hermenn heim frá Írak en Howard hefur verið andvígur hvoru tveggja.

-ve

Nú er tækifærið!



Athafnalán til kvenna

SPRON, í samstarfi við Þróunarbanka Evrópu **CEB** og Norræna fjárfestingarbankann **NIB**, býður konum með mótaða og samkeppnishæfa viðskiptaáætlun, hagstætt athafnalán* til að hrinda hugmyndum sínum í framkvæmd.

Fáðu aðstoð hjá viðskiptastjórum **SPRON** og draumurinn gæti orðið að veruleika!

*Háð útlánareglum **SPRON**



75 ára



Nánari upplýsingar fást í næsta útibúi **SPRON**, í þjónustuveri í síma 550 1400 eða á spron.is


Ferðafélag Íslands 80 ára

Ferðafélag Íslands verður 80 ára
27. nóvember nk.

Í tilefni af dagsins býður **FÍ** til afmælisveislu í sal félagsins Mörkinni 6 á milli kl. 18.00 - 20.00 þriðjudaginn 27. nóvember. Boðið verður kaffi og meðlæti í opnu húsi og tilvalið er að kíkja við og heilsa upp á góða félagi á þessum afmælisdegi félagsins.

Ferðafélag Íslands
www.fi.is • s.568-2533,





SKUGGI
FORLAG

„YNDIS
LESTUR
Í ORÐSINS
FYLLSTU
MERKINGU“

–Vigdís Grímsdóttir

„Mjög skemmtileg bók ...
Mæli eindregið með henni ...
Heillandi og hugljúf og
stormandi vel stíluð.“

–Sigmundur Ernir Rúnarsson,
Mannamál/Stöð 2.



„MEISTARALEG
BÓK HRAFNS“

„Bók Hrafns er einhver best
skrifaða bók sem ég hef lesið.
Stíllinn er hreinn og tær
einsog lífið á Ströndum, og
rennur áreynslulaust einsog
bunulækirnir úr
Finnbogastaðafjallinu. Ég naut
þess að lesa bókina einsog
þegar maður drekkur vatn á
fjöllum. Hrafn dregur upp
frábærar mannlýsingar, og
kryddar bókina með
einstaklega skemmtilegu
sögulegu ívafi, þar sem
rifjaðar eru upp brennur og
galdrar, ísbirnir og
niðursetningar. Frásagnir af
mannlífi norður á hjaranum
eru rofnar með leiftrandi
frásögum af leiðöngrum lífs
hans um undirheima og erlend
lönd.“

–Össur Skarphéðinsson, iðnaðarráðherra,
pistill á Eyjan.is

Hrafn
Jökulsson
ÞAR
SEM
VEGUR
INN
ENDAR

WWW.SKUGGI.IS

Hlutabréf lækka og fjárfestar tapa peningum.

Íslandsálagið

BJÖRGVIN GUÐMUNDSSON SKRIFAR

Það er erfitt fyrir almenning að átta sig á hvað yfirstandandi hræringar á fjármálamörkuðum þýða. Í raun er erfitt fyrir flesta að spá fyrir um afleiðingar óróleikans sem nú ríkir bæði í Bandaríkjunum og Evrópu. Eitt er víst. Eignir margra Íslendinga, innlendir og erlendir, hafa hríðfallið í verði undanfarnar vikur. Óróleikinn mun því kosta marga skildinginn. Og rekstrarumhverfi fjármálafyrirtækja hefur versnað. Dýrara er að fá peninga að láni en áður. Sú hækkun endurspeglar síðan í hærri vöxtum til viðskiptavina.

Flestir eru samt sammála um að þessi ólga muni ekki hafa alvarleg eða varanleg áhrif á íslenska fjármálakerfið í heild. Óvissan um hversu lengi hún muni vara er verst.

Mörg fjárfestingarfélög standa tæpt og þola ekki miklar lækkanir á hlutabréfamörkuðum í viðbót. Starfsmenn fjármálafyrirtækja hafa staðið í ströngu í vikunni við að kalla eftir auknum tryggingum fyrir skuldum fjárfesta. Sumir eru veðsettir upp í topp. Í þeim tilvikum þurfa þeir að leggja fram laust fé eða selja eignir og lækka skuldir. Líklegt er að á næstu dögum þurfi eigendur að styrkja frekar félög sem tapað hafa miklum peningum. Þróunin á mörkuðum ræður því svo hversu víðtækt og opinbert það verður.

Gengislækkun fyrirtækja sem eru skráð í Kauphöll Íslands helst í hendur við þróun á erlendum mörkuðum. Þetta hefur verið kallað lausafjárkreppa. Ástæðan er rakin til fasteignalána í Bandaríkjunum. Árið 2006 fór að bera á vanskilum, veð voru ófullnægjandi, lánslyfting hátt og fasteignaverð lækkaði víða. Erlend fjármálafyrirtæki hafa afskrifað milljarða og verðmæti þeirra rýrnað. Mörg íslensk fyrirtæki eru umsvifamikil í fjárfestingum um allan heim. Því er eðlilegt að gengi þeirra sveiflist í takt við verðmæti erlendra eigna. Annað væri óeðlilegt og merki um óheilbrigðan markað.

Við þessar aðstæður í heiminum er ástandið viðkvæmt. Neikvæðar fréttir hafa meiri áhrif en ella. Á þriðjudaginn sagði alþjóðlega matsfyrirtækið Standard & Poor's að horfur á láns-hæfismati íslenska ríkisins væru neikvæðar. Meiri hætta væri á harðari lendingu hagkerfisins eftir nokkurt þensluskeið. Í kjölfarið hefur áhættuálag íslenskra banka hækkað enn meira. Það er dýrara fyrir þá að fá að fjármagna starfsemi sína. Svo virðist sem íslensk fjármálafyrirtæki fari verr út úr þessum lausafjárskorti á alþjóðamörkuðum en aðrir norrænir bankar.

Þetta hefur verið kallað Íslandsálag. Richards Porters, prófessor í London Business School, sem vann ásamt fleirum skýrslu um stöðu íslenska fjármálakerfisins, sagði á fundi í London í vikunni að ekki væri hægt að réttlæta þetta álag miðað við stöðu íslenska hagkerfisins. Sagði hann að fjármálafyrirtæki hér væru vel í stakk búin til að mæta erfiðleikum á alþjóðlegum mörkuðum. Fyrirtækin hefðu brugðust vel við gagnrýni sem sett var fram á þau snemma árs 2006.

Íslensk fjármálafyrirtæki hafa alla burði til að komast þokkalega í gegnum þessa erfiðleika. Lögin, stofnanakerfið og rekstrarumhverfi eru traust. Mikil ábyrgð hvílir á herðum stjórnenda fjármálafyrirtækja og opinberra stofnana við þessar aðstæður. Þeir verða að axla þá ábyrgð til að tryggja fjármálastöðugleika í stað þess að grafa undan honum.

FRÉTTABLAÐIÐ

ÚTGÁFUFLAG: 365

RITSTJÓRAR: Jón Kaldal og Þorsteinn Pálsson **ADSTOÐARRITSTJÓRI:** Steinunn Stefánsdóttir **FRÉTTASTJÓRAR:** Arndís Þorgeirsdóttir, Björn Þór Sigbjörnsson, Kristján Hjálmarsson og Hóskuldur Daði Magnússon (dagurmál). **FULLTRÚRITSTJÓRA:** Páll Baldvín Baldvínsson. Fréttablaðið kemur út í 103.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu, Akureyri og þéttbýlissvæðum á suðvesturhorninu. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnaböndum án endurgjalds. BSN 1670-3971.

LAMBERT er lífstíll

ARMÓLA 10
108 Reykjavík
Sí: 568 9950

Verslun Fagurkerans
GEGNUM GLERID

FRÁ DEGI TIL DAGS

Skrúfum fyrir

Gunnar I. Birgisson, bæjarstjóri í Kópavogi, var kampakátur á föstudag þegar hann tók formlega vatnsveitu í notkun, þá fyrstu í landi Kópavogsbæjar. Fram að þessu hafði bæjarfélagið keypt vatn af Orkuveitu Reykjavíkur en selur nú Garðabæ vatn. Samningurinn við Garðabæ var gerður í maí á síðasta ári og var þá gert ráð fyrir að Garðabær myndi kaupa allt að tveimur milljónum tonna af vatni á ári frá og með fyrri hluta þessa árs. Í febrúar á þessu ári var ljóst að Orkuveitan og Skógræktarfélag Reykjavíkur voru ekki of kát framkvæmdirnar í Heiðmörk og þurfti Gunnar meðal annars í framhaldinu að kanna hvað

hefði orðið um einhverjar trjáplöntur. Þá voru samningar við Reykjavíkurborg um aðgang að vatnsbólunni nokkuð harkalegir á tíðum. Bæjarstjórinn var því að vonum kátur með að geta opnað vatnsveituna og sagði við það tækifæri að hann vildi eiginlega frekar vera niðri í Blesugróf að skrúfa fyrir vatnið hjá Reykjavík.

Betri í dönsku en ensku

Ingibjörg Sólrún Gísladóttir var kynnt til umræðu um Evrópumál á hádegisfundi Sagnfræðingafélags Íslands með glæsilegan feril, sem borgarstjóri, formaður stjórnmalaflokks og utanríkisráðgjafi, „sá fyrsti sem talar ensku“. Í pontu sagði Ingibjörg Sólrún: „Ég er miklu betri í dönsku“ – farist hafði fyrir

að nefna það – en sennilega er nokkuð fátítt nú til dags að Íslendingar tali betri dönsku en ensku þó að þannig hafi það kannski einu sinni verið nær algilt.

Áfram hjá REI?

Spurt er væntanlega hvað verður um starfsmenn REI ef félagið verður aftur í 100 prósentu eigu Orkuveitunnar. Starfsmenn eins og Guðmundur Sigurjónsson, Hafliði Helgason og Rúnar Hreinsson voru taldir svo mikilvægir að bjóða átti þeim kauprettarsamninga. Ef starf hjá hinu opinbera er ekki eins spennandi og útrásarstarf í samvinnu við einkaaðila hljóta önnur fyrirtæki að biða spennu eftir svo mikilsvirtum starfskröftum.

svanborg@frettabladid.is/
ghs@frettabladid.is

BITBEIN Svandís Svavarsdóttir spyr:

Er rétt að afnema launaleynd?



ILLUGI GUNNARSSON



SVANDÍS SVAVARSDÓTTIR

Frelsi til að segja frá

Þeir sem komið hafa að atvinnurekstri þekkja að eitt erfiðasta úrlausnarefnið er ákvörðun launa starfsmanna. Laun þurfa ekki einvörðungu að vera mannsæmandi, þau þurfa að vera hvetjandi fyrir starfsmenn og tengja hagsmuni fyrirtækis og starfsmannsins. Geta starfsmanna er misjöfn, áhugi þeirra og metnaður misjafn og því eðlilegt að vinnuveitandi vilji geta borgað mismunandi laun til starfsmanna sinna. Ekkert réttlæti er heldur fólgið í því að tveir starfsmenn með sömu menntun sem vinna sömu störf fái sömu laun ef annar þeirra er umtalsvert duglegri og starfsamari en hinn. Laun og samantæki á launum getur verið einkar viðkvæmt mál, sérstaklega á minni vinnustöðum. Launaleynd á að vera samningsatriði á milli vinnuveitenda og starfsmanns. Ef starfsmaður kys til dæmis að laun hans eða hennar séu ekki gerð opinber þá á að virða slíkar óskir. Launaleynd er hluti af samningsfrelsi manna og það þarf að færa mjög sterk rök fyrir því að banna mönnum að semja með slíkum hætti.

Kynbundið launamisrétti er óþolandi og það er þverpólitísk samstaða um að reyna að útrýma slíku misrétti.

Kynbundið launamisrétti óþolandi

En á það hefur verið bent að launaleynd kunni að valda konum erfiðleikum í baráttunni fyrir því að sömu laun séu greidd fyrir sömu vinnu hjá jafnhæfum einstaklingum. Það er hægt að rökræða þá fullyrðingu og finna til rök bæði með og á móti. En ég tel að þar sem enn hallar á konur á vinnumarkaði eigi að láta þá röksemd sem snýr að vandamálum vegna launaleyndar njóta vafans. Mjög margt bendir til þess að hér ríki enn misrétti á vinnumarkaði og að konur fái lægri laun en þær ættu að fá vegna þess að þær eru konur. Kynbundið launamisrétti er óþolandi og það er þverpólitísk samstaða um að reyna að útrýma slíku misrétti.

Ný lög

Fyrir Alþingi liggur nú frumvarp félagsmálaráðherra um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla. Í 19. grein frumvarpsins stendur eftirfarandi: „Starfsmönnum skal ávallt heimilt að skýra frá launakjörum sínum ef þeir kjósa svo“. Ég er sáttur við þessa nálgun frumvarpsins. Með ákvæðinu er komið í veg fyrir að atvinnurekandi geti einhliða meinað starfsmanni að greina frá launum sínum. Jafnframt er starfsmanni og atvinnurekanda leyfilegt að semja þannig að laun séu trúnaðarmál þeirra á milli.

Virkjum markaðinn

Ég hef áður rætt um að stefna eigi að því að nýta markaðslausnir sem mest til að flýta fyrir því að jafnrétti kynjanna náist á vinnumarkaði. Sú skoðun mín að koma hefði átt á fót einhvers konar jafnréttisvottun fyrir fyrirtæki er óbreytt. Með því að þau fyrirtæki sem geta sýnt fram á að konur og karlar fái greidd laun óháð kynferði fái sérstaka vottun, má ætla að staða slíkra fyrirtækja í harðri samkeppni um hæft starfsfólk batni. Helmingur þjóðarinnar er konur og þau fyrirtæki sem sýna að launamálin eru í lagi munu verða ofan á í samkeppni um hæfasta vinnuaflið.

Frelsi til að segja frá

Nú eru íslenskir frjálshyggjumenn komnir í þá einkennilegu stöðu að vera orðnir helstu andstæðingar þess að fólk hafi frelsi til að segja frá launum sínum. Í flokknum mínum, Vinstri grænum, hafa konur og karlar lengi barist fyrir afnámi launaleyndar og með frumvarpi sem nú bíður samþykktar í þinginu gæti sú baráttu verið á enda. Okkur finnst það ekki bara vera réttlætmál, heldur er það líka stórt skref í jafnréttisbaráttunni.

Það hlýtur að vera hluti af málfrelsi fólks að mega segja frá því hvað það er með í laun.

Ójafn leikur

Þeir sem eru á öðru máli segja að ef fólk vilji semja við atvinnurekanda um að það megi ekki segja frá launum sínum, þá sé engin ástæða fyrir stjórnmalamenn að skipta sér af því. Rök af þessu tagi eru kannski sannfærandi fyrir þá sem hafa aldrei unnið fyrir sér sem venjulegir launþegar. Þeir sem einhvern tímann hafa þurft að sækja um vinnu hjá meðalstóru fyrirtæki vita hins vegar að samningaviðræður við atvinnurekendur eru alltaf ójafn leikur. Það lýsir sér kannski best í því að það er fólk sem sækir um að fá vinnu hjá fyrirtækjum, en ekki öfugt. Ef kona sem sækir um vinnu í frystihúsi færi skyndilega að krefjast þess að geta rætt launakjör sín við annað starfsfólk yrði henni vafalaust hent öfugri út. Ef hún býr úti á landi er ekki víst að henni bjóðist aðra vinnu, og hverjar eru líkurnar á því að kröfugerð hennar gengi betur hjá öðru fyrirtæki hvort sem er?

Málfrelsi ekki til sölu

Þess utan er það verulegt umhugsunarefni hvort við kjósum að lifa í samfélagi þar sem hægt er að semja um það að láta af hendi grundvallarmannréttindi eins og málfrelsið með þessum hætti. Svo tekið sé ýkt dæmi, þá mætti spyrja hvort við myndum sætta okkur við að hægt væri að selja réttinn til að tjá sig opinberlega. En er launaleyndin ekki einmitt frelsisskerðing af þessu tagi? Það hlýtur að vera hluti af málfrelsi fólks að mega segja frá því hvað það er með í laun. Og í mínum huga er málfrelsið ekki til sölu.

Forsendur jafnréttis

Við vitum líka til hvers launaleyndinni er komið á. Það er til þess að þeir sem hógværir eru og jafnvel feimnir komist ekki á snodir um að sessunauturinn á kaffistofunni fái hærri laun fyrir nákvæmlega sömu vinnu. Við vitum líka að þetta eru oftan en ekki konur, sem vita ekki að karlarnir fá hærri laun fyrir sömu vinnu, og hafa þess vegna engar forsendur til að krefjast þess jafnréttis sem þær eiga skilið.

Athugasemd ritstjórnar: Illugi og Svandís semja fyrirsgagnir á greinar sínar sjálf. Tilviljun réð því að þær eru þær sömu í dag.



Fallegar jólagjafir



Feim-Lene Bjerre

Bæjarlind 6 • www.feim.is

Opið virka daga 10-18 og laugardaga 11-16

CHRISTINA APPLGATE
LEIKKONA ER 36 ÁRA.

„Það er algjört grín að körlum og konum geti samið vel. Við höfum gjörsamlega ólíka heila svo þessu er ekkert saman að líkja.“

Ameríska leikkonan
Christina skildi við eiginmann sinn til sex ára fyrr á þessu ári.



ÞETTA GERÐIST: 25. NÓVEMBER 1867

Nobel fær einkaleyfi fyrir dínamít

Sviinn Alfred Nobel var allt í senn efnafraeðingur, verkfraeðingur, uppfinningamaður og vopnaframleiðandi og fékk einkaleyfi fyrir sprengiefnið dínamít á þessum degi fyrir 140 árum.

Það sem Nobel uppgötvaði var ný leið sem gerði sprengiefnið sem hann hafði fundið upp hættuminna og hentugra í meðferð og kallaði það dínamít. Hann kynnti það til sögunnar í fyrsta sinn árið 1867 í Surrey í Englandi. Alfred Nobel var verulega auðugur maður og í síðustu útgáfunni af erfðaskrá hans voru ákvæði um að stór hluti auð-



æva hans færu í stofnun sérstakra verðlauna.

Frá árinu 1901 hafa Nóbelsverðlaunin verið veitt framúrskarandi fólki í eðlisfræði, efnafraeði, lyfjafræði, bókmenntum og þeim sem hafa stuðlað að friði í heiminum. Verðlaunin eru að öllu jöfnu afhent í Stokkhólmi við hátíðlega athöfn, nema friðarverðlaunin sem hafa frá upphafi verið afhent í Osló. Þar er einnig Friðarsafn en það var vinkona Nobels, friðarsinninn Bertha von Suttner, sem átti að þeim frumkvæðið.

MERKISATBURÐIR

- 1783 Síðustu bresku hermennirnir yfirgefa New Yorkborg.
- 1897 Púertó Ríko fær sjálfstæði frá Spáni.
- 1940 Breska herstjórnin á Íslandi lýsir allt hafsvæði milli Vestfjarða og Grænlands hættusvæði.
- 1952 Leikritið Músagildran eftir Agóthu Christie er frumsýnt í London.
- 1963 Forseti Bandaríkjanna, John F. Kennedy, er jarðsúnginn í Washington.
- 1973 Gríska forsetanum George Papadopoulos er steypt af stóli.
- 1982 Þyrla rekst í loftnetsvirk og brotlendir skammt frá Sjóvarpshúsinu við Laugaveg í Reykjavík.

tímamót

timamot@frettabladid.is



Ástkær móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,

Helena Ottósdóttir

ljósmóðir og hjúkrunarfræðingur, Flúðabakka 1, Blönduósi,

lést á Heilbrigðisstofnuninni Blönduósi fimmtudaginn 22. nóvember. Útförin verður auglýst síðar.

Sólveig Georgsdóttir
Ásta Georgsdóttir
Georg Ottó Georgsson
Sigurður Georgsson

Hans Kristján Guðmundsson
Ingólfur Birgisson
Linda Velandar
Sólveig Guðmundsdóttir

barnabörn og barnabarnabörn.



Elskuleg eiginkona, móðir, systir og frænka,

Margrét Ámundadóttir

Minna-Núpi, Gnúpverjahreppi,

lést á Landspítalanum við Hringbraut fimmtudaginn 22. nóvember.

Kristján Helgi Guðmundsson
Ámundi Kristjánsson
Guðbjörg Ámundadóttir
Herdís og fjölskylda
Guðrún og fjölskylda



Ástkær eiginmaður minn, faðir, tengdafaðir, afi og langafi,

Kristinn G. Óskarsson

Álfhólfsvegi 151, Kópavogi,

sem lést föstudaginn 16. nóvember, verður jarðsúnginn frá Hjallakirkju þriðjudaginn 27. nóvember kl. 13.00.

Guðmunda Fanney Pálsdóttir
Páll Kristinsson
Anna Kristinsdóttir
Rúnar Kristinsson

Helga Jónsdóttir
Sigurður Kristjánsson
Vigdís Beck

barnabörn og barnabarnabörn.



Ástkær faðir okkar, tengdafaðir og afi,

Sigurður Kr. Árnason

skipstjóri, Hrafnistu, Hafnarfirði,

sem lést 18. nóvember sl. verður jarðsúnginn frá Háteigskirkju miðvikudaginn 28. nóvember kl. 13.00. Þeim sem vildu minnast hans er bent á Hjartavernd eða Krabbameinsfélagið.

Friðrik Sigurðsson
Steinar Sigurðsson
Árni Þór Sigurðsson
Þórhallur Sigurðsson
Sigurður Páll Sigurðsson
og barnabörn.

Margrét Hlíf Eydal
Helga Sigurjónsdóttir
Sigurbjörg Þorsteinsdóttir
Ene Cordt Andersen



FIÐLULEIKARI Hildigunnur Halldórsdóttir fiðluleikari kemur fram í Gerðubergi í dag ásamt fjölda annarra fiðluleikara í tilefni af degi hljóðfærisins. FRÉTTABLAÐIÐ/VÖLUNDUR

FÉLAG ÍSLENSKRA TÓNLISTARMANNA: DAGUR HLJÓÐFÆRISINS

Fiðlan ræður ríkjum í dag

Hinn árlegi dagur hljóðfærisins verður haldinn hátíðlegur í Gerðubergi í dag klukkan 13.30-17.30. Líkt og undanfarin ár er dagurinn helgaður ákveðnu hljóðfæri en fiðlan verður höfð í hávegum í hátíðardagskránni í dag.

Hildigunnur Halldórsdóttir fiðluleikari er í undirbúningsnefnd fyrir dag hljóðfærisins. „Við ætlum að koma saman í dag og spila en mjög fjölbreytt dagskrá verður í Gerðubergi í dag þar sem við reynum að fara vítt og breitt um tónlistarskalan bæði hvað varðar tímabil og stíla,“ segir Hildigunnur og bætir við: „Það verður byrjað á gömlu tónlistinni og svo tökum við fyrir fiðlunáttúna eins og Paganini og Chrysler

og leikum verk eftir þá.“

Þá segir Hildigunnur að tónlist undir áhrifum þjóðlaga verði flutt, auk sjágaunatónlistar og tangós. „Svo verðum við líka með hluta af prógramminu helgaðan íslenski fiðlutónlist þannig að það verður víða komið við. Við ætlum að spila mikið saman og við fáum til okkar gesti eins og nemendur Lilju Hjaltadóttur úr Allegroskólanum sem ætla að hefja dagskrána,“ segir Hildigunnur og bætir því við að nokkur atriði verði þar sem allir fiðluleikararnir sextán leiki saman tónlist.

Í Gerðubergi verða fiðlusmiðir sem sýna hljóðfærin sín og hvernig fiðlan er smíðuð. „Svo verður myndum varpað af

skjávarpa af íslenskum fiðluleikurum að spila. Sigurður Rúnar Jónsson verður þarna til að sýna íslensku fiðluna og spila fyrir okkur auk þess sem Hjörleifur Valsson ætlar að vera með einhvern gjörning. Það verður bara tónlist úti um allt,“ segir hún og hlær.

Spurð hvort margir góðir fiðluleikarar séu á Íslandi segir Hildigunnur: „Já, það eru alveg ótrúlega margir góðir hérna. Kennsluáferðum hefur farið mjög fram og það er búið að byggja upp sterkan hóp fiðluleikara. Það eru í raun miklu fleiri sem gætu tekið þátt í þessari hátíð, og við gætum haldið hátíð í heila viku án þess að tæma það sem við viljum gera.“

sigidurh@frettabladid.is



Hjartans þakkir sendum við til fjölskyldu, vinafólks, söngfólks og vinabópsins í Verslunarskólanum fyrir samúð og hluttekningu við fráfall og útför elskulegs eiginmanns, föður og afi

Hjartar Þórs Gunnarssonar
Grófarseli 26, 109 Reykjavík.

Alúðar þakkir til starfsfólks E-11 og líknardeildar Landspítalans í Kópavogi fyrir ómetanlega ummönnun í erfiðum veikindum hans liðna mánuði.

Háskólanum í Reykjavík og samstarfsfólki hans þar, færur við sérstakar þakkir fyrir alla þá hjálp og virðingu sem honum var sýnd og biðjum öllum þeim sem heiðruðu hans fögru minningu með skrifum og gjöfum til Minningarsjóðs líknardeildar og annarra líknarstofnana Guðs blessunar.

Kristín V. Richardsdóttir
Ríkhartur G. Hjartarson
Þuríður H. Hjartardóttir
og afabörnin sex.

AFMÆLSBÖRN



ÞÓREY SIGPÓRSDÓTTIR
leikkona er 42 ára.



INGA MARÍA VALDÍMARS-DÓTTIR
leikkona er 36 ára.



JENNA OG BARBARA BUSH,
forsetadætur í Bandaríkjunum,
eru 26 ára.



Legsteinar og fylgihlutir

- Mikið úrval
- Yfir 40 ára reynsla
- Sendum myndalista

MOSAÍK Hamarshöfða 4 - 110 Reykjavík
Sími 587 1960 www.mosaik.is



ÁHUGAVERÐAST Landnámssetrið í Borgarnesi þykir áhugaverðasta unga fyrirtækið sem komið hefur fram á Íslandi undanfarin þrjú ár.

Tilnefning

Félag kvenna í atvinnurekstri, FKA, hefur tilnefnt Landnámssetrið í Borgarnesi sem áhugaverðasta unga fyrirtækið sem komið hefur fram á Íslandi undanfarin þrjú ár og er rekið af konu. Framkvæmdastjóri Landnámssetursins er Sigríður Margrét Guðmundsdóttir.

Tilnefningarnir eru alþjóðleg ráðstefna kvenna í atvinnurekstri sem haldin er í Kaíró dagana 23.-28. nóvember. Þar mun Landnámssetrið keppa við fjölda annarra áhugaverðra fyrirtækja víðs vegar að úr heiminum.

Um tíu íslenskar konur sækja þingið og eru þær fulltrúar jafnargra og ólíkra fyrirtækja. www.skessuhorn.is



VEITIR LEIÐSÖGN Halldór Baldursson teiknari verður í dag með leiðsögn um sýninguna Þjóðsögur – Íslenskar munnmælasögur.

Sýna teikningar

Hinn landskenni teiknari Halldór Baldursson verður með leiðsögn um sýninguna Þjóðsögur – Íslenskar munnmælasögur, í Ásmundarsafni í dag klukkan 14.

Nú stendur yfir sýning íslenskra teiknara sem tókust á hendur það verkefni að myndskreyta þjóðsögur úr munnlegri geymd. Rósa Þorsteinsdóttir valdi sögurnar úr hljóðritum í Þjóðfræðasafni Árnastofnunar og hægt er að lesa sögurnar á staðnum eða hlýða á upplestur þeirra með því að hringja í gjaldfrjálst símanúmer.

Teiknararnir sem myndskreyta þjóðsögurnar eru allir þjóðþekktir fyrir myndskreytingar í íslenskum barnabókum. Þeir eru: Anna Cynthia Leplar, Áslaug Jónsdóttir, Brian Pilkington, Freydís Kristjánsdóttir, Gunnar Karlsson, Halla Sólveig Þorgeirsdóttir, Halldór Baldursson, Kristín Ragna Gunnarsdóttir, Margrét E. Laxness, Ragnheiður Gestsdóttir, Sigrún Eldjárn og Þórarinn Böövar Leifsson.

Tilkynningar um merkisatburði, stórafmæli og útfarir má senda á netfangið timamot@frettabladid.is.

Auglýsingar á að senda á auglýsingar@frettabladid.is eða hringja í síma 550 5000.

Ný heimasíða

Grunnskólinn í Borgarnesi hefur opnað nýja og glæsilega heimasíðu. Á henni eru ýmsar nýjungar eins og fyrirsagnir af fréttasíðum Borgarbyggðar og Menntagáttar sem birtast sjálfkrafa á forsiðunni.

Auk þess sem allar hefðbundnar upplýsingar er að finna þar á borð við upplýsingar fyrir nemendur, starfsmenn og foreldra ásamt greinargóðum upplýsingum um starf hinna mismunandi bekkjardeilda skólans.

Einnig eru þar fyrirsagnir af fréttasíðum bekkjanna, áhugaferðir tenglar, kannanir og fleira. Vefstjóri síðunnar er Óskar Birgisson. Sjá vefsíðuna á: www.grunnsborg.is.



GLÆSILEG HEIMASÍÐA Grunnskólinn í Borgarnesi er kominn með nýja vefsíðu. FRÉTTABLAÐIÐ/CVA

Töfrar Elliðaárdalsins

Á morgun, mánudaginn 26. nóvember, stendur Útivist fyrir göngu um Elliðaárdalinn. Klukkan 18 verður lagt af stað frá stóra brúna húsinu í Elliðaárdalnum, ekið frá Miklubraut og gengið upp í gegnum hólmann í ánni, svo vestan megin við ána upp á Vatnsveitubru, þar sem farið er austur yfir ána.

Að verður við Árbæjarlaug og hópurinn þéttur, hafi teygst á honum á göngunni. Síðan er haldið niður með Elliðaám að austan, farið aftur inn í hólmann við félagsheimili Rafveitunnar og gönguferðinni lýkur á sama stað og hún hófst, sem gert er ráð fyrir að sé klukkutíma og korteri seinna.

Tilgangur Útivistarræktarinnar er margþættur. Auk þess að standa fyrir útivist og líkamsrækt og viðhalda göngupoli allt árið er félagslegi þátturinn ekki síður mikilvægur.

Fólk kynnist og spjallar saman á göngunni, fer gjarnan saman í lengri Útivistarferðir eða tekur þátt í öðru félagsstarfi Útivistar.

Ekkert þátttökugjald er í þessa ferð og allir velkomnir.

ÞÚ
hefur
meira val

Með Vaxtareikningi færðu meira svigrúm því nú geturðu fengið vextina af sparnaði þínum greidda út mánaðarlega. Mánaðarleg útborgun vaxta hentar þeim sem:

- vilja nýta vextina af sparnaði sínum strax
- eru á milli fjárfestinga
- vilja koma til móts við mánaðarleg útgjöld

Vaxtareikningur er óverðtrygður reikningur með háa vexti og er lágmarksinnistæða 200 þúsund krónur, en engin fyrir Vörðufélaga 60 ára eða eldri. Vextirnir fara stighækkandi eftir því sem upphæðin eykst.

Kynntu þér fjölmarga kosti Vaxtareiknings á landsbanki.is, hafðu samband í 410 4000 eða stofnaðu reikninginn og kláraðu málið í Einkabankanum.



Landsbankinn

Hús er eitt og mannaúður annað

Tuttugu ár voru síðan sjálfstæðismaður stýrði heilbrigðisráðuneytinu þegar **Guðlaugur Þór Þórðarson** tók við því. Síðan eru liðnir sex mánuðir. Klemens Ólafur Þrastarson spurði ráðherra út í áfengisfrumvarp, offitu og auðvitað blessað REI-málið.

Gætirðu nefnt eitthvert eitt verk sem ráðherra sem þú ert stoltari af en öðrum?

„Ég lít á þessa sex mánuði sem undirbúningstímabil. En ef ég ætти að nefna eitthvað eitt myndi ég nefna þá hópa og mannaúðinn sem er í öllu fólkinu sem ég hef fengið til liðs við mig.“

Heilbrigðisráðuneytið, hvernig fer þetta höfuðvígi samfélagslegrar samtryggingar saman við hugsjónir sjálfstæðismennskunnar? Er þetta ekkert að trufla þig?

„EKKI til í dæminu! [Hlær] Stefna Sjálfstæðisflokksins gengur út á tvennt: Að við treystum fólki til að fara með sín eigin mál og að okkur er ekki sama um okkar minnstu meðborgara. Hugmyndafræðin er byggð á kristnu siðferði og við látum það ekki líðast að fólk innan samfélagsins líði skort eða geti ekki fengið sjálfsgöða heilbrigðisþjónustu vegna efnahags.“

Verður þátttaka sjúklinga í sjúkrakostnaði þá ekki aukin?

„Ég held að ekki sé hægt að halda því fram að það sé mikil kostnaðarþátttaka í það heila í heilbrigðisþjónustunni. Hins vegar tel ég að það megi gera greiðslukerfið gagnsærra, skilvirkara og skynsamlegra og hef skipað nefnd til að fara yfir það. Alla jafna er einhver kostnaðarþátttaka í löndunum í kringum okkur.“

Við erum ung þjóð sem er að eldast og það þýðir aukinn kostnað. Við höfum ekki endalausa fjármuni og viljum tryggja að þeir nýtist sem best. Þetta er verkefni allra heilbrigðisráðherra!

Þú vilt láta kanna hvort sala á upplýsingum um erfðamengi einstaklinga skuli sæta sérstökum reglum. En er nokkur vafi á því?

„Það er ýmislegt sem er hægt á morgun sem var ekki hægt í gær og því eðlilegt að skoða þessa hluti jafnóðum. Mesta hættan er sú að tryggingafélagin fari beinlínis fram á það að fólk fari í þessi próf og þau eiga ekki að geta gert kröfu um það. En í sjálfu sér er aukin þekking mjög jákvæð og ég hef hugsað mér að fara sjálfur í svona próf, sem fyrirbyggjandi aðgerð.“

Margir sjúklingar kvarta undan kerfinu og svokallaðri læknamafíu. Hefur komið til skoðunar að búa til embætti umboðsmanns sjúklinga?

„Ég hef nú verið að kynnað mjög mörgum læknum og það kæmi mér mjög á óvart ef þeir væru samstilltir í öllum málum.“

En það er ákveðinn vísir að þessu í ráðgjafanefndinni sem ég setti um Landspítalann. Þetta er nú manna ráð og stór hluti af því er einstaklingar sem eru framarlega í sjúklingasamtökum. Þar hafa menn beinan aðgang að stjórnendum spítalans og geta komið ábendingum á framfæri.“

Dagleg hreyfistund

En sjúkdómsvæðingin; þessi tilhneiging til að gera sjúkdóma úr ýmsu sem var áður hegðunarvandamál? Til dæmis matgræðgi, sem nú telst fíkn. Hver er þín skoðun á þessu?

„Mitt verkefni er tvíþætt: Að við séum í fremstu röð í heilbrigðisþjónustu og svo hitt sem ég kalla heilsustefnu. Að við séum sem heilbrigðast fólk. Við getum gert ýmislegt til að koma í veg fyrir að fólk verði sjúkdómum að bráð. Gott dæmi um þetta er offita og hreyfingarleysi. Oft er sagt um stjórnámalamenn að þeir hugsi í fjórum árum. Ég hef ekki efni á því. Ég er heilbrigðisráðherra og verð að hugsa í lengra tímaskeiði.“

Offita er einn alvarlegasti kvilli samtímans. Í Bandaríkjunum horfa menn fram á það að sú kynslóð sem er að vaxa úr grasi nái ekki sama aldri og foreldrarnir. Mig minnir að það hafi verið sagt frá því í Fréttablaðinu að þeir gætu ekki lengur siglt bátunum í Disneyworld því börnin eru svo þung! Þetta er auðvitað svolítið kómískt en um leið grafalvarlegt. Ég held því að við þurfum að hafa að lágmarki eina



HEILBRIGÐISRÁÐHERRA Á SKRIFSTOFU SINNI Guðlaugur Þór Þórðarson hefur verið í Samtökum um vímulausa æsku síðan árið 2002 og leggur mikla áherslu á forvarnir. Honum finnst mjög gaman að vera ráðherra og þegar viðtali lauk voru allir farnir heim úr ráðuneytinu nema hann. Ef grannt er að gáð sést að heilbrigðisráðherra vill hafa sjúkrakassa innan seilingar.

FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

hreyfistund á dag í leik- og grunn-skólum. Við erum því komin í samstarf um meðal annars þetta við menntamálaráðuneytið. Við þurfum að fyrirbyggja sjúkdómanna og erum því að undirbúa þessa heilsustefnu undir stjórn Ingu Dóru Sigfúsdóttur og munum kynna hana eftir áramót.“

Það vakti athygli þegar þú sem heilbrigðisráðherra studdir frumvarp um að áfengi yrði selt sem hver önnur vara í matvöruþúðum. Ertu viss um að auknið aðgengi geri ekki áfengissýki algengari?

„Þessi spurning ber nú með sér að þú hafir ekki lesið frumvarpið! [Hlær.] Það hefur enginn haldið því fram að þetta sé venjuleg vara. Í frumvarpinu eru strangar reglur um sölu áfengis. Og það snýst um að ríkið sé ekki með einokun á þessari sölu og að valdið yfir áfengissölu verði fært til sveitarfélagana. Menn geta náð markmiðum um aðgengi án þess að ríkið sé í smá-söluverslun. Áfengi er nú þegar selt víða á landsbyggðinni í alls konar verslunum og það er einkaaðili með áfengisverslun í Kópavogi. Þetta er því ekki mjög róttækt frumvarp. Ef þessi vara væri svo sérstæð að salan bókstaflega yrði að vera í höndum ríkisins, þá hlýti það sama að eiga við um aðra vöru sem má



Landspítalinn er flaggskip heilbrigðisþjónustunnar en mér finnst skynsamlegra að líta á þetta í stærra samhengi. Það verða ekki öll aðstöðuvandamál leyst með nýju sjúkrahúsi.

misnota, til dæmis lyf og skotvopn.“

En önnur vímuefni? Af hverju sjá glæpamenn um smásölu á þeim? Væri henni ekki betur komið hjá ríkinu?

„Áfengisneyslu fylgja eins og við þekkjum ýmis vandamál. Sem betur fer eru þó fleiri dæmi en færri um að það sé notað í hófi. En ég hef ekki séð að neitt gott hljótist af þeim efnum sem við köllum ólögleg fíkniefni.“

Þjóðfélagið myndi viðurkenna þau með því að selja þau og það er ekki forsvaranlegt í ljósi afleiðinganna. Rökin til að banna þau eru bara sterkari en hin.“

Útrás í heilbrigðisþjónustu

Lyffjakostnaður er há á Íslandi og lyffafyrirtækin selja eigin framleiðslu ódýrari erlendis en heima. Hvað finnst þér um þetta?

„Ég er ekkert í því að reyna að finna einhvern blóraböggul út af lyffjaverðinu. Ég hef hins vegar

sest niður með þessum aðilum og kynnt þeim mín markmið. Þeir vinna bara út frá þeim ramma sem þeir eru í og hann ýtir undir kostnað í kerfinu. Með hugmyndum um norrænan lyffjamað erum við meðal annars að styðja við undirstöður þessarar þjónustu og ýta undir útrás.“

Um hvað snýst samnorrænn lyffjamaður?

„Þegar við gengum í Evrópska efnahagssvæðið þá þýddi það alla jafna að með innflutningi á vöru í eitt land var hún komin á markað í öllum löndunum. Nema á lyffjum. Við erum með lokaðri lyffjamað en áður en við gengum í EES. Þess vegna erum við með lítið framboð, lítil samkeppni og allt of hátt verð. Ég ætla mér að opna þennan markað og hef fengið góð viðbrögð hjá kollegum mínum á Norðurlöndunum. Það er ekki hægt að sætta sig við að íslenskir neytendur þurfi að greiða það verð sem þeir greiða núna. Og ég er að tala um meira en

sameiginlegan lyffjamað. Ég er að tala um sameiginlegan heilsu- markað. Sum þjónustan er þess eðlis að það væri æskilegt að fólk gæti valið og sótt hana til annarra landa. Ég sé í þessu mikil sóknarfæri því ég hef mikla trú á íslenskri heilbrigðisþjónustu og þeim mannaúði sem hér er. Við erum með aðstöðu hér sem við gætum nýtt mun betur. Og ef þú hugsar um það er mun rökréttara að við séum með útrás í heilbrigðisþjónustu en bankaþjónustu!“ segir Guðlaugur og skellir upp úr.

Vill létta álagi af Landspítala

Nýlega var greint frá bágrí aðstöðu á gjörgæslu Landspítalans. Verður hafist handa við byggingu nýs spítala á kjörtímabilinu?

„Landspítalinn er flaggskip heilbrigðisþjónustunnar en mér finnst skynsamlegra að líta á þetta í stærra samhengi. Það verða ekki öll aðstöðuvandamál leyst með nýju sjúkrahúsi, en sem betur fer eru ýmis sóknarfæri í kerfinu. Ýmsir aðilar hafa boðist til þess að koma að samstarfi um uppbyggingu á þessu sviði, til dæmis um endurhæfinguna á Grensá. Nefndin er að skoða þetta og aðra staði sem við getum eflaust nýtt betur. En það hefur ekki verið tekin nein ákvörðun hvað þetta varðar.“

Heilsugæsla og heimahjúkrun hefur áhrif á álag á Landspítalann. Spítalavist er dýrasta úrræðið og því er hagur allra ef það markmið mitt næst að fólk geti verið sem mest heima. Það myndi létta mjög á spítalanum.“

Þú vilt þá efla minni einingarnar frekar en að byggja eina stóra?

„Þetta snýst ekki um það. Heilbrigðisþjónustan er ein heild og það þarf að líta á hana í heildrænu samhengi. Við höfum verið að skoða mismunandi rekstrarform og sömuleiðis kostnaðarliði, bæði innanlands og í nágrannalöndunum. Þetta snýst um að fá sem besta þjónustu fyrir fjármunina. Hús er eitt, en stærsta einstaka málið er mannaúðirinn.“

RÁÐHERRA UM BORGINA OG REI

Kom þér ekki á óvart þegar samflokksmenn þínir gerðu svona mikið veður út af REI?

„Það voru mörg mistök gerð í því máli öllu saman. Það er bara eitthvað til að læra af. Niðurstaðan var samt sú að fulltrúi Framsóknarflokksins sleit þessu samstarfi, sem virtist mjög samstillt og með skýra og metnaðarfulla málafnaskrá. Því miður snýst nýi meirihlutinn bara um það að vera við völd og fer ekki einu sinni í felur með það. Það er algjört einsdæmi að hafa engan málafnasamning! Þau virðast bara hafa kallast svona á: Heyrðu, eruð þið ekki til í að vera við völd? Jújú, þið líka? Frábært!“ segir Guðlaugur og skelli hlær.

Mikið var nú samt talað um hugmyndafraeðilegan ágreining um áhættusama útrás. Nú er REI barnið þitt. Var það ekki stofnað ákkurat til þessa?

„Ef REI var barnið mitt þá kom ég alla vegna ekki mikið að uppeldinu! [Hlær] Við erum í áratugi búin að vera í útrás með orkufyrirtækjunum. Sjálfstæðismenn hafa alltaf stutt ENEX, fyrirrennara REI, hvort sem það var undir forystu Björns Bjarnasonar, Ingu Jónu eða Vilhjálm. Það er stefna Sjálfstæðisflokksins að ýta undir þessa útrás og er í samstarfssamningi ríkisstjórnarinnar. Það var sátt meðal borgarfulltrúa að fara þessa leið á sínum tíma. Ég




tók eignahlutinn í ENEX og önnur verkefni og setti í eitt hlutafélag til að takmarka áhættu skattgreiðenda. Ég setti hlutafélag sem nam 2.000 milljónum og átti það að nýtast á næstu misserum. Það verður nú að teljast mjög hófleg upphæð miðað við það sem síðar varð! Ég vildi takmarka áhættuna við þetta.“

En þá erum við að tala um upphæðir en ekki hugmyndafræði.

„Þetta er auðvitað vandmeðfarið. Með REI gerðum við svipað og með Landsvirkjun Invest. Þá erum við með fyrirtæki í opinberri eigu og mjög eftirsóttan hlut, sem er þekking og orðspor orkufyrirtækjanna. Þá er spurningin hvernig við getum komið því í verð sem skattgreiðendurnir hafa verið að byggja upp í áratugi. Þetta er ekki einfalt mál og ég viðurkenni að ég velti þessu mikið fyrir mér. Það er því ekkert óeðlilegt að menn hafi tekist á um þetta innan meirihlutans. Það gera menn alltaf, þótt það sé auðvitað æskilegt að það fari ekki í opinbera umræðu!“ segir Guðlaugur og brosir.

Hann bætir við: „En ef menn halda að allir séu eins í Sjálfstæðisflokki og með sömu skoðunina, þá er það misskilningur.“



Við stækkum landhelgina

Fasteignafélagið **Landic Property** hf. er íslenskt fyrirtæki að langmestu í eigu Íslendinga. Þótt starfsemin sé í mörgum löndum verður heimahöfn félagsins áfram á Íslandi og það verður skráð í Kauphöll Íslands á fyrra helmingi næsta árs. Eftir skráninguna verður **Landic Property** eitt af tíu stærstu fyrirtækjunum í Kauphöllinni.

Landic Property varð til við samruna Fasteignafélagsins Stoða við Keops og Atlas Ejendomme í Danmörku. Það er eitt af stærstu fasteignafélögum Norðurlanda og á 2,7 milljónir fermetra af verslunar- og skrifstofuhúsnaði á Íslandi, í Danmörku, Svíþjóð og Finnlandi.

Þetta alþjóðlega nafn, **Landic Property**, gefur aukinn byr í seglin og skapar sóknarfæri á alþjóðlegum markaði. Enda er stefnan tekin á enn frekari landvinninga.

Innrásin í Danmörku

Hallgrímur Helgason biður Dani að skilja þörf Íslendinga fyrir að eignast sem mest af Danmörku og setta sig við að gerast íslensk nýlenda.



Í byrjun nóvember birti danska blaðið *Weekendavisen* tvær greinar eftir Hallgrím Helgason þar sem rithöfundurinn fjallaði um þjóðareinkenni Íslendinga og ásælni þeirra í danskar eigur. Að beiðni *Fréttablaðsins* lét Hallgrímur til leiðast og þýddi síðari grein sína yfir á íslensku og birtist hún hér með tilheyrandi formála.

Íslendingar kvarta stundum yfir því að Danir viti lítið um Ísland. Sum ykkar halda jafnvel að Ísland sé lítil eyja við strendur Jótlands. En kannski er ykkur vorkunn því segja má að eitt sinn hafi Ísland verið dönsk eyja vestan Jótlands.

Kóngurinn ykkar var kóngurinn okkar. Landið okkar var landið ykkar.

Af þeim sökum getur dönsk vanþekking virkað stuðandi á okkur Íslendinga. Eða seint myndi Englendingur spyrja Íra: „Írland? Er það ekki ein af Hjaltlandseyjum?“ Þess vegna bið ég ykkur vinsamlegast að muna að Ísland er stór eyja við strendur Grænlands (sem enn er danskt umráðasvæði ef þið skylduð ekki vita það).

Fyrir okkur er Danmörk sem móðir. Eðaforðn móðir sem býr í stórrí höll, heldur hundrað hunda, enn fleiri starfsmenn og reykir tvo pakka á dag. Eitt sinn þjuggum við hjá henni og hún var okkur... ja, hún var okkur sem móðir. En hún vildi ekki leyfa okkur að flytja að heiman. Hún hélt okkur allt of lengi heima, í örlitlu kamesi í hallarkjallaranum sem hún heimsótti aðeins einu sinni allt okkar líf. Að lokum náðum við þó að flýja að heiman, á meðan henni var nauðgað á efri hæðinni af þýskum hermönnum, og nú búum við í eigin íbúð. Við erum orðin fullorðin. Búin að fá okkur vinnu og meira að segja komin með kærustu. Já, eða... reyndar er hún farin frá okkur. Og reyndar var hún hann; amerískur hermaður. Hann skildi við okkur í fyrra. Og eltist nú við múslima.

Þannig að nú erum við ein á báti og til í hvað sem er. Við filum okkur ansi vel enda erum við svo kúl. Heimurinn er svo geðveikt hrifinn af okkur. Við erum aðalmálið. Við eigum Björk og Sigur Rós, Bláa lónið og næturlíf Reykjavíkur. Og við syndum í seðlum sem við elskum að eyða.

Reyndar liggur helsti munurinn á Íslendingum og Dönum í umgengninni við peninga. Þið Danir viljið helst leggja þá fyrir vegna þess að þið eruð búin að skipuleggja ferð til Flórída sumarið 2012. Þið eruð meira að segja búin að bóka hótelið og allt. Reykherbergi fyrir þá gömlu og fjóra miða í Disneyworld, 10. júní 2012.

Við Íslendingar hugsum hinsvegar aldrei fram í tímann. Við skipuleggjum aldrei neitt. Við getum ekki einu sinni ákveðið að borða saman hádegismat fyrr en við erum búin að því. „Já, við ákváðum að fara og fá okkur bita á Vegamótum,“ heyrir ég stundum konuna segja vinkonum sínum í síma, í miðjum hádegisverði, jafnvel þótt við hefðum aldrei ákveðið neitt. Það bara æxlaðist þannig að við fórum saman í löns. Við notum sögnina „að ákveða“ aðeins í þáttíð. (Þess vegna enda öll íslensk hjónarífriðil og allar

íslenskar stjórnmaáumræður á sömu gömlu frösunum: „Ég sagði það aldrei!“ – „Ó jú!“ – „Ókei, ég sagði það kannski en það var aldrei neitt ákveðið.“)

Við hugsum aldrei fram í tímann. Ástæðan er sú að um alda-skeið höfum við búið í þessu geðklofna landi íss og elda, með öllum þeim vangefnu vindum og eldspúandi fjöllum sem því fylgja, ölduhæðum og sálarlægðum. Við gátum aldrei verið viss um að karlarnir okkar kæmu heim úr róðri dagsins eða hvort hin óvænta frostnótt í miðjum ágúst myndi ekki eyðileggja kartöflu-upsskeruna. Við höfum aldrei getað treyst á neitt nema auðvitað þessa margumtöluðu ferð dönsku konungshjónanna til Flórída sumarið 2012.

Við hugsum aldrei fram í tímann og við eyðum alltaf peningunum okkar eins og skot. Á Íslandi er sparnaður talinn til höfuðsynda. Og við erum mjög kristin þjóð...

Sparileysis-hefðin varð til þegar við strukum burt úr okkar háðönsku móðurhúsum. Fram að því höfðum við aldrei séð reiðufé og þegar við fengum okkar fyrstu seðlagreiðslu urðum við svo glöð að við eyddum henni allri á einni helgi. Við urðum því að taka lán til að eiga fyrir restinni af mánuðinum. Allar götur síðan hafa Íslendingar verið mikið lánatökufólk. Sum okkar taka jafnvel lán til að borga upp önnur lán. Í raun höfum við aldrei verulegar fjárhagsáhyggjur því við vitum sem er að við getum alltaf slegið nýtt lán. Fyrir Íslendingum eru bankar ekki staðir til að geyma peninga heldur til að fá peninga.

Sparileysið má einnig rekja til verðbólguáranna. Við ólumst öll upp við óðaverðbólgu, þetta geðveikisástand sem allar nýfrjálsar þriðja-heims-þjóðir þyrfa að ganga í gegnum á leið sinni upp í úrvalsdeildina. Gjörvalla bernsku mína jókst verðbólgan jafnt og þétt og komst að lokum í 120% árið sem ég varð stúdent. Hver peningaseiðill var sem snjó í vasa. Ef maður var svo heppinn að eignast þúsundkall varð maður að gjöra svo vel og þjóta samstundis niður í plötubúð til að kaupa stóru plötuna með ELO. Væri maður svo óheppinn að rekast á frænku sína á leiðinni og þurfa að spjalla við hana um stund varð maður að gera sér litlu plötuna að góðu.

Tíminn át peninga eins og rottur ost.

Af þessum sökum spörum við ekki peninga heldur eyðum þeim. Við látum þá vinna fyrir okkur. Og þar sem Ísland er lítið land getum við ekki eytt þeim öllum hér. Við neyðumst til að eyða þeim annarstaðar, í Danmörku. Á meðan þið eruð upptekin af því að safna fyrir þessari hótelligingu þarna í Flórída notum við tækifærið og kaupum öll bestu hótelin í Kaupmannahöfn. Og allar búðirnar. Og dagblöðin. Og allar ferðaskrifstofurnar ykkar og öll flugfélögin ykkar. Allt heila klabbid er nú komið í eigu Íslendinga eins og ykkur ætti að vera ljóst.

En þið verðið að sýna okkur skilning. Því þetta er ekki í gamni gert. Þið verðið að reyna að skilja að VIÐ VERÐUM HREINLEGA að eignast eins mikið af Danmörku og við getum, upp á sjálfs-traustið og þroskann að gera. Við erum eins og ungi rapparinn úr fátækrahverfinu sem nær að meika það feitt og notar frægðarfé sitt til að kaupa nýtt hús handa mömmu gömlu, til að gera hana stolta og sýna hversu vel honum gengur. Því þið ég ykkur, kærur Danir, að selja okkur eins mikið og þið getið. Það væri til dæmis mjög gott ef þið gætuð afhent okkur Tivoli og Legoland næst. Við kynnum vel að meta það. Og kannski Amalienborg líka.

Hafið engar áhyggjur. Við kaupum nýtt hús handa henni.

Þið verðið að átta ykkur á því að þetta er aðeins forsmekkurinn að því sem koma skal. Það að komast yfir sem mest af eignum ykkar og eignum er aðeins upphafið að mun stærri yfirtöku. Og það veltur á ykkur hvort hún verður fjandsamleg eður ei.

Ég bið ykkur: Ekki taka þessu illa. Reynið að skilja okkur. Ég meina, þetta er ekkert annað en sanngjarn. Þið voruð nýlendu-herrar okkar í 600 ár. Nú er komið að okkur að gerast herrarnir ykkar. Því ráðlegg ég ykkur að sættast við örlögin strax, láta af þessu endalausa dagblaðavæli um að nýir eigendur Kaupmannahafnar séu bara mafutengdir svikarhrappar með galtóma vasa (þetta er jú bara spurning um lán) og búa ykkur undir að lesa Helgason og hlusta á Björk næstu 600 árin.

Í stað Margrétar drottningar munuð þið fá forseta. Hann heitir herra Grímsson, alveg frábær og fullkomlega reyklus náungi sem er kvæntur dúndurskemmtilegri samkvæmisdömu frá London og á að auki nokkrar yndislegar dætur sem eru alveg lausar við allt hjúskaparvesen. Þið eigið eftir að fíla Grímsson. Ég held meira að segja að hann tali smá dönsku. Og svo verðið þið að fara að venjast nýja nafninu á landinu ykkar sem hér eftir mun heita Danmörk. En verið alveg röleg því John Dahl Tomasson verður áfram í landsliðinu, því íslenska alltsvo. Og þótt við munum smám saman loka öllum háskólum Kaupmannahafnar þá verður börnun ykkar ávallt velkomið að stunda nám í Reykjavík (höfuðborg Íslands og Danmerkur og framtíðar aðsetur ríkisstjórnar ykkar). Þannig munu þau aldrei gleyma því hvar Ísland er á heimskortinu.

Því segi ég, kærur vinir: „Það er gott að vera Íslendingur.“ („Det er skidegott at være Islænder.“) Þið eigið eftir að elska það. Það eina sem þið þurfið að gera er að læra að slaka aðeins á, láta af þessari sparnaðardellu og aflysa Flórídaferðinni, detta almennilega í það og byrja að kaupa búðina sjálfa í stað þessarar einu peysu. Hugsidi stórt! Verið kúl og gerist íslensk nýlenda!

Það á eftir að margborga sig. Eftir 600 ár undir íslenskrí stjórn verðið þið loks tilbúin að gerast sjálfstæð á ný og sigra heiminn.

Ég mæli með því. Það er samt eitt sem við munum aldrei „íslandísera“, heldur skilja eftir í ykkar umsjá. Og það er Sæðisbankinn danski. Danske Sædbank (dótturfélag Danske Bank). Við munum láta hann alveg í friði.

Þar sem Íslendingar eru fáir og allir þekkja hér alla eru menn skiljanlega tregir til að leggja sæði sitt í banka. Menn taka ekki sénsinn á því að rekast á sjó ára gamlan sæðisbankason sinn í rúllustiganum í Kringlunni ásamt lesbískri móður hans og lesbískum föður. Að auki er okkur, líkt og áður var minnst á, alls ekki eðlislægt að geyma hluti í banka. (Allir bankar á Íslandi eru galtómur glatkistur eins og þið hafið þegar lesið um í Berlingske Tidende og Ekstra Bladet.)

Af þessum sökum fara öll samkynhneigð þör á Íslandi til Danmerkur í gervifrjóvgun. Þetta er aðaltrendið núna. Allar lesbíur Íslands eiga dönsk börn.

Þetta gæti reyndar þróast upp í langtíma vandamál fyrir nýju herraþjóðina. Því smám saman munu lesbíur okkar eignast fleiri og fleiri hálf dönsk og hálf hýr börn. Og með samkynhneigðina í blóðinu (sæðisgjafarnir eru flestir yfirskeggjaðir hommar frá Álaborg með pabbadrauma) er ekki ólíklegt að þau komi sjálf út úr skápnum á endanum. Þá er allt eins líklegt að þau muni halda í þá



KAUPMANNAHÖFN „Árið 2007 mun danska þjóðin síðan losna undan íslensku valdi og verða sjálfstæð á ný. Menningarhrifin verða hins vegar ekki þvegin burt með einni stuttri yfirlýsingu. Þið leggið ekki niður íslenska síði á einum eftirmiðdegi og munuð því halda áfram að borða svið og drekka brennivín og biðja um „eina með öllu“ við pulsuvagninn á Ráðhústorginu.“

fjölskylduhefð að sækja í danska Sæðisbankann. Þannig munu sífellt fleiri hálf hýr, hálf dönsk börn fæðast á Íslandi svo með tímanum gæti myndast hér ansi öflugur minnihlutahópur samkynhneigðra öfgamanna af dönskum uppruna eða „Dönskuslettur“ eins og hann verður kallaður. Með tímanum mun þetta fólk rotta sig saman í Eusfellinu, sem fyrir vikið verður uppefnt Dræsufell. Og þar í kring munu spretta upp homma- og lesbíubarir sem heita „Queen Henrik“, „The Little Spermaid“ og „Dansk Smörreöv“ (engin íslensk nöfn að sjálfsögðu) þar sem Slettur munu þróa hefðir sínar og síði og rækta eigin mállýsku sem verður hjórt afbrigði af dönsku og mun fyrir vikið minna nokkuð á sænsku.

Þegar frá líður mun svo helsta vígi dönsku sjálfstæðisbaráttunnar verða að finna hjá Slettunum í Dræsufellinu. Þær munu þróa hryðjuverkasveitir sínar samkvæmt fyrirmyndum frá IRA og ETA og neyta allra tækifæra til að sprengja upp einkaþotur íslenska jet-settsins og skjóta niður íslenska embættismenn á leið sinni upp Stjórnarráðs-tröppurnar. Þetta ófremdarástand mun síðan smátt og smátt leiða til þess að herraþjóðin mun aðeins slaka á nýlenduþörkunni. Við munum byrja á því að gefa ykkur eigin stjórnskrá og síðan fáid þið kannski eigið þjóðþing sem þið neyðist reyndar til að halda á Hviids Vinstue eftir að Baugur Group hefur keypt þinghúsið ykkar undir höfuðstöðvar sínar í Skandinavíu. En á Hvíti mun ykkur alfrjálst að ræða mikilvæg mál eins og það hvort stytan af Grímssyni eigi að standa á Ráðhústorginu eða Presidentens Nytorv. Nokkru síðar gætum við svo skenkt ykkur svokallaðan Danmerkurráðherra sem fengi sæti áheyrnarfulltrúa á íbúaþingi Ytra Íslands, þótt ekki

þjóðist honum sæti á þingi eða ríkisstjórnarfundum. Skömmu eftir það fáid þið svo, með sérstöku forsetaleyfi, að flagga gamla góða Dannebrog á ný og þá mun stutt þar til við treystum ykkur aftur til að varðveita eiginhandrit H.C. Andrésónar á danskrí grund.

Árið 2007 mun danska þjóðin síðan losna undan íslensku valdi og verða sjálfstæð á ný. Menningarhrifin verða hinsvegar ekki þvegin burt með einni stuttri yfirlýsingu. Þið leggið ekki niður íslenska síði á einum eftirmiðdegi og munuð því halda áfram að borða svið og drekka brennivín og biðja um „eina með öllu“ við pulsuvagninn á Ráðhústorginu. Hin glæsta Kaupþingskirkja mun standa áfram, sem og hið stórvaxna Hekla Indköbscenter. Og í sérhverju hverfi, frá Esbjerg til Amager, verður áfram rekið eitt stykki Laundromat Café. Stytan af Grímssyni forseta verður ekki brotin niður og Baugsmerkið mun blakta á þaki þinghússins um ókomnar aldir. Dönsk tunga verður útötuð íslenskuslettum og í hvert sinn sem þið hittið Íslending sem ekki veit hvar Danmörk er munuð þið móðgast sárlega.

Þar hafið þið það, kærur Danir. Þessi grein er einungis skrifuð í þeirri von að þið sættið ykkur fljótt og vel við komandi örlög og fagnið ykkar íslensku framtíð. Að gerast íslenskir þegnar í nokkrar aldir mun alls ekki gera ykkur að minni Dönum. Þvert á móti mun það styrkja sjálfsmynd ykkar og gera ykkur að stoltari þjóð. Því einmitt sú er okkar reynsla. Við Íslendingar eigum Danmörku stóra gjöf að gjalda. Og nú er loksins komið að skulda-dögum.


Danska og enska útgáfu greinarinnar má lesa á hallgrimur.is.



HOME ART ER NÚ Í ORMSSON SMÁRALIND

VELKOMIN Í ÓVENJULEGA VERSLUN!

OPIÐ LAUGARDAGA KL. 11-18 OG SUNNUDAGA KL. 13-18



home art



Dásamlega fjölbreytt
og falleg vara!



ORMSSON

SMÁRALIND · SÍMI 530 2900 · WWW ORMSSON.IS



Kartöflur og eldavélar undir merkjum ríkisins

Ríkið hefur starfað á velflestum sviðum atvinnulífsins, ýmist með einokun eða í samkeppni við einkaaðila. Margur ríkisrekstur sem þótti áður eðlilegur þætti líklega skrytinn í dag. Nýtt áfengisfrumvarp hefur vakið umræðu um sérstöðu þessa fyrirkomulags. *Hólmfríður Helga Sigurðardóttir* skoðaði dæmi, sum þeirra ljóslifandi, um ríkisrekstur og einkavæðingu síðustu aldar.



Bílainnflutningur

Bifreiðaeinkasala ríkisins varð til árið 1934. Hún varð ekki langlíf en gegndi því hlutverki, í þau ár sem hún lifði, að panta bíla fyrir þá sem höfðu innflutningsleyfi. Bifreiðaeinkasalan var eitt þeirra fyrirtækja sem urðu til með „stjórn hinna vinnandi stétta“, ríkisstjórn Alþýðuflokks og Framsóknarflokks, sem tók við völdum þetta sama ár.

Grænmeti og kartöflur



Grænmetisverslun ríkisins, sem síðar varð Grænmetisverslun landbúnaðarins, var stofnuð árið 1936 og hafði í meira en fjórutíu ár einkarétt á innflutningi kartafna og nýs grænmetis til landsins. Grænmetisverslunin var heildsala sem stjórnaði frá a til ö úrvali, innflutningi og verðlagningu grænmetis.



Ferðaskrifstofur

Ferðaskrifstofa ríkisins varð til árið 1936 og var í fullri eigu ríkisins. Hún hafði einkaleyfi til rekstrar ferðaskrifstofu allt fram til ársins 1964. Hún sá um skipulag utanlandsferða ríkisstarfsmanna, rekstur hópferða, kynningu á ferðum annarra ferðaskrifstofa, rekstur sumarhótelna og ráðstefnuhald. Árið 1988 var Ferðaskrifstofunni breytt í hlutfélag, 2/3 hlutar hennar seldir starfsmönnum og Ferðaskrifstofa Íslands hf. tók við rekstrinum.

Mjólk

Um margra áratuga skeið var óleyfilegt að selja mjólk og aðrar mjólkurafurðir í venjulegum verslunum. Á þeim tíma rak Mjólkursamsalan tugi mjólkurbúða víðs vegar um höfuðborgarsvæðið. Ákvörðun um lokun mjólkurbúðanna var víða mótmælt enda óttuðust margir verðhækkningar og skerta þjónustu. Síðustu mjólkurbúðinni var lokað í janúar árið 1977.



Lyf

Lyfjaverslun ríkisins var breytt í hlutfélag árið 1999 og seld til einkaaðila. Fram til þess tíma hafði ríkið fyrst verið með einokun á innflutningi og framleiðslu ákveðinna lyfja og síðar í beinni samkeppni við innlenda framleiðendur og innflytjendur. Einkavæðingin hafði ekki í för með sér lægra lyfjaverð á Íslandi. Í ljósi þess hefur sú spurning komið upp hvort þörf sé á að endurvekja Lyfjaverslun ríkisins. Það er umdeild skoðun, rétt eins og einkavæðing hennar var umdeild í upphafi.




Raftækja

Árið 1935 var raforkuvæðing Íslendinga í fullum gangi. Raftækjaeinkasala Íslands var því stofnuð til að nýta það rafmagn sem framleitt var. Raftækjaeinkasalan sá um innflutning á raftækjum og hóf einnig framleiðslu á eldavélum undir nafninu Rafha. Stofnendur Rafha voru auk ríkissjóðs 22 einstaklingar. Síðar meir var farið út í framleiðslu fleiri gerða raftækja. Upp úr 1960 var innflutningur á raftækjum gefinn frjáls. Ríkið var þó ráðandi eignaraðili Rafha allt fram til ársins 1990, þegar framleiðsla félagsins var lögð niður og verslunarreksturinn seldur.



Ljósvakamiðlar

Í meira en hálfra öld hafði Ríkisútvarpið eitt leyfi til að reka útvarps- og sjónvarpsstöðvar hér á landi. Árið 1930 tók Ríkisútvarpið til starfa með útsendingum á einni rás. Árið 1966 bættist svo sjónvarpið við. Árið 1986 hélt RÚV úti einni sjónvarpsstöð og tveimur útvarpsstöðum. Á því ári voru sett lög um frjálst útvarp og um haustið hóf Bylgjan útsendingar í útvarpi. Stöð 2 fylgdi í kjölfarið sem fyrsta einkarekna sjónvarpsstöðin.



Viðtækja

Viðtækjaverslun ríkisins hafði einkarétt á sölu útvarps-tækja. Hún var stofnsett samhliða tilkomu Ríkisútvarpsins árið 1930. Hennar hlutverk var annars vegar að tryggja þjónustu og hins vegar að afla útvarpinu tekna. Það „þótti óþarfi að kaupskýslumenn sætu að þessum viðskiptum sem ríkið framkallaði með útvarpsrekstri sínum“ eins og segir í bók Helga Skúla Kjartanssonar, Ísland á 20. öld. Einokunin var lögð af upp úr stríðsárunum.



Bankaviðskipti

Frá upphafi bankaviðskipta á Íslandi hélt ríkið þétt um stjórnartaumana á hérlandu bankakerfi. Um miðjan níunda áratuginn var takið losað með nýjum lögum og í upphafi tíunda áratugarins var fyrsta skrefið tekið í einkavæðingar-átt. Þá keyptu Alþýðubankinn, Íðnaðarbankinn og Verzlunarbancinn einn þriggja ríkisbanka, Útvegsbankann, og nafnið Íslandsbanki var tekið upp. Í ársbyrjun 1997 var ríkisbónkunum tveimur sem eftir stóðu breytt í hlutfélag. Nokkrum opinberum lánasjóðum var á sama tíma breytt í Fjárfestingarbanka atvinnulífsins (FBA). Árið 2000 sameinaðist FBA Íslandsbanka. Árið 2003 var einkavæðingu bankanna lokið að fullu.

Bifreiðaeftirlit

Allt fram til ársins 1988 sá ríkisrekkið Bifreiðaeftirlit um skoðun bíla á Íslandi. Það ár var eftirlitinu breytt í Bifreiðaskoðun Íslands. Mikil óánægja ríkti þó um þá einkavæðingu. Gagnrýnendur sögðu ríkiseinokun hafa breyst í einkaeinokun, enda var bifreiðaeigendum áfram skylt að láta skoða bifreiðar sínar hjá Bifreiðaskoðun. Á tíunda áratugnum var einokuninni aflétt og skoðuninni skipt upp í tvo félög. Annað annaðist áfram rekstur ökutækjaskrár. Bifreiðaskoðunarhlutinn var seldur í hlutfjárútbóði, fékk nafnið Frumherji sem það ber enn í dag.



Námsbækur

Snemma vildi ríkið stýra útgáfu námsefnis og miðlun þess í skólum landsins. Á þriðja áratug síðustu aldar var Námsgagnastofnun sett á fót. Hún gegndi því hlutverki að gefa út námsbækur fyrir barnaskóla og gagnfræðaskóla. Námsgagnastofnun sinnir enn útgáfu námsbóka en með öðru sniði. Frá því upp úr áttunda áratugnum hefur framleiðsla á námsefni að langmestu leyti verið boðin út.




Póstur og sími

Frá því að pósthúsum var komið á hér á landi og fyrsti síminn kom til landsins, sem var reyndar rúmum hundruð árum síðar, var póst- og símapjónusta á höndum ríkisvaldsins. Árið 1935 var póst- og símarekstur sameinaður undir nafni Pósts og síma. Árið 1998, rúmum sextíu árum síðar, var félaginu skipt upp með stofnun Landssíma Íslands hf. annars vegar og Íslandspósts hins vegar.

SÉÐ OG HEYRT

Gerir lífið skemmtilegra!

SÉÐ OG HEYRT ER MEIRA LESIÐ EN MOGGINN, 24 STUNDIR OG DAGSKRÁ VIKUNNAR!



37,6%
LESTUR

Samkvæmt nýjustu könnunum Capacent á lestri tímarita og dagblaða er lestur á **Séð og Heyrt** meiri en á Morgunblaðinu, 24 stundum og Dagskrá Vikunnar, á meðal Íslendinga á aldrinum 12-40 ára á öllu landinu. **Séð og Heyrt** heldur áfram að gera lífið skemmtilegra.

Ef þú þarft að ná í þennan hóp þá er **Séð og Heyrt** rétti miðillinn. Auglýsingin lifir lengur, nær til fleiri og er oftast lesin.

Hvaða blað ert þú að lesa? Kynntu þér áskriftarkjör í síma 515 5555 eða með því að senda okkur póst á netfangið askrift@birtingur.is



JÓN BALDVIN ÓÐELL Ágúst: „Þetta var mjög óvenjulegt, og sérstaklega á þessum tíma, þegar allt var svona stilltara og fjölmíðlum haldið svolítið í skefjum af stjórnmálamönnum. Jón Baldvin var svo óþekkur, hann átti svo erfitt með að haga sér eftir bókinni.“

FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Gott að tala um gráa fiðringinn

Ágúst Borgþór Sverrisson hefur aldrei hitt Unni Jökulsdóttur en fann samt á sér að hún færi í jóga. Unnur var þá einmitt nýbúin að kaupa sér jógakort og gat sér sömuleiðis rétt til um það að Ágúst færi ekki í ræktina heldur gengi frekar og synti. Júlía Margrét Alexandersdóttir hitti rithöfundana tvo og ræddi við þá um innsög, þulur og gráa fiðringinn.

Á RÖKSTÓLUM

Í hvaða hverfi eigið þið heima og nefnið þrjá kosti og ókosti við búsetuna.

Ágúst Borgþór: Ég bý í Vesturbænum og það eru auðvitað miklu fleiri kostir en þrír. En ég segi Ægisóðan, nálægðin við miðbæinn og KR – þið viljið kannski ekki heyra eitthvað svona karlalegt?

Unnur: Jú, jú.

Ágúst Borgþór: En þar er svo of lítið úrval af góðu húsnæði. Átti ég að segja þrjá ókosti? Það er svo erfitt að nefna ókosti við Vesturbæinn. En jú, ég er hættur að geta farið með strætó þaðan og það er búið að leggja niður Vídeóljónið – sjoppuna.

Unnur: Ég bý í Heiðmörk og kostirnir eru nálægðin við náttúruna, fegurð umhverfisins og fjarlægð-

in frá miðbænum. Ókostirnir myndu þá vera holóttur vegur sem liggur hingað, fjarlægðin frá miðbænum – stundum – og það er dágóður spölur í vídeóleiguna.

Róar niður æst fólk

Þið hafið sem fyrr segir ekki hist áður. Ef þið eigið að ímynda ykkur eitthvað þrennt um hvort annað – sem þið vitið ekki núna hvort er satt eður ei – hvað ætlið þið að ímynda ykkur?

Ágúst Borgþór: Ég myndi halda að við Unnur séum mjög lík og svo mjög ólík. Ég get fyrst ímyndað mér að Unnur sé frílaus ef hún kemst ekki á fjöll. Er eitthvað til í því?

Unnur: Já.

Ágúst Borgþór: Og ég er eiginlega viss um að hún hafi farið í jóga-tíma.

Unnur: Heyrðu, ég var að kaupa mér kort í jóga.



Hvað gráa fiðringinn varðar þá átti ég mitt gráa fiðringsár þegar ég var 39 ára. Ég lenti nú ekki í neinum vondum ástarmálum. En ég lenti í einhverjum rosalegum komplexum.

Ágúst Borgþór: Svo finnst mér einhvern veginn eins og þú rífast ekki. Og að þú róir niður æst fólk.

Unnur: Ertu skyggn?

Ágúst Borgþór: Nei, þetta er bara tilfinning, bara tilfinning.

Unnur: En nei, þetta er alveg rétt. Ég á mjög erfitt með að rífast og það getur meira að segja háð mér. Ég hef svolítið verið að reyna að læra það á seinni árum og er svo stolt þegar ég get svarað fyrir mig.

Ágúst Borgþór: Vertu ánægð með

að rífast ekki.

Unnur: Nú, jæja, ókei. En ég var búin að ímynda mér að Ágúst Borgþór væri svoltill Mið-Evrópumaður og kannski svoltill miðaldamaður.

Ágúst Borgþór: Já, Mið-Evrópumaður, en ég hef ekki mikla þolinmæði til að vera inni í kirkjum og lesa um þær og svona. En, jú, það er þetta borgarlandslag sem er upprunnið frá miðöldum sem höfðar til mín.

Unnur: Svo ímyndaði ég mér það að þú myndir vilja getað skrifað allan tímann, að ritstörfin eigi í raun allan þinn hug.

Ágúst Borgþór: Það er rétt en það er svo fjarlægt að ég hef algjörlega aðlagð mig því að svo er ekki. En það þyrfti svo margt að breytast.

Unnur: Ég ímyndaði mér nú alls ekki að þú færir í gymmið eða eitthvað þannig en ég ímyndaði mér að þú færir í sund og gönguferðir.

Ágúst: Þú ert rosalega nálægt því þarna því ég synti mjög mikið árum saman og svo skipti ég yfir í skokk. En ég gafst upp á að reyna að fullkomna líkamann minn fyrir um tuttugu árum. Ég er bara mjúkur og þykkur og í góðu formi.

Kynlíf kvenna betra með aldrinum

Nú ert þú, Unnur, að gefa út bók um Huldufólk og þú um miðaldra-krisu karlmanna og gráa fiðringinn, Ágúst Borgþór. Hefur þú séð huldufólk eða álfa, Ágúst, og trúir þú á tilvist þeirra? Heldurðu að það séu álfa í húsinu þínu, Unnur? Og heldur þú að konur geti upplifad gráa fiðringinn eða er þetta karllægt fyrirbæri? Hefur þú upplifad gráa fiðringinn, Ágúst?

Ágúst: Ég hef ekki séð það og ég ætla ekki að vera svo hrokafullur að segja að það sé ekki til. En ég trúi ekki sjálfur og finnst mjög leiðinlegt að segja það. Mér finnst mjög margir segjast trúa því sem trúa því ekki – og setja upp svona gervibros um leið. Svo ég ætla bara að vera heiðarlegur.

Unnur: Ég hef ekki orðið vör við álfa heima hjá mér en þar er góður andi og það hefur komið til mín miðill sem segir að það sé einhver velviljaður þarna. Nú er ég kannski enginn sérstakur talsmaður álfa og huldufólks þótt ég hafi gert þessa bók. En það kannski vantar?

Ágúst Borgþór: Upplýsingafulltrúa?

Unnur: Já, umboðsmaður álfa? Ég myndi gjarnan vilja fá það emb-

→ OG BOTNIÐ NÚ!

Mig hefur alltaf langað til að ... Unnur: ...sigla með strönd Chile. Ágúst: ...að gera það sem ég geri.

Mér líður best þegar... Unnur: ...ég er í góðra vína hópi. Gott kaffi hjálpar. Ágúst: ...ég er að klára nýja sögu/ég kem til nýrrar borgar/ég kem heim til mín/ég er alveg að sofa.

Ég fæ vatn í munninn

þegar ég sé... Unnur: ...sushi. Ágúst: ...dálítið sem ég get ekki nefnt. Yrði ritskoðað.

Ég fæ grænar bólar þegar... Unnur: ...ég borða súkkulaði. Ágúst: ...ég heyri „rannsóknir hafa sýnt“ (Alveg eins og Brynjar Nielsen).

Alþingi er fullt af... Unnur: ...alþingismönnum, er það ekki? Ágúst:

...venjulegu fólk.

Ef ég ætti milljón myndi ég kaupa...

Unnur: ...bækur. Ágúst: ... eh, ég á milljón. Ef ég ætti nokkra tugi af þeim myndi ég líklega kaupa einbýlishús í Vesturbænum.

Ég syng alltaf með...

Unnur: ...laginu Summertime. Ágúst: ...Who-lögnum: Who are you,

who-who-who-who, Who are you, who-who-who-who.

Ég myndi aldrei...

Unnur: ...fara í geimferð. Ágúst: ...láta húðflúra mig.

Eftirlætis málshátturinn er...

Unnur: ...því verr gefast heimskra manna ráð sem fleiri koma saman. Ágúst: ...Vörn er besta sóknin.

ferðalög

[SÉRBLAÐ FRÉTTABLAÐSINS UM FERÐALÖG]

DESEMBER 2007

**STRENDUR,
TINDAR OG
KÓRALRIF**
PRÓFAÐU FRUMLEG JÓL Í ÁR

**BESTU
BREKKURNAR**
SKÍÐAFÍKLAR LEYSA
FRÁ SKJÓÐUNNI

HVAR Á AÐ VERSLA, SNÆÐA, DJAMMA OG NJÓTA LÍFSINS?

LEYNISTAÐIR

Í NEW YORK OG LONDON

HELSTU VIÐBURÐIR
Í DESEMBERMÁNUÐI

**NEW YORK SÉÐ MEÐ AUGUM SILJU MAGG KAUPMANNAHÖFN ÞÓRIS SNÆS SIGURJÓNSSONAR
SHOREDITCH ER HEITASTA HVERFIÐ Í LONDON PÓSTKORT FRÁ ÍRAN OG BAHAMA-EYJUM**

MIÐBAUGUR ÞAÐ HEITASTA Í ... HÓTELUM, VEITINGASTÖÐUM, GRÆJUM, BÚÐUM, MÖRKUÐUM OG FERÐANÝJUNGUM

AÐ BREYTA ÚT AF VANANUM

Anna Margrét Björnsson skrifar

Víð lifum á dásamlegum tímum hvað ferðalög snertir. Heimurinn er að minnka, samgöngur að batna og úrval ferða sífellt að færast í aukana. Með aukinni samkeppni á Íslandi fer verð lækkandi og vonandi verður þróunin áfram í þá átt að ferðalög séu ekki aðeins fyrir þá betur efnuðu. En það er alltaf gaman að láta sig dreyma eins og við gerum svo sannarlega í blaðinu þegar við skoðum dásamleg hönnunarhótel, skoska miðaldakastala eða afslöppun á fjarlægum ströndum. Nú eru að koma jól og ég er eins og flestir Íslendingar afskaplega heimakær á þessum tíma. Alltaf finnst manni jólin yndislegust „heima“. Mér finnst við samt oft einum of röð við að breyta út af vananum. Ég heyrði til dæmis bara í síðustu viku unga frænku mína „kvarta“ yfir að eyða gamlárskvöldi í Argentínu þar sem hún myndi missa af rakettunum hér, og vinkona mín ferðast alla leið frá Peking svo hún fari ekki á mis við sín íslensku jól. Auðvitað á maður ekki að setja sér of fastar skordur. Heimurinn er stór og fullur af ævintýrum og háttíðir á fjarlægum slóðum eru ekkert nema spennandi. Ein minnisstæðustu jól sem ég hef átt voru í Norður-Ástralíu í 48 stiga hita og það lak vatn eftir rúðunum vegna loftrakans! Tilgangur okkar með þessu blaði er að skoða leynistaði víðs vegar um hnöttinn, staði þar sem andrúmsloftið, fólkið, lyktin og umhverfið breytast í lifandi póstkort í huganum sem aldrei gleymist. Og umfram allt að finna staði sem búa yfir sérstökum töfrum: þessu fantasíuáviði sem leyfir okkur að dreyma áfram.

ferðalög kemur út mánaðarlega með sunnudagsblaði Fréttablaðsins.

Ritstjóri Anna Margrét Björnsson amb@frettabladid.is
Útlit Arnór Bogason og Kristín Agnarsdóttir

Forsíðumynd Silja Magg

Pennar Júlía Margrét Alexandersdóttir, Yvan Rodic

Ljósmyndir Fréttablaðið, Silja Magg, Yvan Rodic

Auglýsingar Bjarni Þór Sigurðsson bjarnithor@365.is



EKKI MISSA AF ÞESSU

Hvern hefur ekki dreymt um að eyða jólavikunni í skoskum kastala sem er alveg eins og út úr ævintýrabók? Að snæða hefðbundinn höfðinglegan mat í ævagömlum veislusölum, sofa í himnasæng, sjá jafnvel einn eða tvo drauga og eyða dögnum í dásamlegum göngutúrum í skosku Hálöndunum? Dalhousie Castle er virkiskastali frá 13. öld sem hefur verið gerður upp í gamaldags stíl. Kastalinn liggur við ána Esk og er í miðju skóglendi í um klukkutíma ökufjarlægð frá Edinborg. Dásamlegur friður ríkir innandyra en þar er að finna risastórt bókasafn og viskíbar við hliðina á myndarlegum arineldi og svo er hægt að snæða frábæran skoskan mat í eldgömlum neðanjarðarfangelsum. Engin tvö svefnherbergi eru eins og þar er vissulega hægt að finna fyrir anda hins ævaforna Skotlands. Rétt hjá kastalanum er svo það sem kallast „Falconry“, sem geymir lifandi fálka þjálfaða til veiða, en á miðöldum tókaðist að höfðingjar færu með fálkana sína á veiðar. Best geymda



leýndarmál Dalhousie-kastalans er þó heilsulind með öllum helstu nútímapægindum og þeir sem hafa þörf á nútímatækni geta huggað sig við WiFi í öllum herbergjum. Fyrir forvitna má geta þess að hin fræga „Roslyn“-kap-

ella er í um fimm mílna fjarlægð en getgátur hafa verið uppi um að hún tengist Maríu Mey og dularfullri arfleifð Jesú Krists eins og kom fram í bókinni Da Vinci lykillinn. Dalhousie-kastali býður upp á skemmtilega helgarpakka

sem spanna allt frá rómantískum kampavínshelgum, jólahelgum og svo upp í „Draugahelgi“ þar sem gestum gefst kostur á að heimsækja alla þá staði þar sem talið er reimt, bæði í kastalanum og nágrenni. - amb

HVAÐ? DALHOUSIE CASTLE Hotel and Aqueous Spa HVAR? Bonnyrigg, Edinborg, Skotland

[JÓLAJÓLA Á LEIÐ ÚT EÐA HEIM] Epal hefur nú um nokkurt skeið rekið verslun í Flugstöð Leifs Eiríkssonar og fyrir utan hinar litríku Marímekko-töskur er annar hlutur sem Íslendingar virðast hvað helst falla fyrir en það er hinn sæti jólaórói Georg Jensens en hann er söluhæsta vara Epals þar í stöð. Fallegur og klassískur gripur sem auðvelt er að grípa með sér og kostar 4300 kr.



Panorama bar Nýr og skemmtilegur bar og veitingastaður á Keflavíkurflugvelli.

ÚTSÝNISFLUG Á JÖRÐU NIÐRI

Panorama bar í Flugstöð Leifs Eiríkssonar er fyrsti viðkomustaðurinn í ferðalaginu.

Smekklegasta nýjungin á flugstöð Íslendinga er langþráð veitingarými og bar þar sem þreyttir eða spennir ferðalangar geta nært líkama og sál. Panorama bar er stór og fallega hönnuð setustofa og veitingastaður með útsýni beint út á flugbrautirnar. Flugvélaáhugamenn geta því punktað niður flugvélategundir en við hin getum slappað af

með kokkteil og tímarit í hönd. Veitingarnar eru ekki af lakara taginu en að sögn Ingigerðar Einarsdóttur, rekstrarstjóra staðarins, eru þær hugsaðar til þess að ferðalangurinn geti grip-ið mat án nokkurrar tafar og er því boðið bæði upp á girnilegt hlaðborð og svo ýmsa skyndirétti eins og „smörrebröd“ og gamlan góðan hamborgara með frönsk-

um. Klúbbar og hópar geta pantað rými fyrir fram sem er örlítið aðskilið frá hinu og gert sér glaðan dag og skálað í kampavíni áður en haldið er á loft. En hver skyldi eftirlætisbiti landans vera á flugstöðinni? „Þjórnin er alltaf vinsælastur. Og svo ljúffengt „smörrebröd“ með. Og ef til vill eitt skot af gammeldansk ef fólk er þínu stressað.“ - amb

MASI

úr Söngvaborg

Allur ágóði af Masa rennur til Barnaspítala Hringins.


MASI FÆST HJÁ HAGKAUP OG NI

Einnig er hægt að panta í gegnum poppskolinn@poppskolinn.is eða í síma 897 9409

NI HAGKAUP



15 áfangastaðir í Evrópu Sumarið 2008



» Verð frá:

7.995 kr.

Aðra leið með sköttum og öðrum greiðslum.


» Börn:

50%

Börn 11 ára og yngri í fylgd með fullorðnum, fá heimingsafslátt af verði fyrir skatta og aðrar greiðslur.

Iceland Express 
með ánægju

MIÐBAUGUR ÞAÐ HEITASTA Í ... HÓTELUM, VEITINGASTÖÐUM, GRÆJUM, BÚÐUM, MÖRKUÐUM OG FERÐANÝJUNGUM



Uppakirkja Í BÆHEIMI

Panton-stólar lífga upp á miðaldakirkju.

Heilög kirkja Sankti Bar-

EKKI MISSA AF ÞESSU

tólómeusar í Chodovice, í Austur-Bæheimi í Tékklandi, fékk nútímalega andlitslyftingu fyrir nokkrum mánuðum. Hönnuðir hjá Qubus Studio, Jakub Berdych og Maxim Velovsky bættu nýrri vídd í þennan barokk-helgidóm. Þeir héldu veggjunum hráum svo að ferðamenn gætu skoðað hvernig sagan hefur haft áhrif á málverk og skraut

á veggjunum. Rýmið sjálf er svo lýst upp með risastórri kristalskrónu og stólarnir fyrir söfnuðinn eru hinir frægu plaststólar eftir Verner Panton nema að skorinn var út kross í bakið á hverjum þeirra. Að síðustu fær gólf kirkjunnar aukna hlýju með fallegum persneskum teppum sem fyrirfinnast ofast í bænahúsum múslima. Sannkallaður kokkteill frá mismunandi menningarheimum og hönnunaráhrifum. - amb



TÉKKNESK HÖNNUN Qubus Studio á heidurinn af andlitslyftingu heilags Bartólómeusar í Chodovice í Tékklandi.

VEFSÍÐUR SEM KOMA TIL HJÁLPAR

1. TÝND Í PARÍS?

Tískudrósir nota mikið vefinn Chic Shopping Paris sem er eins konar ferðaskrifstofa sem býður upp á sérstakar verslunarferðir. „Bara leyndarmál sem besta franska vinkona þín myndi segja þér frá,“ segir eigandinn, Rebekka Perry Magniant. Bloggið hennar er stútfullt af gagnlegum upplýsingum um veitingahús eins og til dæmis kaffihúsið sem sjálf Catherine Deneuve á í Cinema du Panteon, upp í hótelið Hotel du Petit Moulin sem er hannað af Christian Lacroix í Marais-hverfinu. Auðvitað upplýsir hún líka ferðamenn um flottustu búðirnar, bestu flóamarkaðina og „vintage“-búðirnar.

► www.chicshoppingparis.com

2. SKRADDARINN FRÁ NEW YORK

Scott Shulmann er tískubloggstjarna New York-búa. Hann stýrði herradeildinni í Bergdorf Goodman og bloggið hans „The Sartorialist“ er orðið viðfrægt og var meðal annars nefnt sem eitt af áhrifamestu bloggum um hönnun af Time Magazine. Á þessum vef finnur þú alls kyns frábærar upplýsingar um matarbúðir, tískuverðslanir, veitingastaði og margt, margt fleira.

► www.thesartorialist.com

3. HVAR Á AÐ BORDA Í LONDON?

Hvergi eru jafnmargir veitingastaðir á fermetra eins og í bresku höfuðborginni og því ekkert skrytið að matgæðingar klóri sér í kollinum yfir hvert skuli halda. Ekki vill maður enda á lélegum ítölskum veitingastað uppfullum af túristum þegar maður hefur aðeins þrjú kvöld til stefnu til að hefja bragðlaukana upp í nýjar víddir. Boo's Reviews er skemmtilega snobbuð veitingahúsagagnrýni um alla nýjustu staðina sem vert er að heim-sækja í stórborginni.

► www.vogue.co.uk/blog/boos-reviews/

4. ALLT UM ALLT, ALLS STADAR

Time Out er biblíja ferðamannsins og hægt er að grípa eintak af blaðinu í næstum hvaða heimsborg sem er. Vefurinn er líka einstaklega vel skipulagður og auðvelt að finna alls kyns upplýsingar um hótél, búðir, veitingastaði, sýningar og aðra viðburði.

► www.timeout.com

5. HIPPI OG KÚL AMERÍKA

Blackbook er biblíja þeirra sem vilja alltaf vera með puttann á púlsinum. Tímaritið fjallar um allt sem viðkemur tísku, mat, veitingastöðum, börum, næturklúbbum og ferðalögum. Vefsíðan er líka algjör snilld.

► www.blackbookmag.com

HEIMAMAÐURINN

► París

HVAR GERIRÐU BESTU

JÓLAINNKAUPIN? Mér finnst alltaf jafn gaman að fara í Galerie Lafayette. Það er falleg stórverslun þar sem þú getur fundið allt í einum rykk. Hvað tísku varðar er þar allt frá dýrum hátískumerkjum niður í ódýrustu merkin.

FALLEGASTA KAFFIHÚSIÐ

TIL AÐ SETJAST Á Það er kannski klisja en Café des Flores á St. Germain er dásamlegt. Þetta er sögufrægt kaffihús þar sem allir helstu rithöfundar og heimspækingar komu saman fyrr á tímum. Svo er staðurinn enn með upprunalegri Art Deco-hönnun sem ég hrífst mjög af.

SVALASTI BARINN: Barinn á Hotel Costes. Þar er hægt að fá besta mojito Parísarborgar og þar er fallegasta fólkíð. Ég elska líka innréttingarnar, þarna er allt dimmrautt og drungalegt,

í hálfgerðum David Lynch stíl.

TIL AÐ KOMAST Í JÓLASKAP FER ÉG... Á Champs Elysées breiðgötuna. Þar eru öll trén fallega skreytt þúsundum af litlum perum og jólaskrautið í búðunum er dásamlegt.

HEITASTI NÆTURKLÚBBURINN UM ÞESSAR MUNDIR ER: ParisParis og le Baron. Þetta eru svona hipp og kúl staðirnir núna og



AGNIESZKA BARANOWSKA, STÍLISTI



tónlistin getur verið ágæt.

NÝJASTA UPPGÖTVUNIN ÞÍN Í PARÍS? Frábær ný Fifi Chachnil búð á Rue St Honoré. Unaðsleg og kynþokkafull nærföt.

BESTI STAÐURINN FYRIR RÓMANTÍSKA GÖNGUFERÐ: Hiklaust á Ile St.

Louis, á eyjunni í miðri Signu. Röfita þar um og fá sér æðislegan ís í Berthillon.



GLUHWEIN, HEIT EPLI OG KAKÓBOLLAR Jólamaðurinn í Vínarborg á sér 700 ára gamla sögu.

SUÐUPUNKTUR EVRÓPU

Vínarborg er smart, skemmtileg og menningarleg. Og hún er örugglega jólalegasta borg í heimi.

Vín er heimsfræg fyrir arkitektúr, hallir og listasöfn en er síður en svo bara fyrir miðaldrá menningarpostula. Borgin er einstaklega skemmtileg verslunarborg en þar er að finna frábærar tískuverðslanir, stórverslanir, innanhúsmuni og reyndar allt sem hugurinn gírnist á mjög svo þægilegum breiðum verslunargötum miðsvæðis. Austurríkismenn halda mikið upp á jólin og jólamarkaðurinn í Vín

er einstaklega skemmtilegur. Hann er á Rathausplatz (Ráðhústorginu) í hjarta borgarinnar og er upplýstur með fallegum jólaljóssum. Þar er hægt að finna alls kyns gjafir, gamaldags jólaskraut, Stollen-brauð, piparkökur og bökuð epli. Ungviðid getur farið í reiðtúra á ösnum eða í gamaldags hringekjur. Markaðurinn er 700 ára og kemur öllum í jólaskap. Hann er opin til 24. desember.

- amb

Tyrkland

Verðdæmi
Beint morgunflug 59.820
 í 2 vikur

MasterCard VISA

Forum Residence - Marmaris



Nýtt og glæsilegt íbúðahótel með stórum og björtum íbúðum, vel staðsett við aðalgötuna í Marmaris. Ströndin er í göngufæri og stutt í verslanir og veitingastaði.

Verðdæmi: **62.148,-**

á mann m.v. 2 með 2 börn í 2 vikur 21.5., 28.5, 20.8 og 27.8
 Verð á mann m.v. 2 fulloröna 78.275

Faber - Içmeler



Faber er einstaklega skemmtilegt íbúðahótel í Içmeler með ljúfu starfsfólki og góðum anda. Stutt í alla helstu þjónustu. Fallegur garður með góðri sundlaug.

Verðdæmi: **59.820,-**

á mann m.v. 2 með 2 börn í 2 vikur 21.5., 28.5, 20.8 og 27.8
 Verð á mann m.v. 2 fulloröna 73.620

Töfralandið Tyrkland verður stöðugt vinsælli áfangastaður fyrir ævintýraþyrsta Íslendinga sem vilja hafa það náðugt á fallegum ströndum, leika sér í sjónum eða kynnst dulúðarfullri menningarsögu landsins. Eyjan Marmaris er paradís Miðjarðarhafsins yfir sumartímann og smábærinn Içmeler hefur slegið í gegn með fegurð sinni og þjónustu við ferðamenn. Gist er á fyrsta flokks hóteli, loftið er hreint og stöðugur andvari frá sjónum kælir sólunnendur í hitanum. Komdu til Tyrklands og sjáðu sólina í nýju ljósi.

Ódýrustu sætin bókast fyrst!

UU
 ÚRVAL-ÚTSÝN

MIÐBAUGUR ÞAÐ HEITASTA Í ... HÓTELUM, VEITINGASTÖÐUM, GRÆJUM, BÚÐUM, MÖRKUÐUM OG FERÐANÝJUNGUM

Í ferðinni ætlum við að næla okkur í...

... NÝJASTA ILMINN FRÁ PRADA sem nefnist Infusion d'Iris og er dásamlegur blómilmur. Náðu þér í hann á undan Reykjavíkurdömunum. Fæst í helstu erlendu stórverslunum og Sephora.



... SMÖRTUSTU FERÐAHANDBÓK Í HEIMI

en hún er frá tískuhúsinu Louis Vuitton. Leiðarvísir að London og New York er kominn út fyrir 2008. Fæst aðeins í Louis Vuitton-búðum. www.louisvuitton.com



... LOMO FISHEYE

myndavél sem er afbrigði af hinni sögufrægu rússnesku Lomo-vél. Fisheye-vélin brenglar viðfangsefni sín, sem ætti að gefa þér skemmtilegustu partímyndir í heimi! Fæst í ýmsum erlendum safnabúðum og á www.lomography.com



... GRÆJU FRAMTÍÐARINNAR,

iPod Touch frá Apple sem er iPod og lófátölva allt í senn. Myndir, tónlist, internet, hvað meira getur maður bedið um? Fæst meðal annars í Elko í Flugstöð Leifs Eiríkssonar.



HEIMAMAÐURINN

► kaupmannahöfn



ÞÓRIR SNÆR SIGURJÓNSSON, KVIKMYNDAFRAMLEIÐANDI HJÁ ZIKZAK PRODUCTIONS

BESTI STAÐURINN TIL AÐ GERA JÓLA-INNKAUPIN: Allar litlu sniðugu göturnar fyrir ofan Strikið og fyrir ofan D'Angleterre hótelið. (Grønnegeade/Kronprinsessegeade/Pilestræde/Ostargade/Pistolstræde/ Adelgade)

FALLEGASTA KAFFIHÚSIÐ TIL AÐ FARA Á: Flottasta kaffihúsið í miðbænum er Café Victor og Bang og Jensen á Istedgade er góður „lókka“ bar, kaffi og internetstaður.

BESTI MORGUNVERÐURINN: Laundromat á Østerbro.

SMARTASTI BARINN: Boutique Lize á Istedgade, ég fer aldrei niður í bæ á kvöldin og þeir gera toppklassa Mojito.


FALLEGASTA JÓLASKRAUTIÐ ER Á... Magasin, Kongens Nytorv og í Tivólinu.

Á HVÆÐA VEITINGASTAÐ MYNDIR ÞÚ FÁ ÞÉR TRADITIONAL DANSKAN MAT? Sankt Anne í miðbænum og Sans Souci í Frederiksberg, hann er af gamla skólanum og hefur verið

opinn síðan 1902. **NÝJASTA UPPGÖTVUNIN ÞÍN Í KÖBEN:** Brunch a Sult - dálítið dýr (200 DK) en þar er buffet með frábæru úrvali. Og svo getur maður dottið í Cinemateket í bió eða skoðað kvikmyndabækur, enda allt í sama húsi og danska kvikmyndastofnunin (www.dfi.dk)

BESTI STAÐURINN TIL AÐ FARA MEÐ BÖRNIN: Laundromat á Østerbro, fullt af leikföngum fyrir krakkana og góður leikvöllur rétt hjá, á Arhusgade. Svo er dýragarðurinn náttúrliga frábær strax á eftir.

- amb



NÚTÍMALEG HÖNNUN Á GAMALLI VÍNEKRU

Franskri villu í Languedoc breytt í hótél þar sem þú getur dreypt á eðlvínnum héraðsins

Domaine de Verchant er nafnið á vínekru í eigu frönsku Verchant-ættarinnar sem á sér mikilfenglega tvö þúsund ára gamla sögu. Þessi glæsilega villa og „terroir“ sem er rétt hjá Montpellier í Suður-Frakklandi hefur nú fengið mjög svo skemmtilega andlitslyftingu því nýir eigendur hafa breytt henni í nýttískulegt hótél sem skartar fagurri hönnun. „Okkur langaði að gera eitthvað öðruvísi í þessu dásamlega umhverfi,“ segja hjónin Chantal og Pierre Mestre sem opnuðu hótelið í lok september. „Hótelið er lítið og því getum við veitt afar persónulega þjónustu. Við völdum það sem okkur fannst fallegast í bæði alþjóðlegri og ítalskri hönnun til að skapa afslappað en nútímalegt andrúmsloft.“ Boðið er upp á níu herbergi, tvær séríbúðir innan jarðareigninnar, eitt lítið hús og fjögur herbergi í húsnæði sem var áður notað fyrir verkamenn á vínekrunni, og öll eru með plasmaskjá, þráðlausu neti og míníbar. Enginn veitingastaður hefur verið opnaður sem stendur, en boðið er upp á morgunverð og léttu rétti í stofu sem snýr út að ilmandi jurtagarðinum. Í apríl verður opnuð heilsulind á jarðareigninni, þar sem verður sundlaug, tyrkneskt bað, golfvöllur og tennisvöllur. Rúsinan í pylsuendanum er svo auðvitað vínin sem eru framleidd á Verchant-vínekrunni en hún gefur af sér þrjú afbragðsgóð rauðvín, eitt rósavín og hvítvín sem var bruggað í fyrsta sinn fyrra. - amb

NÝTT



[FERÐAST Í HUGANUM] Í fjársjóðsbúðinni

Kisunni er ótrúlega gott úrval af hvers kyns ferðabókum sem ættu að veita öllum innblástur að frábærum ferðalögum. Allt um stórborgir, fjarlæg lönd, falleg hótél og hvar eigi að snæða.

Kisan, Laugavegi



Evrópa	26.900 kr.*
Bandaríkin	36.900 kr.*
Saga Class Evrópa	52.900 kr.*
Saga Class Bandaríkin	62.900 kr.*

*Skattar eru innifaldir í verði.

**Einungis fyrir handhafa
Vildarkorta VISA og Icelandair.**

Evrópa	32.900 punktar**
Bandaríkin	47.900 punktar**

**Greiða verður flugvallarskatta (Evrópa 8.205 kr., USA 13.065 kr.)

20% barnaafsláttur gildir í almennu farrými.

+ Pantaðu jólapakkann á www.icelandair.is

JÓLAGJÖF SEM FLÝGUR ÚT

JÓLAPAKKAR ICELANDAIR

Safnaðu
Vildarpunktum

VISA

Sölutímabil er til 24. des. 2007 kl. 18:00. Bókunartímabil er til og með 25. jan. 2008. Ferðatímabil er frá 12. janúar til og með 31. maí 2008. Til Bergen, Gautaborgar, Halifax og Toronto er ferðatímabilið til og með 15. júní 2008. Jólapakkatilboð gildir til allra áfangastaða sem Icelandair flýgur til í beinu áætunarflugi frá Íslandi. Undantekningar eru: Orlando, Salzburg, München, Madrid, Milanó og Barcelona. Lágmarksdvöl er aðfaranótt sunnudags. Takmarkað sætaframboð. Sjá nánari skilmála á www.icelandair.is. Þessar ferðir gefa 500 til 12.800 Vildarpunkta. Jólapakkarnir fást líka á söluskrifstofum Icelandair og í Fjarsölu í síma 50 50 100 gegn þjónustugjaldi.

SVADALEGAR BREKKUR og unaðsleg „après-ski“ stemning

Skíðaferðir hafa lengi notið vinsælda en hvað er það sem gerir það að verkum að ef fólk fer einu sinni vill það helst strax fara aftur? Ferðalög spurði nokkra skíðamenn og -konur hvert þau færu og hvað þau gerðu – annað en að skíða.

GÆSALIFUR OG KAMPAVÍN BESTA EFTIRSKÍÐA-SNAKKIÐ

PÁLL STEFÁNSSON LJÓSMYNDARI

HVERT FÓRSTU Í BESTA SKÍÐAFRIÐ PITT?

Það eru hiklaust þær ferðir sem við höfum farið í Dalina þrjá eða „Les Trois Vallées“ í frönsku Ölpunum sem er stærsta skíðasvæði í heimi. Við höfum verið í Meribel Mottaret sem er pínulítið þorp efst í miðjum dalnum. Svæðið er það stórt að við ákveðum alltaf á morgnana á hvaða veitingastað við hittumst í hádeginu og þar er alltaf einhver gómsætur réttur dagsins. Við fjölskyldan höfum verið þar tvö undanfarin jól vegna þess að ekkert er betra en snjór og franskur matur og vín. Við eigum örugglega eftir að fara þangað aftur og aftur.

HVERNIG SKÍÐI ÁTTU? Frekar stutt og stíf Atomic-skíði.

HVAÐ ER NAUÐSYNLEGT AÐ TAKA MEÐ SÉR Í GOTT SKÍÐAFERÐA-LAG FYRIR UTAN SKÍÐIN OG KLÆÐNAD? Fjölskylduna. Til þess er maður nú að þessu.

HVERT ER BESTA SKÍÐAHÓTEL SEM ÞÚ HEFUR DVALIÐ Á? Það var pínulítið austurrískt skíðahótel í Lech en þar var ég til dæmis í næsta herbergi við Júlíönu Hollandsdrottningu. Ég varð þó ekki var við neinar konunglegar hrotur. Hótelíð var svo sjarmerandi því týr-ólahefðir voru svo áberandi í rekstri þess. Það lá við að maður jóðlaði við morgunverðarborðið.

STÆRSTA SKÍÐASVÆÐI HEIMS Páll Stefánsson ljósmyndari hefur farið oftast en einu sinni í Dalina þrjá í frönsku Ölpunum og dvalið þá í litlu krúttlegu þorpi sem heitir Meribel Mottaret.



HVER ER ÆSILEGASTA BREKKA SEM ÞÚ HEFUR BRUNAÐ NIÐUR? Hún er í Selva á Ítalíu. Þar er heimsmeistaramót í bruni oftast haldið en ekki og það er mjög gaman að vera fyrstur þar niður þegar snjórinn í brekkunni er enn eins og flauel.

EFTIRLÆTIS SKÍÐAMÁLTÍÐIN?

Þegar lyftunum er lokað klukkan hálf fimm verslum við í lítilli kjörbúð og kaupum meðal annars gæsaliufrarkæfu, osta og ískalt kampavín og húsfreyjan töfrar eitthvað gott úr því.

HVAR ER BESTI SNJÓRINN? Utah. Ég hef ekki skíðað þar en er á leiðinni þangað.

FALLEGASTA SKÍÐASVÆÐIÐ? Dalirnir þrír eru langfallegasta svæðið.

HVAÐ ER ANNAÐ SKEMMTILEGT AÐ GERA Í SKÍÐAFERÐUM EN AÐ SKÍÐA? Það er einfaldlega bara samveran með fjölskyldunni, að vera með konu og börnum. Notalegt að vera úti saman, rjóður í kinnum og reyna á sig.

HVAÐ ER BEST AÐ GERA Á KVÖLDIN Í GÓÐU SKÍÐAFERÐA-LAGI? Við skíðum frá því er opnað og fram að lokum og tökum ekki mikil hlé. Því erum við svo þreytt á kvöldin og spennt að vakna til að halda áfram að við förum mjög snemma í háttinn.

HVERT MYNDIRÐU VILJA FARA NÆST Á SKÍÐI?

Ég er á leiðinni til Bandaríkjana, nánar tiltekið Klettafjallanna. Þar förum við í Jackson Hole, Wyoming og Deer Valley og verðum um jólin.



BESTI SNJÓRINN Arnar Sigurðsson, markaðsstjóri og skíðaspekúlant segir besta snjóinn vera í Colorado.



SLÖKUN PAR EXCELLENS Skíðaferðir eru að mati flestra ekki fullkomnaðar nema með arineld, slökun og gufubaði að lokinni útiveru.

FASHINA FONTANELLA Sigurður Kári Kristjánsson heimsótti þetta skemmtilega skíðasvæði í Austurríki á síðasta ári og var þar á skíðum allan daginn og skellti sér svo í gufubaði að degi loknum.



RENNDI SÉR NIÐU SIGURÐUR KÁRI KRISTJÁNSSON

HVERT FÓRSTU Í BESTA SKÍÐAFRIÐ PITT?

Besta skíðafrið sem ég hef farið í var til Fashina Fontanella í Austurríki, enda það eina sem ég hef farið í, en það var alveg frábært og stóð undir öllum mínum væntingum. Þarna vorum við með öllum okkar bestu vinum í ótrúlega góðu veðri, frábæru færi og fallegu umhverfi í austurrísku Ölpunum.

HVERNIG SKÍÐI ÁTTU? Ég á því miður engin skíði eins og stendur og hef því þurft að taka þau á leigu. En það stendur vonandi til bóta.

HVERT ER BESTA SKÍÐAHÓTEL SEM ÞÚ HEFUR DVALIÐ Á OG HVAD VAR ÞAÐ SEM GERDI ÞAÐ SVO FRÁBÆRT? Walsershof-hótelíð í Fashina Fontanella. Þar er allt til alls.

HVER ER ÆSILEGASTA BREKKA SEM ÞÚ HEFUR BRUNAÐ NIÐUR? Ætli það





FRAMKVÆMDASTJÓRI

Landsvirkjun óskar eftir að ráða framkvæmdastjóra fyrir Landsvirkjun Invest ehf.

Landsvirkjun er í hópi stærstu fyrirtækja landsins með heildareignir sem nema um 300 milljörðum króna og ársvelta er um 20 milljarðar. Fyrirtækið er starfrækt á grundvelli vottaðs gæðakerfis skv. ISO 9001 og framleiðsla og sala er vottuð skv. ISO 14001. Áhersla er lögð á stjórnun mannafla og þekkingar, fjölskylduvænt starfsumhverfi, jafnrétti og tækifæri til starfsþróunar.

Fyrr á þessu ári stofnaði Landsvirkjun dótturfélag, Landsvirkjun Invest ehf., og er það alfarið í eigu Landsvirkjunar. Um næstu áramót er fyrirhugað að sameina Landsvirkjun Invest og núverandi verkfræði- og framkvæmdasvið Landsvirkjunar í einu öflugum verkfræði-, verktöku- og fjárfestingarfélagi.

Tilgangur félagsins er m.a. að leita að og taka þátt í fjárfestingarverkefnum erlendis. Það mun hafa umsjón með undirbúningi og framkvæmd slíkra verkefna. Félagið fer með umráð yfir hlutum félagsins í dóttur- og hlutdeildarfélagum er starfa að ráðgjafar- og fjárfestingarverkefnum.

Starfssvið

- Ábyrgð á daglegum rekstri
- Stefnumörkun og markmiðasetning
- Seta í stjórn dóttur- og hlutdeildarféлага
- Áætlana- og samningagerð
- Umsjón með verkefnaöflun
- Umsjón með áhættu- og arðsemisgreiningu

Menntunar- og hæfniskröfur

- Háskólamenntun á sviði viðskipta- og/eða verkfræði eða sambærileg menntun
- Framhaldsmenntun nauðsynleg
- Reynsla af rekstri og stjórnun
- Frumkvæði og sjálfstæði
- Hæfni til að tjá sig í ræðu og riti
- Góð íslensku- og enskukunnátta nauðsynleg
- Lipurð í samskiptum og hæfni til sjálfstæðra og skipulagðra vinnubragða

Umsjón með starfinu hafa Auður Bjarnadóttir (audur.bjarnadottir@capacent.is) og Brynhildur Steindórsdóttir (brynhildur.steindorsdottir@capacent.is) hjá Capacent Ráðningum. Umsóknarfrestur er til og með 5. desember nk. Umsækjendur eru vinsamlega beðnir að sækja um starfið á heimasíðu Capacent Ráðninga, www.capacent.is

Í boði er

- fyrirmyndar starfsaðstaða og góður vinnuandi
- metnaðarfullt og faglegt vinnuumhverfi
- tækifæri til starfsþróunar

Við hvetjum konur jafnt sem karla til þess að sækja um starfið.

capacent
RÁÐNINGAR

Borgartúni 27 105 Reykjavík Sími 540 1000



FJÁRMÁLARÁÐUNEYTIÐ

Störf sérfræðinga á fjárreiðu- og eignaskrifstofu

Störfín eru annars vegar á sviði opinberra innkaupa og samskipta ríkis og einkamarkaðar og hins vegar á sviði lánamála og fjármálamarkaða.

Opinber innkaup og samskipti ríkis og einkamarkaðar

Starfið felst í stefnumótun, innleiðingu og eftirfylgni verkefna á sviði innkaupa ríkisins, útvistun, einkaframkvæmd o.fl. Einnig er um að ræða ráðgjöf í tengslum við einkavæðingu.

Hæfniskröfur eru að umsækjendur hafi háskólapróf í stjórnsýslufræði, viðskiptafræði, hagfræði, lögfræði eða sambærilega menntun. Mikilvægt er að umsækjendur þekki umhverfi fyrirtækjareksturs auk þess að hafa staðgóða þekkingu á opinberri stjórnsýslu.

Lánamál og fjármálamarkaðir

Starfið felst í stefnumótun í lánamálum ríkisins, eftirfylgni með framkvæmd lánamála og eftirliti með horfum á fjármálamarkaði.

Hæfniskröfur eru að umsækjendur hafi háskólapróf í stjórnsýslufræði, viðskiptafræði, hagfræði, lögfræði eða sambærilega menntun. Mikilvægt er að umsækjendur hafi þekkingu á íslenskum fjármálamarkaði og staðgóða þekkingu á opinberri stjórnsýslu.

Bæði störfín tengjast ýmsum verkefnum á sviði umbóta- og hagræðingarmála hjá ríkinu. Í þeim felst jafnframt gerð leiðbeininga og reglna og námskeiðahald á verkefnasviði skrifstofunnar. Nauðsynlegt er að umsækjendur eigi gott með að miðla hugmyndum í mæltu og rituðu máli, séu árangursmiðaðir, skipulagðir, sjálfstæðir í vinnubrögðum, eigi gott með samstarf og sýni frumkvæði.

Umsóknarfrestur vegna ofangreindra starfa er til og með 10. desember nk. Gengið verður frá ráðningum fljótlega. Um er að ræða heilsdagsstörf og kjör eru skv. kjarasamningum Félags háskólamenntaðra starfsmanna stjórnarráðsins og fjármálaráðherra. Ath. fyrirsprungnum verður eingöngu svarað hjá STRÁ MRI. Störfín henta jafnt konum sem körlum.

Guðný Harðardóttir og **Gunnar H. Ársæls**son hjá STRÁ MRI veita nánari upplýsingar. Vinsamlega sendið umsóknir og meðfylgjandi prófgögn til stra@stra.is. Viðtalstími er alla virka daga frá kl. 13-15 meðan á umsóknarferlinu stendur.



Suðurlandsbraut 6 - sími 588 3031 - www.stra.is

Sjá nánari upplýsingar á

www.stra.is

Fagmennska í yfir 20 ár



Viðskiptaráðuneytið fer með mál er varða verslun og kauparétt, fjármálamarkað, samkeppni, neytendarétt, alþjóðleg viðskipti og fjárfestingarsamninga og félagarétt. Á síðast liðnu vori var rekstur iðnaðaráðuneytis og viðskiptaráðuneytis skilin að. Nýtt skipurit viðskiptaráðuneytisins er verkefnabundið og tekur mið af mikilvægi allra starfsmanna við að koma stefnumálum ráðherra í framkvæmd og áherslum ráðuneytisins á teymisvinnu.

REKSTRARSTJÓRI

Í viðskiptaráðuneytinu er laust til umsóknar starf rekstrarstjóra.

Starfssvið

- Fjárræiður ráðuneytisins
- Áætlanagerð
- Mannauðsstjórnun
- Gæðastjórnun
- Ýmis verkefni innan verkssviðs ráðuneytisins

Menntunar- og hæfniskröfur

- Háskólapróf í viðskiptafræði, hagfræði eða sambærilegu námi sem nýttist í starfi
- Þekking og reynsla af opinberri stjórnslu, réttindum og skyldum starfsmanna ríkisins og launa- og bókhaldskerfi ríkisins æskileg
- Frumkvæði, skipulögð vinnubrögð og sjálfstæði í starfi
- Góðir samskiptahæfileikar

Um er að ræða fullt starf og æskilegt að viðkomandi geti hafið störf sem fyrst. Laun greiðast samkvæmt kjarasamningi FHSS og fjármálaráðherra.

Umsjón með starfinu hafa Auður Bjarnadóttir (audur.bjarnadottir@capacent.is) og Herdís Rán Magnúsdóttir (herdis.magnusdottir@capacent.is) hjá Capacent Ráðningum. Umsóknarfrestur er til og með 9. desember nk. Umsækjendur eru vinsamlega beðnir um að sækja um starfið á heimasíðu Capacent Ráðninga, www.capacent.is. Öllum umsóknum verður svarað þegar ákvörðun um ráðningu hefur verið tekin. Umsóknir gilda í sex mánuði.

capacent
RÁÐNINGAR

Borgartúni 27 105 Reykjavík Sími 540 1000

Landsvirkjun

Landsvirkjun er í hópi stærstu fyrirtækja landsins með heildareignir sem nema um 300 milljörðum króna og ársvelta er um 20 milljarðar. Fyrirtækið er starfrækt á grundvelli vottaðs gæðakerfis skv. ISO 9001 og framleiðsla og sala er vottuð skv. ISO 14001. Áhersla er lögð á stjórnun mannafla og þekkingar, fjölskylduvænt starfsumhverfi, jafnrétti og tækifæri til starfsþróunar.

SKRIFSTOFUSTARF STARFSMANNASVIÐ

Landsvirkjun óskar eftir að ráða í starf skrifstofumanns á starfsmannasviði. Viðkomandi heyrir beint undir framkvæmdastjóra starfsmannasviðs.

Starfssvið

- Skjalastjórnun
- Úrvinnsla gagna úr viðverkerfi, skráning og svörun starfsumsóknna
- Almenn þjónusta við starfsmenn
- Skráning í launa- og starfsþróunarkerfi
- Aðstoð við undirbúning námskeiða
- Skráning og uppfærsla á vef

Menntunar- og hæfniskröfur

- Stúdentspróf eða sambærileg menntun
- Reynsla af sambærilegum störfum
- Reynsla af skjalastjórnun
- Þekking á launavinnslu æskileg
- Góð íslensku- og enskukunnátta
- Góð tölvukunnátta, s.s. Word, Excel, PowerPoint skilyrði, þekking á vefsíðugerð kostur

Umsjón með starfinu hafa Auður Bjarnadóttir (audur.bjarnadottir@capacent.is) og Sigurður J. Eysteinnsson (sigurdur.eysteinnsson@capacent.is) hjá Capacent Ráðningum. Umsóknarfrestur er til og með 9. desember nk. Umsækjendur eru vinsamlega beðnir að sækja um starfið á heimasíðu Capacent Ráðninga, www.capacent.is

capacent
RÁÐNINGAR

Borgartúni 27 105 Reykjavík Sími 540 1000



Samtök atvinnulífsins eru heildarsamtök íslensks atvinnulífs sem hafa það meginmarkmið að skapa fyrirtækjum hagstæð skilyrði til að vaxa, þróast og bera arð. Samtökin kappkosta að veita félögum góða þjónustu og að vera öflugur málsvari atvinnulífsins gagnvart stjórnvöldum og almenningi. Á skrifstofu samtakanna starfa 19 manns og er nánari upplýsingar um samtökin að finna á vef samtakanna, www.sa.is.

VERKEFNASTJÓRI EVRÓPUMÁLA

Samtök atvinnulífsins auglýsa laust til umsóknar starf verkefnastjóra Evrópumála á stefnumótunar- og samskiptasviði. Gert er ráð fyrir því að viðkomandi verji um helmingi starfstímans í Brussel.

Starfssvið

- Fylgja eftir hagsmunamálum atvinnulífsins í tengslum við þær breytingar sem á hverjum tíma er verið að vinna að á Evrópulöggjöfinni
- Hafa tengsl við áhrifavalda í Brussel og þekkja vel til starfshátta framkvæmdastjórnar ESB, Evrópuþingsins, Eftirlitsstofnunar EFTA og EFTA
- Viðhalda tengslaneti innan stjórnkerfisins hér á landi, aðildarsamtaka SA, einstakra fyrirtækja og víðar
- Vera íslenskum fyrirtækjum innan handar í Brüssel og sinna öðrum tilfallandi verkefnum

Menntunar- og hæfniskröfur

- Háskólamenntun sem nýttist í starfi
- Þekking á íslenskrri stjórnslu og starfsemi hagsmunaaðila
- Þekking á íslensku atvinnulífi
- Framúrskarandi hæfni í mannlegum samskiptum
- Mjög gott vald á Íslensku og ensku í ræðu og riti
- Frönskukunnátta er kostur
- Hæfileiki til að greina inntak flókinna mála og skynja áhrif þeirra á íslenskt atvinnulíf

Umsjón með starfinu hafa Sigrún Yr. Arnadóttir (sigrun.yr.arnadottir@capacent.is) og Brynhildur Steindórsdóttir (brynhildur.steindorsdottir@capacent.is) hjá Capacent Ráðningum. Umsóknarfrestur er til og með 9. desember nk. Umsækjendur eru vinsamlega beðnir að sækja um starfið á heimasíðu Capacent Ráðninga, www.capacent.is

capacent
RÁÐNINGAR

Borgartúni 27 105 Reykjavík Sími 540 1000



Reykjavík leggur áherslu á að styrkja fjölskyldur og einstaklinga og stuðla að hamingju og heilbrigði bæjarbúa. Við bjóðum góða skóla fyrir börnin, öruggt og fallegt umhverfi, íþróttir, tómstundir og útveru fyrir alla aldurshópa. Mikill uppgangur er í bænum og hefur íbúafjöldinn risið jafnt og þétt síðustu árin og nú er svo komið að Reykjavík er fimmta stærsta sveitarfélag landsins. Við bjóðum nýja íbúa velkomna!

Ný hverfi í Reykjavík
Fjölmörg ný hverfi eru að rísa í bænum. Í sumum þeirra er verið að leggja lokahönd á byggingar, önnur eru enn á teikniborðinu. Tjarnahverfi er nýtt hverfi með 500 íbúðum. Þar hefur nýr grunnskóli þegar tekið til starfa sem og leikskóli. Í Dalshverfi I og II er gert ráð fyrir rúmlega 900 íbúðum. Hverfin tengjast og á milli þeirra verða nýir grunn- og leikskólar og hverfisþjónusta.

Í boði eru krefjandi störf með spennandi verkefnum framundan. Við hvetjum konur jafnt sem karla til þess að sækja um störf.

ERTU GÓÐUR STJÓRNANDI?

Vegna skipulagsbreytinga, mikillar uppbyggingar og vaxandi framkvæmda óskar Reykjavík að ráða öflugum og metnaðarfullum einstaklingum í stjórnendateymi bæjarins.



Framkvæmdastjóri fjármála- og rekstrarsviðs

Framkvæmdastjóri fjármála- og rekstrarsviðs heyrir undir bæjarstjóra og er einn af sex framkvæmdastjórum starfssviða Reykjavíkar. Framkvæmdastjóri vinnur náið með öðrum framkvæmdastjórum að verkefnum á þeirra sviðum. Á fjármála- og rekstrarsviði starfa 11 starfsmenn.

Starfssvið

- Yfirstjórn fjármálaþjónustu Reykjavíkar
- Ábyrgð á fjármálastjórnun bæjarsjóðs og tengdra stofnana
- Ábyrgð á fjárhagsáætlanagerð og eftirfylgni fjárhagsáætla
- Stefnumótun og markmiðasetning Balanced Scorecard (BSC)
- Útboðs- og innkaupastjórnun
- Skýrslugerð til yfirmanna og stjórnenda stofnana

Menntunar- og hæfniskröfur

- Viðskiptafræðimenntun á háskólastigi með áherslu á fjármál og/eða rekstur eða sambærileg menntun á háskólastigi. Framhaldsmenntun er æskileg
- Góð reynsla af bókhaldi og fjármálastjórn
- Þekking á áætlanagerð og rekstri
- Þekking á innkaupastjórnun og útboðsgerð
- Góð reynsla af verkefnastjórnun
- Góð þekking á upplýsingatækni
- Þekking og reynsla af stefnumótun og markmiðasetningu (Balanced Scorecard)
- Þekking á málefnum sveitarfélaga
- Frumkvæði og metnaður til að ná árangri í starfi
- Leiðtogaþæfileikar

Starfsþróunarstjóri/mannauðsstjóri

Starfsþróunarstjóri heyrir undir framkvæmdastjóra fjármála- og rekstrarsviðs og stýrir starfsmannaþjónustu Reykjavíkar.

Starfssvið

- Skipulagning og dagleg stjórn starfsmanna- og starfsþróunarmála
- Þátttaka í almennri stefnumótun og markmiðasetningu
- Stjórnun daglegrar vinnslu launa og gerð launaáætlunar
- Samræming starfsmannastefnu og starfsþróunarstefnu
- Stuðningur við stjórnendur stofnana hvað varðar starfsmannamál
- Upplýsingagjöf til stjórnenda og starfsmanna

Menntunar- og hæfniskröfur

- Viðskiptafræðimenntun á háskólastigi með áherslu á mannauðsstjórnun eða sambærileg menntun á háskólastigi. Framhaldsmenntun er æskileg
- Reynsla af starfsmannastjórnun
- Þekking á launavinnslu og kjarasamningum
- Góð þekking á upplýsingatækni
- Þekking og reynsla af stefnumótun og markmiðasetningu
- Þekking á málefnum sveitarfélaga er æskileg
- Frumkvæði og metnaður til að ná árangri í starfi
- Góðir samskiptahæfileikar

Framkvæmdastjóri umhverfis- og skipulagssviðs

Framkvæmdastjóri umhverfis- og skipulagssviðs heyrir undir bæjarstjóra og er hann einn af sex framkvæmdastjórum starfssviða Reykjavíkar og vinnur náið með öðrum framkvæmdastjórum að verkefnum á þeirra sviðum. Á skrifstofu umhverfis- og skipulagssviðs starfa 6 starfsmenn.

Starfssvið

- Þátttaka í stefnumótun sveitarfélagsins
- Yfirstjórn verkefna er snúa að umhverfismálum, skipulagsmálum og verkfræmum
- Verkefnastjórnun
- Innri og ytri samskipti

Menntunar- og hæfniskröfur

- Háskólamenntun sem nýtist í starfi á sviði tækni-, skipulagsmála eða stjórnsýslu
- Þekking á stjórnsýslu íslenskra sveitarfélaga
- Reynsla og þekking af verkefnastjórnun er nauðsynleg
- Skipulögð vinnubrögð
- Leiðtogaþæfni
- Árangursdrifni og metnaður

Umsjón með störfunum hafa Helga Jónsdóttir (helga.jonsdottir@capacent.is) og Hildur Sif Arnardóttir (hildur.arnardottir@capacent.is) hjá Capacent Ráðningum. Umsóknarfrestur er til og með 9. desember nk. Umsækjendur eru vinsamlega beðnir að sækja um störf á heimasíðu Capacent Ráðninga, www.capacent.is

capacent
RÁÐNINGAR

Borgartúni 27 105 Reykjavík Sími 540 1000



TM Software

Vilt þú skipta máli?

Upplýsingatækni á heilbrigðissviði

Markmið TM Software - heilbrigðislausna er að samþætta þekkingu á hugbúnaðargerð, klínísku vinnulagi og kröfur um öryggi sjúklinga. Við þróum hugbúnað sem styður við verklag og þarfir heilbrigðisstarfsfólks til hagsbóta fyrir sjúklinga og samfélagið. Helstu viðskiptavinir eru Landspítali - háskólasjúkrahús, Fjórðungssjúkrahúsið á Akureyri og allar heilsugæslustöðvar og heilbrigðisstofnanir á landinu.

Rekstur gagnagrunna

Við leitum að öflugum einstaklingi til að starfa í þjónustuteymi okkar. Starfið felst í rekstri gagnagrunna, uppsetningu og samþættingu kerfa fyrir sjúkrahús, heilsugæslur og heilbrigðisstofnanir ásamt þjónustu, ráðgjöf og greiningu verkefna.

Hæfniskröfur:

- Reynsla af sambærilegu starfi nauðsynleg. Fjölbreytt menntun á sviði upplýsingatækni kemur til greina.
- Þekking á helstu gagnagrunnum t.d. Oracle og/eða MS-SQL
- Reynsla af forritun kostur en ekki nauðsynleg

Hugbúnaðarþróun

Starfið felst í hugbúnaðarþróun og samþættingu leiðandi lausna fyrir sjúkrahús, heilsugæslur og heilbrigðisstofnanir. Við leitum að einstaklingum með menntun eða reynslu í forritun.

Hæfniskröfur:

- Háskólamenntun á sviði tölvunarfræði, verkfræði eða sambærileg menntun
- Haldgóð starfsreynsla af hugbúnaðarþróun æskileg
- Þekking á Oracle eða MS-SQL

Þróunarteymið starfar eftir vel skilgreindum framleiðsluferlum sem byggja á MSF hugmyndafræði. Áhersla er lögð á skipulögð og öguð vinnubrögð.

Hugbúnaðarprófanir - Handbókargerð

Starfið felst í gerð prófanatilkvika, einingaprófana og vinnu við framkvæmd þeirra. Þátttaka við innleiðingu prófunarhugbúnaðar og þróun prófunarferla.

Einnig leitum við að einstaklingi sem gæti haft yfirumsjón með gerð handbóka og kennsluefnis.

Hæfniskröfur:

- Fjölbreytt háskólamenntun kemur til greina
- Skipulögð og öguð vinnubrögð
- Skilningur á ferli þróunar og prófunar
- Reynsla af sambærilegum störfum æskileg

TM Software er leiðandi þekkingar- og þjónustufyrirtæki á sviði upplýsingatækni. Fyrirtækið þjónar um 1.200 viðskiptavinum um heim allan. TM Software hefur um árabil verið á „Europe's 500“ listanum sem eitt af framsæknustu fyrirtækjum í Evrópu.

Við leitum að öflugum einstaklingum sem eru búnir að sanna sig á sviði upplýsingatækni og langar að takast á við ný og ögrandi verkefni í öflu og framsæknu fyrirtæki.

Samstarfshæfni, sjálfstæð og öguð vinnubrögð auk metnaðar og vilja til að ná árangri eru eiginleikar sem við metum mikils.

Við bjóðum og leggjum áherslu á:

- Frábæran starfsanda og liðsheilid
- Góða starfsaðstöðu
- Sveigjanlegan og fjölskylduvænan vinnutíma
- Virka endurmenntun í starfi
- Margvísleg tækifæri til starfsþróunar
- Gott mótuneyti
- Laun og önnur starfskjör eftir samkomulagi


Gætt verður fyllsta trúnaðar um allar umsóknir og fyrirspurnir. Nánari upplýsingar veitir Torfi Markússon, starfsmannastjóri. Umsóknir með ferilskrá sendist til starfsmannastjóra torfi@t.is, fyrir 8. desember.

Tilheyrir þú framtíðinni?



Háskólinn í Reykjavík er í örum vexti og stöðugri þróun en við skólann er lögð áhersla á uppbyggingu rannsókna og alþjóðleg tengsl. Við HR eru nú lausar 14 nýjar stöður akademískra starfsmanna á eftirfarandi sviðum:

Þegar á heildina er litið, hversu ánægð(ur) eða óánægð(ur) ertu í starfi þínu hjá HR?*



* Könnun á meðal starfsmanna HR í október 2007

- Félagsvísindi
- Fjármál og/eða hagfræði
- Framkvæmdastjórnun/Byggingarverkfræði
- Hagnýt stærðfræði
- Hugbúnaðarverkfræði
- Íþróttfræði
- Lýðheilsufræði
- Lögfræði
- Meistaránám í verkfræði – forstöðumaður
- Rafmagnsverkfræði
- Rekstrarverkfræði
- Stjórnun og/eða mannauðsstjórnun
- Stærðfræði
- Tölvuöryggi

Nánari upplýsingar um ofangreind störf er að finna á www.hr.is/storf

Hlutverk Háskólans í Reykjavík er að skapa og miðla þekkingu til að auka samkeppnishæfni og lífsgæði. Akademískar deildir skólans eru fimm: Lagadeild, viðskiptadeild, kennslufræði- og lýðheilsudeild, tækni- og verkfræðideild og tölvunarfræðideild, og eru nemendur um 3.000.

Kennarar og starfsmenn skólans eru um 500 talsins og starfar um helmingur kennara jafnframt í atvinnulífinu hér á landi eða erlendis. Erlendir gestakennarar eru um 10%. Skólinn býður upp á tæplega 700 námskeið á ári, rúmlega 500 í grunnnámi og hátt í 200 á meistarastigi, með þarfir nemenda og atvinnulífsins í huga. Námið í öllum deildum Háskólans í Reykjavík er framsækið og tekur mið af því sem best gerist á alþjóðavettvangi.



HÁSKÓLINN Í REYKJAVÍK
REYKJAVÍK UNIVERSITY

Verkefnastjórnar í alþjóðlegu umhverfi

EC Software leitar að kraftmiklum verkefnastjóra sem þrífst í krefjandi umhverfi og vill starfa að alþjóðlegum verkefnum. Verkefnastjóri hjá EC Software er tengiliður milli viðskiptavina, hönnuða, forritara og annarra tæknaðila. Hann veitir viðskiptavinum ráðgjöf og hefur umsjón með verkefnum þeirra.

Helstu kostir verkefnastjóra hjá EC Software eru þessir:

- Þekking eða reynsla í vefmálum, vefsíðugerð og/eða vefverslunum.
- Háskólamenntun sem nýtist í starfi.
- Reynsla af verkefnastjórnun og öguð vinnubrögð.
- Áhugi og þekking á markaðsstarfi.
- Framúrskarandi hæfni til samskipta.
- Þekking á viðskiptahugbúnaði ss Oracle, Axapta eða Navision.
- Vilji til að takast á við verkefni í síbreytilegu markaðsumhverfi.

Nánari upplýsingar veitir Lind Einarsdóttir hjá Talent Ráðningum í síma 552-1600 eða í tölvupósti, lind@talent.is. Umsóknir óskast fylltar út á heimasíðu Talent Ráðninga, www.talent.is.

Umsóknarfrestur er til og með 5. desember 2007

ec SOFTWARE

EC Software þróar verslunarlausnir fyrir netið og styður viðskiptavinum sína til þess að ná árangri í viðskiptum á netinu, með ráðgjöf og þróun tæknilegra lausna. Hjá EC Software starfa á annað hundrað sérfræðinga á Íslandi, Svíþjóð, Tékklandi og Indlandi. Fyrirtæki á Íslandi og beggja vegna Atlantshafsins eru viðskiptavinir EC Software

TALENT
RÁÐNINGAR



PÓST- OG FJARSKIPTASTOFNUN

Hlutverk Póst- og fjarskiptastofnunar er að tryggja hagkvæm, örugg og aðgengileg fjarskipti og pósthjónustu og efla virka samkeppni á markaði. Meginþungi starfsmanna eru fjarskipti og tengd mál.

PFS starfar í alþjóðlegu umhverfi og hvílir starfsmenn annars vegar á alþjóðlegri þróun í fjarskiptum, upplýsingatækni og fjölmiðlun og hins vegar á lagagrundvelli EES svæðisins. Flestir starfsmenn PFS taka þátt í alþjóðlegum verkefnum.

Hjá PFS starfa nú 25 manns, aðallega sérfræðingar við úrlausn tæknilegra, viðskiptalegra og lagalegra verkefna er tengjast hlutverki stofnunarinnar.

PFS hvetur konur jafnt sem karla að sækja um störf.

Nánari upplýsingar á www.pfs.is

Lögfræðingur hjá PFS

Hjá Póst- og fjarskiptastofnun er laus til umsóknar staða lögfræðings

Starfssvið lögfræðings er m.a. fólgið í samningu álitgerða og stjórnákvæðana, lögfræðilegri ráðgjöf, samskiptum við póst- og fjarskiptafyrirtæki og undirbúningi stjórnákvæðareglna.

Hæfniskröfur eru að umsækjendur hafi lokið embættisprófi/MA í lögfræði eða sambærilegu prófi. Þekking á einhverju af eftirtöldum sviðum er æskileg:

- Fjarskiptarétti
- Stjórnákvæðarétti
- Samkeppnisrétti
- Persónuupplýsingarétti

Umsækjendur þurfa að hafa gott vald á og færni til að rita vandaðan texta á íslensku og ensku.

Um er að ræða krefjandi starf þar sem reynir á frumkvæði, lögfræðilega getu og kunnáttu. Starfið býður upp á möguleika á þátttöku í samstarfi við alþjóðasamtök og erlendar systurstofnanir í aðildarlöndum EES.

Í boði eru samkeppnishæf kjör í síbreytilegu og spennandi umhverfi, þar sem gerðar eru miklar fagkröfur. Verkefni eru ógrandi, vinnuumhverfið er vinalegt og aðbúnaður starfsmanna góður.

Umsóknarfrestur er til og með 10. desember nk. Gengið verður frá ráðningu skv. nánara samkomulagi. Vinsamlega athugið að fyrirspurnum verður eingöngu svarað hjá STRÁ MRI.

Vinsamlega sendið eigin starfsferilsskrár til stra@stra.is ásamt viðeigandi prófgögnum. Þeir sem eiga umsóknir fyrirleggjandi hringi eða sendi rafróst og tilkynni þátttöku.

Guðný Harðardóttir og Gunnar H. Ársælsón hjá STRÁ MRI veita nánari upplýsingar. Viðtalstími er virka daga frá kl. 13-15. STRÁ MRI, Suðurlandsbraut 6, sími 588 3031, www.stra.is

STRÁ MRI
WORLDWIDE

ÞJARKUR
vinnuföt

Verslun / Heildverslun

Hress og áreiðanlegur starfsmaður óskast til framtíðarstarfa. Fjölbreytt og líflegt starf.

Vinnutími 8-18 virka daga. Ekki helgarvinna.

Umsóknum óskast skilað á e-mail thjarkur@thjarkur.is

Umsóknarfrestur til 1 desember 2007

ÞJARKUR
vinnuföt



HEILBRIGÐIS- OG TRYGGINGAMÁLARÁÐUNEYTIÐ

Staða bókasafns- og upplýsingafræðings

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið auglýsir stöðu bókasafns- og upplýsingafræðings í skjala- og bókasafni ráðuneytisins lausa til umsóknar.

Verkefni:

- Þátttaka í daglegum rekstri skjalasafnsins
- Fræðsla og þjónusta við starfsmenn ráðuneytisins á sviði skjala- og upplýsingamála, þ.m.t. notkun Lotus Notes skjalastjórnkerfisins Málaskrár
- Önnur verkefni sem tengjast skjala og upplýsingamálum ráðuneytisins

Menntunar- og hæfniskröfur:

- Áskilið er BA-próf í bókasafns- og upplýsingafræði að lágmarki
- Þekking og reynsla af skjalastjórn og rafrænum skjala stjórnkerfum
- Góð íslenskukunnátta ásamt kunnáttu í ensku og a.m.k. einu Norðurlandamáli
- Sjálfstæð og skipuleg vinnubrögð
- Hæfni í mannlegum samskiptum

Launakjör eru samkvæmt samningi Félags háskóla- menntaðra starfsmanna Stjórnarráðsins.

Um er að ræða fullt starf og heyrir starfsmaðurinn undir skjala- og upplýsingastjóra ráðuneytisins. Æskilegt er að starfsmaður hefji störf í byrjun febrúar 2008.

Umsóknir ásamt upplýsingum um menntun og fyrri störf sendist heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytinu, Vegmúla 3, 150 Reykjavík eigi síðar en 17. desember nk.

Öllum umsóknum verður svarað þegar ákvörðun um ráðningu hefur verið tekin.

Nánari upplýsingar veitir Kristín Ólafsdóttir, skjala- og upplýsingastjóri ráðuneytisins, í síma 545 8700.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið
20. nóvember 2007
heilbrigdisraduneyti.is
postur@htr.stjr.is

Kíktu á Vinna.is



vinna.is
ATVINNUMIÐLUN
sími: 511 1144

Sérfræðingar óskast til starfa á Upplýsinga- og tæknisviði Kaupþings

Kaupþing leitar að öflugum einstaklingum til starfa í Hugbúnaðardeild og Tæknideild á Upplýsinga- og tæknisviði. Við leggjum áherslu á að ráða starfsfólk sem getur unnið sjálfstætt, sýnt frumkvæði í starfi, hefur góða enskukunnáttu, framúrskarandi samskiptahæfileika og á auðvelt með að vinna í hóp. Á Upplýsinga- og tæknisviði starfa rúmlega 160 manns í alþjóðlegu starfsumhverfi sem einkennist af metnaði og krefjandi verkefnum.

Hugbúnaðardeild – Sérfræðingur í þarfagreiningu

Starfssvið

- Frumgreining verkefna og mat á viðskiptatækifærum
- Þarfagreining og skilgreining nýrra hugbúnaðarlausna
- Umsjón með þróun kerfa á sviði viðskiptabankastarfsemi
- Þátttaka í verkefnum á sviði viðskiptagreindar (Business Intelligence)

Menntunar- og hæfniskröfur

- Háskólapróf í tölvunarfræði, verkfræði, viðskiptafræði eða sambærileg menntun
- Umtalsverð reynsla af störfum við hugbúnaðargerð
- Þekking á bankaumhverfi er kostur

Nánari upplýsingar um starfið veitir Baldur Kristjánsson hópstjóri Þarfagreiningar, s. 444-6425, baldur.kristjansson@kaupthing.com.

Hugbúnaðardeild – Sérfræðingar – Business Intelligence

Starfssvið

- Hönnun vöruhúsa gagna
- ETL sérfræðivinna
- Prófanir og gagnahæilindi í vöruhúsi gagna

Menntunar- og hæfniskröfur

- Háskólapróf í tölvunarfræði eða verkfræði og/eða umtalsverð starfsreynsla
- Þekking á einhverju af eftirfarandi er kostur: Business Objects Data Integrator, IBM DataStage, SQL

Nánari upplýsingar um starfið veitir Egill Másson hópstjóri Business Intelligence, s. 444-6459, egill.masson@kaupthing.com.

Hugbúnaðardeild – Skýrslugerð – Business Intelligence

Starfssvið

- Skýrslugerð með Business Intelligence verkfærum

Menntunar- og hæfniskröfur

- Háskólapróf í viðskiptafræðum eða umtalsverð starfsreynsla
- Þekking á gögnum sem við koma fjármálastarfsemi

Nánari upplýsingar um starfið veitir Egill Másson hópstjóri Business Intelligence, s. 444-6459, egill.masson@kaupthing.com.

Hugbúnaðardeild – Hugbúnaðarsérfræðingur/forritari

Starfssvið

- Forritun
- Forritun í Microsoft umhverfi
- Forritun í SAP umhverfi
- Þróun og nýsmiði á hugbúnaði
- Aðlögun og samþætting kerfa

Útgáfustjórnun

- Umsjón með útgáfu kerfa í prófanir og rekstur
- Eftirfylgni útgáfufæra deildarinnar

Menntunar- og hæfniskröfur

- Háskólapróf í tölvunarfræði eða verkfræði og/eða umtalsverð starfsreynsla
- Þekking á einhverju af eftirfarandi forritunarmálum er kostur: SAP, SAP ABAP, SAP ADD, SAP PI, C#, ASP, .NET, MS-SQL, BizTalk, InfoPath

Nánari upplýsingar um starfið veitir Per Christian Christensen forstöðumaður Hugbúnaðardeildar, s. 444 7212, per.c.christensen@kaupthing.com

Tæknideild – SQL kerfisstjóri

Starfssvið

- Hönnun, uppsetning og rekstur gagnagrunnsumhverfa
- Eftirlit með rekstri og bilanagreining
- Greining og endurbætur á afköstum
- Skjölun verkefna og kerfa
- Ýmis önnur verkefni tengd gagnagrunnsumhverfi Kaupþings

Hæfniskröfur

- Reynsla af forritun MS SQL gagnagrunna skilyrði
- Reynsla af rekstri æskileg

Nánari upplýsingar um starfið veitir Hilmar Karlsson forstöðumaður Tæknideildar, s. 444 6420, hilmar.karlsson@kaupthing.com.

Tæknideild – Vef- og kerfisstjórnar

Starfssvið

- Hönnun, uppsetning og rekstur vefja og vefkerfa
- Umsjón með útgáfu kerfa í prófanir og rekstur
- Eftirlit með rekstri og bilanagreining
- Greining og endurbætur á afköstum
- Skjölun verkefna og kerfa

Hæfniskröfur

- Reynsla af rekstri vefkerfa gagnagrunna skilyrði
- Forritunarþekking æskileg (.Net, C#, MS-SQL)

Nánari upplýsingar um starfið veitir Hilmar Karlsson forstöðumaður Tæknideildar, s. 444 6420, hilmar.karlsson@kaupthing.com.

Tæknideild – Verkefna og samstæðustjóri (e. Project and Configuration manager)

Starfssvið

- Rekstur og stjórnun verkefna innan tæknideildar
- Samstæðustjóri skv. ITIL aðferðafræðinni
- Umsjón með skjölun verkefna og kerfa
- Samskipti við verkkaupa, notendur og verktaka
- Tíma- og kostnaðaráætlanir

Hæfniskröfur

- Reynsla af verkefnastjórnun skilyrði
- Þekking á ITIL aðferðafræðinni kostur
- Forritunarþekking kostur (t.d. MS-SQL, VB scripting)
- Háskólapróf í viðskiptafræði, tölvunarfræði, verkfræði eða sambærileg menntun

Nánari upplýsingar um starfið veitir Hilmar Karlsson forstöðumaður Tæknideildar, s. 444 6420, hilmar.karlsson@kaupthing.com.

Umsækjendur sækja um á vefsíðu bankans, www.kaupthing.is.

Umsóknarrestur er til og með 6. desember. Nánari upplýsingar veitir Íris Guðrún Ragnarsdóttir á Starfsmannasviði, s. 444 6377, netfang iris.ragnarsdottir@kaupthing.com

DEBENHAMS REKSTRARSTJÓRI

Debenhams óska að ráða rekstrarstjóra verslunarinnar í Smáralind.

Starfssvið

- Yfirumsjón með rekstri og stjórnun verslunarinnar
- Áætlanagerð (rekstrar-, sölu- og markaðsáætlanir) og eftirfylgni
- Innkaup og samskipti við birgja
- Starfsmannastjórnun
- Fylgjast með nýjungum á markaðinum

Menntunar- og hæfniskröfur

- Háskólamenntun
- Reynsla af gerð sölu- og rekstraráætla
- Reynsla af rekstri verslunar nauðsynleg
- Þekking á innkaupum á fatnaði
- Reynsla af stjórnun
- Góð samskiptahæfni
- Frumkvæði og metnaður til að ná árangri í starfi

Umsjón með starfinu hafa Helga Jónsdóttir (helga.jonsdottir@capacent.is) og Guðriður D. Hálfðanardóttir (gudridur.halfdanardottir@capacent.is) hjá Capacent Ráðningum. Umsóknarfrestur er til og með 2. desember nk. Umsækjendur eru vinsamlega beðnir að sækja um starfið á heimasíðu Capacent Ráðninga, www.capacent.is

capacent
RÁÐNINGAR

Borgartúni 27 105 Reykjavík Sími 540 1000



VERSLUNARSTJÓRI

Ólavía og Oliver óska eftir að ráða verslunarstjóra til að sinna daglegum rekstri verslunarinnar. Viðkomandi mun einnig annast sölu og ráðgjöf í versluninni. Starfshlutfall er 75-100%, vinnutíminn getur verið sveiganlegur innan tímabilsins 10:00-18:30, en viðkomandi verður að vera tilbúinn að vinna á laugardögum.

Starfssvið

- Daglegur rekstur verslunar
- Starfsmannahald, ráðningar, mönnun og vaktaplan starfsmanna
- Verðútreikningar
- Umsjón með birgðabókhalda
- Samskipti við erlenda birgja
- Sala og ráðgjöf í verslun

Hæfniskröfur

- Reynsla af verslunar- og/eða sölustörfum
- Söluhæfni og afburða þjónustulund
- Samskipta- og stjórnunarhæfni
- Góð enskukunnátta
- Frumkvæði og sjálfstæði

 www.egnamidlun.is • Opið Mánud - Föstud 9-17
 Sími 588 90 90
 SVERRIR KRISTINSSON löggiltur fasteignasali

LANGHOLTSVEGUR 97 - LAUS STRAX



Frum

Falleg 154,9 fm (þ.a. er bílskúr 31,1 fm) hæð + ris. Eignin skiptist í 3 svefnh. 3 stofur, baðherb., gestasnyrtingu, geymslur ofl. Bílskúr er fullbúinn. Mjög falleg og vel skipulögð eign í grónu og fallegu hvefi. Eignin afhendist við kaupsamning. Verð 38,5 millj.

**EIGNIN VERÐUR TIL SÝNIS Í DAG, (SUNNUDAG)
 FRÁ KL. 15:00-16:00.**

Arnarneshæð

FRIEDRICH

**ENGIN
 STIMPILGJÖLD**

Við bíðum ekki lengur!

Nú afnemur Hanza stimpilgjöldin af húsnæðisláninu þínu við íbúðar-kaup á Arnarneshæð og endurgreiðir þér gjöld af allt að 20 millj. kr. láni á íbúð og 30 millj. kr. láni fyrir radhús í nóvember og desember.

Paulvant starfsfólk Húsakaupa liðsinnir þér af alúð og vandvirkni enda býr Húsakaup að 20 ára reynslu af farsælli miðlun fasteigna. Þeir sem þurfa að selja eða kaupa fasteignir geta treyst því að þjónustan er fagleg, skjót og skilvirk. Við seljum eignina þína.

HÚSAKAUP

Verkefni á vegum

hANZA

Sími 530 1500 | Suðurlandsbraut 52 | Guðrún Árnadóttir löggiltur fasteignasali | www.arnarnes.is

HRAUNHAMAR
 FASTEIGNASALA

Bæjarhrauni 10 - Hafnarfirði - Sími 520 7500 - www.hraunhamar.is

KIRKJUBREKKA - ÁLFTANES PARHÚS



Hraunhamar fasteignasala hefur fengið í einkasölu glæsilegt 219 fm parhús m. bílskúr, á 2 hæðum á Álftanesi. Eignin afhendist fullbúin að utan með grófjafnaðri lóð en að innan foheld. Áhvílandi hagstætt lán upp á 18. Milljónir. Til afhendingar strax. Eignarlóð. Upplýsingar og teikningar á skrifstofu Hraunhamars.

Pantið skoðun í s. 663-2430 eða 699-2430

ÖGURÁS - GARÐABÆ 4RA HERB.



Frum

Hraunhamar fasteignasala var að fá í einkasölu sérlega fallega 117 fm 4ra herbergja endaíbúð á 2 hæð (efstu) í litlu fjölbýli með sérinnangang vel staðsett í Áshverfi í Garðabæ. Eignin skiptist í forstofu, hol, stofu, borðstofu, eldhús, gang, tvö barnaherbergi, hjónaherbergi, baðherbergi, þvottahús og geymsluloft. Glæsilegar innréttingar og gólfefni. Frábært útsýni. Verð 34,9. millj.

Upplýsingar veitir Þorbjörn Helgi
 sölumaður gsm 8960058

Magnús Emilsson, löggiltur fasteignasali

HRAUNHAMAR

FASTEIGNASALA

Bæjarhrauni 10 - Hafnarfirði - Sími 520 7500 - www.hraunhamar.is

STRANDGATA - HF.



Um er að ræða fallega rísbúð í miðbænum. Íbúðin er mikið undir súð og mælist í fasteignamati aðeins 36 fm en gólfhlötur er mun meiri. Gengið er inn í forstofu sem er sameiginleg með annarri íbúð. Stígi þaðan upp, pallur, hol flisalagt. Stór stofa með tveimur kvistum, fallett útsýni út á höfnina. Eldhús er opið inn í stofu, nýleg innrétting, flisar á eldhúsi, niðurlímt parket á stofu. Herbergi með dúk á gólf. Badherbergi flisalagt með badkari. Góðar geymslur undir súð. **Verð 12,9 millj.**

Magnús Emilsson, löggiltur fasteignasali

BÓKAÐU SKOÐUN



ERLUÁS - 221 HFJ.

Mjög falleg 2ja - 3ja herb. íbúð með séringangi og hellulagðri verönd í litlu tveggja hæða húsi. Lítið vinnu/barnaherbergi í íbúð. Sérmerkt bílastæði. Öll þjónusta er alveg við, leikskóli, grunnskóli, verslanir o.fl. Þetta er mjög falleg íbúð á rólegum stað í Hafnarfirði. **VERÐ 19,9 millj.**

Akkurat
FASTEIGNASALA
STÓRHÓFDA 27
Sími 594 5000

Nánari uppl. **Ingvar Ragnarsson lögg. fast.**
sími 822 7300

BÓKAÐU SKOÐUN



KRÓKAMÝRI - 210 GBÆ.

LAUS VIÐ KAUPSAMNING! Um er að ræða skemmtilegt og fallett 106,3 fm parhús á besta stað í Garðabænum. Efri hæð er töluvert undir súð og því eru fermetrar fleiri en þeir sem eru uppgæfnir samkvæmt FMR. **VERÐ 32,9 millj. Lyklar á skrifstofu.**

Akkurat
FASTEIGNASALA
STÓRHÓFDA 27
Sími 594 5000

Nánari uppl. **Ingvar Ragnarsson lögg. fast.**
sími 822 7300



FASTEIGNA-MARKAÐURINN

ÓÐINGSGÖTU 4, SÍMI 570 4500, OPIÐ VIRKA DAGA KL. 9-17.

Netfang: fastmark@fastmark.is - www.fastmark.is

Jón Guðmundsson, sölustj. og lögg. fast.sali. Guðmundur Th. Jónsson, lögg. fast.sali.

VANTAR ÞIG EIGN FYRIR JÓL? TVÆR EIGNIR LAUSAR TIL AFHENDINGAR VIÐ KAUPSAMNING

Kjarrmóar 12 - Garðabæ

Endurnýjað raðhús. Opið hús í dag frá kl. 14-15



Fallett 85 fm raðhús sem er hæð og ris ásamt 30 fm sérstæðum bílskúr. Á aðal hæðinni eru anddyri, hol, stofa með útgangi á verönd, opið eldhús, 1 herbergi og badherbergi. Uppi er opið parketlagt opið rými. Eignin er mikið endurnýjuð.

Laust til afhendingar strax. **Verð 39,5 millj.**
Eignin er til sýnis í dag, sunnudag, frá kl. 14-15. Verið velkomin!

Sörlaskjól 94

Glæsileg neðri sérhæð ásamt bílskúr. Opið hús í dag frá kl. 16-17



Glæsileg 109 fm neðri sérhæð í góðu steinsteypu þrjúbýlishúsi ásamt 25 fm bílskúr í vesturbænum. Hæðin er mikið endurnýjuð á vandaðan og smekklegan hátt m.a. gólfefni, innréttingar og innihurðir og skiptist m.a. í 2 rúmgóðar stofur, 2 herb. og vandað eldhús. Svalir til suðvesturs. **Fallett útsýni til sjávar. Laus til afh. við kaup-samning. Verð 49 millj.**

Íbúðin er til sýnis í dag, sunnudag, frá kl. 16-17. Verið velkomin!

Arnarneshæð

Ég bý á besta stað

Arnarneshæðin er einstaklega vel staðsett á eftirsóttum stað á höfuðborgarsvæðinu. Hverfið er sólríkt og skjólsælt, með gullfallett útsýni til allra átta. Stutt er í alla verslun og þjónustu, fjölmargir skólar eru í næsta nágrenni og ótal frábær íþrótt- og útivistarsvæði innan seilingar.

Opið hús í Hofakri 5 í dag frá kl. 14-15



Ný íbúð

Vorum að taka til sýningar glæsilega íbúð, fullbúna húsgögnum frá EGG.

Frábær hönnun

- Lyfta
- Bílastæðageymsla
- Stórar stofur
- Sudursvalir
- Gott útsýni
- Lágmarksviðhald



Sími 530 1500 | Sudurlandsbraut 52 | Guðrún Árnadóttir löggiltur fasteignasali | www.arnarneshæð.is

Verkefni á vegum
HAARZA

NESEIGNIR

Sími 535 0200 www.neseignir.is

FASTEIGNASALA | ÁNANAUSTUM V/ SÓLVALLAGÖTU 84

Sigurbjörn
sólmaður

Kári Kort
gsm: 892 2506
kari@neseignir.is

Gunnar Valdimarsson
lögg. fasteignasali
og vískafrabingur
gsm: 895 7838
gunnar@neseignir.is

Frístundajörð - Suðurland



Ein flottasta frístundajörðin á suðurlandi, á frábærum stað við Þjórsárós, aðeins klukkustundar akstur frá Reykjavík. Fljótshólar 2 & 3, Flóahreppi (Gnúpverja til forna), 801-Selfoss, jörð í byggð, um 195ha, þar af 18,7ha ræktað og 100ha graslendi. Um 300ha landsvæði sem er að miklu leyti leirur sem eru frábær útivistarsvæði fyrir útreiðar. Það landsvæði er í sameign við Fljótshóla 1&4. Hentugt fyrir hrossa- og/eða sauðfjárrækt. Íbúðarhús 223,4fm, sem skiptist í 100fm hæð með 2 stofum, svefnherbergi, eldhús með borðkrók, badherbergi. Rishæð 45fm með 4 svefnherbergjum og lítið niðurgrafinn kjallari sem nú er notaður sem geymsla, en sem má innrétta til íbúðar. 78 fermetra nýuppgergt einbýlishús úr timbri tilbúið undir málningu. Úti-hús samtals 880fm eru; fjós og fjárhús sem breytt hafa verið í hesthús, 2 hlöður. Önnur er notuð við frumtamningar. Véla-/verkfærageymslur, haughús og til viðbótar, rúllubaggahlaða. Veiðiréttur í Þjórsá, sjóbirtings- og selveiði. Mikil gæsaveiði. **Verð kr. 128 M.**

Uppl. **Sigurbjörn, s. 53-50-207 & 862-2107**

Gunnar Valdimarsson, lögg. fasteignasali

Langholtiðvegur 34, 104 Reykjavík.
OPIÐ HÚS Í DAG MILLI KL : 16-17



Mjög falleg 73,2fm 3ja herb.íbúð í kjallara í góðu tvíbýlishúsi. Eignin skiptist í: Forstofu með flísum á gólfu, hol með skápum, baðherbergi með sturtuklefa, innrétting við vask, tvö góð herbergi, annað með skáp, rúmgóða stofu með gluggum á tvo vegu, eldhús með borðkrók og geymslu með hillum. Sam. þvottahús og þurrkerfi. Búið er að skipta um, raf-lagnir, töflu, ofnalagnir. Húsið er nýlega málað að utan. **MJÖG GÓÐ EIGN, LAUS FYRIR JÓL. V-18,5 millj. (5139)**

Björg og Óli taka vel á móti ykkur í dag milli kl. 16-17.

Efstasund 100, 104 Reykjavík



Mjög góð 52,3fm 2ja herb.íbúð á 2 hæð í litlu fjölbýlishúsi. Eignin skiptist í: Forstofu, eldhús, stofu, herbergi, baðherbergi. Flísar á gólfum. Í kjallara er sér geymslu og sam.þvottahús. **EIGNIN ER LAUS TIL AFHENDINGAR STRAX. V-14,9millj.(5138)**

Ásmundur (895-3000) tekur vel á móti ykkur í dag milli kl : 14:30-15:30.

TIL SÖLU/ LEIGU.
Vagnhöfði Reykjavík.



Mjög gott 1224 fm atvinnuhúsnæði á góðum stað á höfðanum. Eignin er á þremur hæðum hver hæð rúmlega 400 fm. Efsta hæðin er í útleigu, mjög góðir leigjendur. Á jarðhæðinni eru fjögur bíl, góðar innkeyrsludyr. Kjallarinn er með góðri lofthæð, rampur er niður í kjallarann frá Vagnhöfða. Jarðhæð og kjallarinn er laust strax til leigu strax. **V-230 millj. (5114)**

Allar frekari upplýsingar veitir Leifur Aðalsteinsson í síma 820 8100.

Stangarhylur



Mjög vel staðsett 1.712,10 fm. atvinnuhúsn. á 2 hæðum auk kjallara. Ólgerð Egils Skallagrímssonar hf. leigir allan kjallara hússins og er aðkoma að þeim hluta niður fyrir húsið að norðurhlíð þess. Aðalinnangangur er á vesturhlíð hússins og er gengið inn á 1. hæð þess og upp stigagang að rishæðinni. Húsnæðið er nýtt í dag undir æfinga-/endurhæfingarstöðina Hreyfiland og er innréttað með tilliti til þeirrar starfsemi. Skrifstofustarfsemi er í nýrri hluta rishæðar. Húsið er í góðu ástandi að utan, aðkoma og bílastæði með ágætum. Húsið er í leigu á tæpar kr. 2.000.000 per mánuð. **V-340 millj.**

Allar frekari upplýsingar veitir Leifur Aðalsteinsson í síma 820 8100.

KLETTAGARÐAR. STÓRGLÆSILEGT
2820 FM STÁLGRINDARHÚS



Húsnæðið er einstaklega vel staðsett rétt við Sundahöfn sem samanstendur af 1733,4 fm vörulager, lofth. við útvegg 10,7m. en hæð við mæni 12,7 m. Á húsinu eru 3 stórar útkeyrsludyr og er hver þeirra 4,70 m. á breidd og 4,23 m. á hæð. Búið er að setja upp ca: 647 fm milliloft sem skiptist í 523 fm á 2. hæð en þar eru skrifstofur, kaffistofa, lager o.fl. Yfir 2. hæð er 124 fm skrifstofuhúsnæði með góðu útsýni yfir vinnusal. Húsið er einangrað. Mjög óflugt loftræstikerfi. Stórt malbikað bílaplan. Lóðin er afgirt. Stutt er í allar helstu flutningsmiðstöðvar s.s.: Flytjandi og Landflutninga.

Allar frekari upplýsingar veitir Leifur Aðalsteinsson í síma 820 8100.

Leifur Aðalsteinsson Löggildur fasteignasali.

A



Bókaðu skoðun!

LÆKJARVAÐ - 110 REYKJAVÍK.

Mjög góð efri sérhæð með góðum bílskúr (160,5 fm samtals). í Norðlingaholti. Verð: 43 millj. **Nánari uppl. veitir Viggó lögg.fast. 824 5066**

K



Bókaðu skoðun!

ENGIHJALLI - 200 KÓPAVOGUR.

Góð 3ja herbergja 90,0 fm íbúð á 6.hæð í lyftuhúsi með tvennum stórum svölum og miklu útsýni. Snyrtleg íbúð með nýlegum gólfefnum. **Verð: 20,5millj. Nánari uppl. veitir Þóra lögg.fast. 822 2225**

K



Bókaðu skoðun!

BURKNAVELLIR - 221 HAFNARFJ.

Falleg 3ja herbergja 87,6 fm íbúð á 4.hæð (efstu) í lyftuhúsi með miklu útsýni. Sérmerkt staði í lokaðri bílageymslu fylgir íbúðinni. Vandaðar innréttingar og gólfefni. **Verð. 24,3 millj. Nánari uppl. veitir Þóra lögg.fast. 822 2225**

U



Bókaðu skoðun!

HELLISHÓLAR - 800 SELF.

Fokheld eign. Skemmtilegt, alls 128 fm raðhús á einni hæð. Gert ráð fyrir 2 svefnherbergjum. Timburhús á steyptum grunn. **Verð 15,7 millj. Nánari uppl.veitir Halla lögg.fast. 824-5051**

R

A



Bókaðu skoðun!

17. JÚNÍTORG - 210 GARÐABÆR.

Íbúðir fyrir 50 ára og eldri. Glæsilegar3ja-4ra herb. íbúðir á besta stað í Garðabæ. Mjög fallegt umhverfi og stutt í góðar gönguleiðir. Íbúðirnar eru afhentar fullbúnar án gólfefna, nema á baði og þvottúsi eru flísar. **Verð frá 23,5-43 millj. Nánari upplýsingar á skrifstofu Akkurat fasteignasölu 594 5000**

T

Akkurat
FASTEIGNASALA
STÓRHÖFÐA 27
Sími 594 5000

Halla Unnur Helgadóttir lögg. fast. 824 5051
Viggó Sigursteinsson lögg. fast. 824 5066
Ingvar Ragnarsson lögg. fast. 822 7300
Þóra Þrastardóttir lögg. fast 822 2225



Þórðarsveigur 6 - Opið hús
í dag kl. 16-17, bjalla 401

4ra herbergja 106,8 m2 íbúð á 4. hæð. Íbúðin skiptist í forstofu, stofu, eldhús, hjónaherbergi, 2 barnaherbergi, baðherbergi, þvottahús og geymslu auk stæðis í bílageymslu.

Verð 29,9 milljónir.
Lágmúli 7, sími 535_1000 **Stakfell.is**

BÓKAÐU SKOÐUN



BÓKAÐU SKOÐUN



SMÁRARIMI - 112 RVK.

Sérlega fallegt 196,5 fm einbýlishús með tvöföldum flísalögðum bílskúr. 4 svefnherbergi, 2 baðherbergi. Nuddbaðkar og sturtuklefi. Arinn í stofu. Stór afgirtur sólpallur. Í góðum og rólegum botnlanga, örstutt í skóla, leikskóla og alla þjónustu. **VERÐ 59,7 millj. Nánari uppl. Ingvar Ragnarsson lögg. fast. sími 822 7300**

Akkurat
FASTEIGNASALA
STÓRHÖFÐA 27
Sími 594 5000

BÓKAÐU SKOÐUN



BÓKAÐU SKOÐUN



RÓSARIMI - 112 RVK.

Falleg og vel skipulögð 3ja herb. íbúð með bílskúr á þessum rólega stað. Nýlega innréttað baðherbergi, góð þvottaaðstaða inn af baði. Íbúðin með bílskúr er alls 92,6 fm. Suðursvalir. Stutt í alla þjónustu, skóla o.s.frv. **VERÐ 22,9 millj. Nánari uppl. Ingvar Ragnarsson lögg. fast. sími 822 7300**

Akkurat
FASTEIGNASALA
STÓRHÖFÐA 27
Sími 594 5000



FASTEIGNA-
MARKAÐURINN

ÓÐINGSGÖTU 4, SÍMI 570 4500, OPIÐ VIRKA DAGA KL. 9-17.
Netfang: fastmark@fastmark.is - www.fastmark.is
Jón Guðmundsson, sölustj. og lögg. fast.sali. Guðmundur Th. Jónsson, lögg. fast.sali.

Kjarrvegur 2

Glæsilegt einbýli í Fossvognum við opið svæði
Opið hús í dag frá kl. 14-16



Glæsilegt einbýlishús/tengihús staðsett við opið svæði, skógi vaxið með útsýni yfir Fossvogsdalinn og til sjávar. Húsið er um 380 fm þ.m.t. 30,7 fm bílskúr, kj. og 2 hæðir, innréttað á vandaðan og smekklegan hátt og skiptist m.a. í 4 glæsilegar stofur, tvær garðstofur, eldhús með ljósum innréttingum, 5 góð herb. auk líkamsræktarherb. og fataherb. og tvö baðherb. Allar innréttingar eru sérsmíðaðar og granít, parket og flísar á gólfum. Suðursvalir út af efri hæð. Ræktuð lóð með fallegu holtagrjóti og timburvernd með skjólveggjum. **Verð 135,0 millj. Eignin verður til sýnis í dag, sunnudag, frá kl. 14-16 Verið velkomin**



KAMPAVÍNS- PÚÐURSNJÓR Í ASPEN

ARNAR SIGURÐSSON MARKAÐSSTJÓRI

HVERT FÓRSTU Í BESTA SKÍÐAFRÍÐ PITT?

Aspen. Vegna þess hve hátt svæðið liggur og hve loftslagið er þurr skapast við bestu skil-yrði „kampavinspúður“ sem er einstaklega léttur snjór sem auðvelt er að skíða í.

**HVAÐ ER NAUÐSYN-
LEGT AÐ TAKA MEÐ SÉR Í GOTT SKÍÐAFERÐALAG FYRIR UTAN SKÍÐIN OG KLÆÐNAÐ?** Gott er að allir séu með GSM-síma eða litlar talstöðvar þannig að fólk geti dreift sér á brekkurnar en haldið uppi sambandi til að hittast til dæmis í mat.

HVERT ER BESTA SKÍÐAHÓTEL SEM ÞÚ HEFUR DVALIÐ Á? Hotel Riffelalp Zermatt í Sviss, fimm stjörnu hótél með útisundlaug í miðri brekku á annars frábærum skíðastað, það er þegar nægur snjór er í Evrópu.

HVER ER ÆSILEGASTA BREKKA SEM ÞÚ HEFUR BRUNAÐ NIÐUR? Highland Bowl í Aspen flokkast



sem svört brekka - „triple diamond“ - vegna mikils bratta. Ekki er beinlínis um „brun“ að ræða því niður brekkuna kemst enginn troðari og því skíða menn þar á eigin ábyrgð.

**EFTIRLÆTIS SKÍÐA-
MÁLTÍÐIN?** Sushi og Krug-kampavín í Aspen.

HVAR ER BESTI SNJÓRINN? Í Klettafjöllunum í Colorado, held reyndar að það sé einföld tölfræðileg staðreynd.

EFTIRLÆTIS SKÍÐAVEITINGASTAÐUR? Eftirminnilegasti veitingastaður í eða við skíðabrekku er á toppi Aspen Mountain sem við fyrstu sýn virtist vera hefðbundin kaffitería að evrópski fyrirmynd en reyndist bjóða upp á gríðarlegt úrval rétta sem allir voru eldaðir fyrir hvern gest.

HVAÐ ER ANNAÐ SKEMMTILEGT AÐ GERA Í SKÍÐAFERÐUM EN AÐ SKÍÐA? Taka langa hádegisverði og njóta umhverfisins. Útsýnisflug



FÓR NIÐUR SNOWMASS BREKKUNA Sigrún Björk Jakobsdóttir, bæjarstjóri á Akureyri, renndi sér niður eina af rosalegri brekkunum í Colorado; Snowmass og fann adrenalínið þjóta um æðarnar.

ALLTAF MEÐ MITTIS- POKA MEÐ HELSTU NAUÐSYNJUM

SIGRÚN BJÖRK JAKOBSDÓTTIR
BÆJARSTJÓRI Á AKUREYRI

HVERT FÓRSTU Í BESTA SKÍÐAFRÍÐ PITT? Það er frábært að fara til Bandaríkjanna á skíði, við fjölskyldan fórum í afmælisferð til

Aspen í Colorado fyrir tveimur árum og það var magnað. Skíðasvæðið er mjög stórt og fjölbreytt og hentar öllum. Hótelíð er í mjög fallegu umhverfi og góð aðstaða fyrir fjölskyldufólk – stór herbergi með góðri eldunaraðstöðu. Síðan er ókeypis hótelskutla og ókeypis almenningsamgöngur á milli svæðanna sem var til fyrirmyndar.

HVERNIG SKÍÐI ÁTTU?

Ég er á gömlum en fyrirtaks Rossignol Carving-skíðum.

HVAÐ ER NAUÐSYNLEGT AÐ TAKA MEÐ SÉR Í GOTT SKÍÐAFERÐALAG FYRIR UTAN SKÍÐIN OG KLÆÐNAÐ? Ég er alltaf með pínulítinn mittispoka sem er stærri en hann sýnist og dugur fyrir myndavél, vatnsbrúsa, súkkulaði, varasalva og sólvörn, peninga, snýtu-klúta og ópalpakkann – allt er þetta ómissandi.

HVERT ER BESTA SKÍÐAHÓTEL SEM ÞÚ HEFUR DVALIÐ Á? Hotel Armin í Selva Val Gardena



– maturinn var einstakur.

HVER ER ÆSILEGASTA BREKKA SEM ÞÚ HEFUR BRUNAÐ NIÐUR? Snowmass-brekkan.

**EFTIRLÆTIS SKÍÐA-
MÁLTÍÐIN?** Gratíneraðar spinatpönnukökur í kofa lengst uppi á fjöllum.

HVAR ER BESTI SNJÓRINN? Þrátt fyrir marga góða staði er besti snjórinn hér í Hlíðarfjalli – fullkomin blanda af eyfirskum og guðlegum snjó!

**FALLEGASTA SKÍÐA-
SVÆÐIÐ?** Aspen Highlands eða Selva, það er erfitt að gera upp á milli.

EFTIRLÆTIS SKÍÐAVEITINGASTAÐUR? Armin's Grillstube í Selva.

HVAÐ ER ANNAÐ SKEMMTILEGT AÐ GERA Í SKÍÐAFERÐUM EN AÐ SKÍÐA? Það er ómetanlegt að komast í heitan pott og gufu seinnipartinn eftir útivistina.

HVERT MYNDIRÐU VILJA FARA NÆST Á SKÍÐI? Ég á vonandi einhvern tíma eftir að komast til Lake Louise í Kanada, held að það hljóti að vera fallegasti skíðastaður í heimi. Það biður fimmtugs- eða sextugsafmælisins!

R JÖKUL Í ÍSRAEL

ON



hafi ekki verið brekka sem ég renndi mér niður á jökli í Ísrael, við landamæri Sírlands og Líbanon. Ekki það að brekkan hafi verið mjög ógnvekjandi, heldur brá mér svolítið þegar hermenn á skíðum renndu sér framhjá mér með rífla að vopni í stað þess að vera með skíðastafi eins og ég.

EFTIRLÆTIS SKÍÐAMÁLTÍÐIN?

Það er að sjálfsögðu vínarsnitsel með öllu tilheyrandi.

HVAR ER BESTI SNJÓRINN? Ég hef ekki komið í betri skíðasnjó en í austurrísku Ölpunum, sérstaklega mjög snemma á morgnana.

FALLEGASTA SKÍÐASVÆÐIÐ? Skíðasvæðið í Fashina Fontanella í Austurríki er mjög fallegt, en ekki síður skíðasvæðið í Damúls, sem er næsti bær við. Þar er afar fallegt.

EFTIRLÆTIS SKÍÐAVEITINGASTAÐUR?

Allir skíðaveitingastaðir eru í uppáhaldi, því maður er alltaf svo þakklátur fyrir að fá eitthvað að borða þegar maður er búinn að vera að skíða.

HVAÐ ER ANNAÐ SKEMMTILEGT AÐ GERA Í SKÍÐAFERÐUM EN AÐ SKÍÐA? „Aprés-ski“ er afar nauðsynlegt.

HVAÐ ER BEST AÐ GERA Á KVÖLDIN Í GÓÐU SKÍÐAFERÐALAGI? Fara í gufu og afslöppun eftir mikla skíðaðkun og borða góðan kvöldverð að því loknu.

HVERT MYNDIRÐU VILJA FARA NÆST Á SKÍÐI? Ég er mjög spennur fyrir því að prófa að fara til Ítalíu, til dæmis til Cortina D'Ampezzo, eða til Val D'Isere í Frakklandi. Annars er ég eiginlega til í að fara hvert sem er. Þetta er svo skemmtilegt.

TEK EKKI ÁHÆTTU OG FER AFTUR Á SAMA STAÐ

MARSIBIL JÓNA SÆMUNDARDÓTTIR

**HVERT FÓRSTU Í BESTA SKÍÐA-
FRÍÐ PITT?** Það var skíðaferðin til Flachau í Austurríki í janúar 2006. Þetta var í fyrsta sinn sem ég fór út í skíðaferð og það var allt fullkomið: Krúttlegur skíðabær, frábærar brekkur, frábært skíðafæri, frábærar lyftur, frábært veður og félagsskapur. Hef ekki skemmt mér eða hlegið eins mikið á einni viku fyrr né síðar.

HVERNIG SKÍÐI ÁTTU? Ég keypti mér glæný Rossignol-skíði í fyrsta, Attraxion III/2007. Þetta eru fullkomin skíði fyrir mig, bestu skíði sem ég hef prófað og hef ég prófað þau mörg.

HVER ER ÆSILEGASTA BREKKA SEM ÞÚ HEFUR BRUNAÐ NIÐUR? Ég tók nokkuð öflugla svarta brekku í Zauchensee í fyrsta sem var allt of brött og hólótt. Lærin á mér brunnu upp og ég man að ég var hrikalega hreykin að hafa ekki slasað mig og velti fyrir mér hvaða dilla þetta hefði nú verið.

HVAR ER BESTI SNJÓRINN? Síðasta vikan í janúar í Flachau, það gerist varla betra. Ég hef aldrei upplifað slíkan snjó á Íslandi en þetta eru svo sem einu staðirnir sem ég hef skíðað á, enn sem komið er.

FALLEGASTA SKÍÐASVÆÐIÐ? Flachau er í hjarta Ski-amadé svæðisins í Salzburg-héraði, um það bil 70 kílómetra frá Salzburg. Þaðan er útsýni yfir Alpana allt um kring og svæðið sjálft er allt til fyrirmyndar. Hægt er að ferðast á milli þriggja skíðasvæða á skíðum, Wagrain, Flachau og St. Johan, og aðeins fimm mínútur með „Ski-bus“ á það fjórða, Zauchensee. Hver staðurinn er öðrum fallegri.



EFTIRLÆTIS SKÍÐAVEITINGASTAÐUR? Á toppnum í Zauchensee var frábær veitingastaður og ótrúlegt útsýni.

HVAÐ ER ANNAÐ SKEMMTILEGT AÐ GERA Í SKÍÐAFERÐUM EN AÐ SKÍÐA? Það er nauðsynlegt að stoppa og hvíla sig reglulega á „après-ski“-stað í brekkunum en þeir eru margir. Á þeim er alltaf hávæð tónlist og

mikil gleði í gangi – ekki bara eftir skíðaðkun. Það er bara einhvern veginn allt skemmtilegt við skíðaferðalög. Maður er úti að hreyfa sig og leika sér allan daginn og borðar mikið af góðum mat í góðum félagsskap.

HVAÐ ER BEST AÐ GERA Á KVÖLDIN Í GÓÐU SKÍÐAFERÐALAGI? Að sitja í góðum félagsskap við arininn, þreyttur eftir daginn og pakksaddur eftir fimm rétta máltíðina með kakó í hendi.

EFTIRLÆTIS SKÍÐAMÁLTÍÐIN? Uppi í brekkunni er best að fá bara eitthvað heitt og kolvetnaríkt og svo klickar kakóið ekki. Hótelunum fylgja yfirleitt fimm rétta kvöldmáltíðir og það er næstum því allt gott þegar maður er búinn að vera úti á skíðum allan daginn en út af einhverju beið ég alltaf spennu eftir desertunum.

HVERT MYNDIRÐU VILJA FARA NÆST Á SKÍÐI? Ég er að fara aftur til Flachau núna í janúar. Ég er svo hrædd um að verða fyrir vonbrigðum ef ég fer eitthvað annað að ég hef bara ekki viljað taka áhættuna. En auðvitað væri gaman að prufa að fara á aðra staði, til dæmis til Ítalíu, það kemur að því.

juliam@frettabladid.is

BORGARFERÐIR TVÆR ENGLISAXNESKAR STÓRBORGIR

NEW YORK: SJARMI NOLITA, LITTLE ITALY, SOHO OG NOHO

Ef þú ert svo heppin(n) að skreppa í helgarferð til New York þá er NoLita-hverfið talið eitt það mest „hipp og kúl“ í stóra eplinu. Íbúar þess eru í yngri kantinum og koma alls staðar að úr heiminum og þar er gnægð af skemmtilegum kaffihúsum, veitingastöðum, flottum búðum og skemmtistöðum. En þrátt fyrir vinsældir hverfisins heldur það í gamla sjarmann, vinalegt umhverfi, gamlir Ítalir að spjalla úti á götuhorni og hundar sem gelta. Dálítið eins og að vera staddur í miðri kvikmynd. **Silja Magg** myndaði upphaldsstaðina í hverfinu sínu fyrir okkur.

1. RUBY'S. Pinulítið ástralskt kaffihús sem þykir dálítið hipp og kúl meðal fólksins í hverfinu. Ódýr og frekar hollur matur, salöt, samlokur og góðir eftirréttir. 219 Mulberry St á milli Prince og Spring Street (Chinatown/Little Italy)



3. ELEVEN Þessi vintage-búð er beint á móti Café Habana. Það er hægt að finna margt fallegt og frumlegt þar.



HVAÐ OG HVAR? NoLita er skammstöfun fyrir North of Little Italy og er hverfi í Manhattan, rétt hjá SoHo (south of Houston Street), suður við NoHo (North of Houston Street) og norður við Little Italy-hverfið og Chinatown.



5. DEAN & DELUCA Þessi fræga matvörubúð er á nokkrum stöðum í New York og er meðal annars í Little Italy. Hún er frekar dýr og selur algjört lostæti sem þú færð í svörtum og hvítum poka sem er orðinn mjög frægur. Frábær brauð, ostar, kökur, is og svo síðast en ekki síst er hægt að kaupa hið íslenska „Siggis Skyr“ sem er aldeilis frábært framtak hjá Sigurði Hilmarsyni.



6. SKEMMTILEG NÖVEMBERSTEMNING í NoLita hverfinu í New York



Ljósmyndarinn **Silja Magg** er nýflutt til New York þar sem hún er í námi. Hún hefur myndað fyrir auglýsingar og tímarit á Íslandi.



2. CAFÉ HABANA Kúbverskur matsöluastaður með skemmtilegu krómi á byggingunni. Tískuliðið í Nolita borðar alltaf hérna. Frægur fyrir grilluðu maísstönglana sína sem maður dýfir í majones. Frábærar steikur, fiskur og gríساسluka. 229 Elizabeth Street milli Houston og Prince Street (Chinatown/Little Italy)



4. CAFÉ GITANE Þetta er mjög skemmtilegur grænmetisstaður í frönskum stíl. Fólk situr hér úti og reykir og drekkur kaffi latte eða situr innandyrna þar sem allt er málað í skærum bláum og appelsínugulum lit. Rosalega vinsælt kaffihús. 242 Mott Street á horni Prince Street (Chinatown/Little Italy)

TVÆR ENGILSAXNESKAR STÓRBORGIR

BORGARFERÐIR

SHOREDITCH: SVALASTA HVERFI LUNDÚNA

Hverfi þjóta upp og niður í vinsældum í höfuðborg Breta og svæði sem voru niðurnídd eru nú komin á tískukortid. Shoreditch, lítið hverfi rétt norðan við „City“, er nú heitasti staðurinn til að snæða, versla og gista í. Tískubloggarinn **Yvan Rodic** myndaði uppáhaldsstaðina í hverfinu sínu.



2. BLACKMANS SHOES (44 Cheshire Street, London E2 6EH) Þetta er orðin algjör „költ“ búð þar sem allir indíkrakkarnir kaupa sér strigaskó. Það sem er líka skemmtilegt er að þetta er fyrsta verslunin í London sem seldi hina frægu Dr. Martens-skó árið 1935.




7. THE BEAN (126 Curtain Road) Eitt mest sjarmerandi kaffihúsið í hverfinu og maður getur hangið hér allan daginn.

1. BEYOND RETRO (110-112 Cheshire Street, London, E2 6EJ) Þetta er stærsta „vintage“-fatabúðin í Shoreditch og flytur aðeins inn fót frá Bandaríkjunum.



3. SHOP 172 (172, Brick Lane, London E1 6RU) Þetta er langflottasta fatabúðin í London um þessar mundir. Hér er hægt að finna fót eftir mjög framúrstefnulega breska hönnuði.



6. BEIGEL BAKERY (159 Brick Lane) Það er alveg bannað að heimsækja Shoreditch án þess að prufa beyglurnar héðan. Hér er opið allan sólarhringinn og líðið sem kemur hingað inn er afskaplega skrautlegt: listamenn, djámmarar, vændiskonur, rónar og verkamenn á næturvaktinni.



Til að komast til Shoreditch er best er að taka neðanjarðarlest að Old Street lestarstöðinni, á mótum Old Street og City Road, og ganga þaðan.



Yvan Rodic er búsettur í London og heldur úti síðunni facehunter.blogspot.com. Hann bæði skrifar og myndar reglulega fyrir tímarit eins og *Vogue*, *Elle*, *GQ*, *Cover* og *The New York Post*.



4. ROUGH TRADE (Old Truman Brewery, rétt hjá Brick Lane) Þetta er stærsta plötubúðin í hverfinu og selur tónlist í neðanjarðarkantinum. Hér er hægt að finna alls kyns fjársjóði.



5. COMMERCIAL TAVERN (144 Commercial Street, London E16NU) Þessi krá er einstaklega kósí. Andrúmsloftið hér inni er mjög furðulegt og „artí“ og dekióð fær mann til að taka andkóf. Og vitið þið hvað? Filamaðurinn bjó einu sinni hérna efst uppi á lofti!

STRENDUR, TINDAR & KÓRALRIF

Ef tilhugsunin um ein jólin í viðbót í snjó og skammdegi fyllir þig kulda og hryllingi, hvers vegna ekki að skreppa á exótískar slóðir og upplifa öðruvísi stemningu? **Anna Margrét Björnsson** skoðar nokkra frábæra staði á heimskringlunni til að heimsækja yfir hátíðarnar.



2. KÚBA Einn af vinsælustu áfangastöðum Íslendinga um þessar mundir enda enginn sem stenst hita, sól, seiðandi takta og litagleði Kúbverja, sem eru einstaklega glaðlynd þjóð þrátt fyrir harðstjórn og örbirgð. Gistu nokkrar nætur í höfuðstaðnum Havana að drekka ískalda mojito-kokkteila áður en þú leigir þér Cadillac frá 1950 og brunar til Cayo Levisa, sem er lítil kóraleja tengd við meginlandið. www.cubatransel.com og www.blacktomato.co.uk



1. ÁSTRALÍA Láttu hangikjötið og rjúpunna eiga sig og prófaðu að halda jólin með hinni frábærliga vinalægu áströlsku þjóð. Í Queensland eru bæði kóralrif og regnskógar og jólamaturinn líklegur til að vera nokkrar „shrimps on the barbie“ eða risarækjur á grillinu. Fljúgðu til Cairns frá London. www.austravel.com

3. RAUÐAHAFIÐ, EGYPTALAND Eyddu jólinum neðansjávur í kóralparadísinni í Sharm-El-Sheikh í Egyptalandi. Ras Mohammed-þjóðgarðurinn er alveg á suðurenda Sínaí-skagans og býður upp á bestu köfunarferðirnar. Svo er líka bara hægt að slappa af á ströndinni og hugsa um hina fornu Faraóa. www.egypt.travel



4. KARÍBAHAFIÐ Afslöppun, sól, sandur og frískur andvari á kvöldin. Draumastaðurinn fyrir afslöppun í vetur hljóta að vera Cayman-eyjar, þar sem þú finnur líka hina frægu sjö mílna strandlengju. Prófaðu að kíkja á www.barefoot-traveller.com



5. HESTAFERÐ Í ARIZONA Hvernig hljómar að eyða jólinum eins og kúreki, nánar tiltekið á Lazy K Bar Ranch nálægt Tucson í Arizona? Þessi búgarður liggur úti í miðri eyðimörkinni með útsýni yfir Santa Cruz-dalinn. Hestar fyrir alla, byrjendur sem lengra komna, og það er líka boðið upp á alvöru kúreka-máltíðir við opinn eld undir stjörnuþjórtum himni. www.ranchamerica.co.uk



6. JÓGA Í GÓA Ekkert ofát og sukk um hátíðarnar heldur bara tveggja vikna jógaferð á Palolem-ströndinni í Góa á Indlandi. Dagleg íhugun og jógaátímar, auk nudds, bátaferða og fyrirlestra um heilsu og næringu. www.lotusjourneys.com

7. MAROKKÓ Þetta ævintýrland býður upp á ógleymanlega stemningu. Allt frá hinni fornu borg Fez og hippaborgunum Essaouira og Marrakech er eitthvað að finna fyrir alla fjölskylduna. Frábær hótél, matur og svo er líka stórskemmtilegt að versla á „souk“-götumörkuðunum. www.visitmorocco.com

8. KEY WEST, FLÓRÍDA Skemmtilegasti hluti Flórídaskagans er örugglega Key West, sjarmerandi bær þar sem rithöfundurinn Ernest Hemingway átti heima. Fullt af frábærum veitingastöðum og skemmtilegri afþreyingu fyrir alla fjölskylduna. www.keywest.com

9. BUENOS AIRES Argentína er verulega heitur áfangastaður þessa dagana enda nóg að sjá, allt frá Andes-fjöllum til náttúruúrðar Patagóníu. Buenos Aires er stórskemmtileg stórborg uppfull af dýrindis veitingastöðum og dynjandi tangótónlist. www.welcometoargentina.com

10. KILIMANJARO Ef þú ert uppfull(ur) af orku og nennir ekki að eyða jólinum í sófanum geturðu farið í sex daga ferð og klifið Kilimanjaro fjallið í Kenýa. Þú þarft að ganga í um það bil 5-7 tíma á dag í gegnum regnskóga og framhjá jöklum til að ná upp á topp, en hann er í 5.895 metra hæð. Kíktu á www.imaginative-traveller.com

SKEYTI FRÁ ÍRAN

Hanna Björk Valsdóttir

PEGAR ÉG FER ÚT Á GÖTUR VERÐ ÉG AÐ KLÆÐA MIG Í hnés-íðan jakka með langermum og með slæðu eða trefil á höfðinu.

Í MORGUNMAT SNÆÐI ÉG appelsínur, epli, vínber og „nuun va panir“

sem er íranskt brauð og ostur. Brauðið er næfurpunnar kökur sem maður rífur af og setur á klípu af osti. Á góðum heimilum eru 100 tegundir af sultu og hunangi haft með. Og drukkið te.

ORÐIÐ SEM ÉG HEYRI OFTAST ER „Befarme“ og „bochur“. Sem þýðir „gjörðu svo vel“ og „borðaðu“. Íranar eru alltaf að bjóða manni eitthvað og alls staðar þarf maður að borða og borða meira.

„Bebakhshit“ heyrir líka oft, en það þýðir „afsakið“. Íranir eru yfirmáta kurteisir og eru alltaf að afsaka sig.

PEGAR ÉG SEGIST VERA FRÁ ÍSLANDI eru fyrstu viðbrögðin alltaf „Kalt eða vá, langt í burtu. Hvað ertu að gera hér?“

FERÐAMENN ERU af mjög skornum skammti. Ég var eini túristinn um borð í Iran Air-fluginu. Hópar koma hingað með ferðaskrifstofum



frá Vesturlöndum en það er því miður alltof lítið um það.

ÍRANAR ERU gestrisnasta fólk á jörðinni sem elskar útlendinga. Kunna að skemmta sér, elda góðan mat og halda veislur þar sem er

borðað, dansað, sungið og drukkið fram í rauðan dauðann. Endalaust uppteknir af útliti og fegurð, peningum og þjóðfélagsstöðu. Gott og glatt fólk upp til hópa.

BESTA LEIÐIN TIL AÐ KOMAST TIL TEHERAN er í gegnum London eða París með Iran Air, British Airways, eða Air France. Sækið um vegabréfsáritun hjá íranska sendiráðinu í Ósló, tekur eina viku og ferðamannaáritun.
- amb



Njóttu þess að vera úti...

...hvernig sem viðrar!

ZO·ON
I C E L A N D

Útivistarfatnaður sem fæst í öllum helstu verslunum á landinu

www.zo-on.com

DESEMBER

JÓLADAGATAL FERÐALANGSINS



31 BALL Í BÚDAPEST Hápunktur ársins í þessari sögufrægu borg er nýársballið sem á sér stað í Þjóðaróperuhúsinu. Þar gæðir þotuliðið sér á lúxusmat og -drykk og nýtur dásamlegra tónleika þar sem dansinn dunar fram á nótt. Aðrir hápunktir vetrarins í Búdapest eru jólamarkaðurinn á Vörösmarty tér þar sem þú getur keypt hefðbundnar gjafir eins og Zsolnay-postulín, handblásið gler, Tokay-vín og kryddpylsur.

6 BAROKK-JÓLATRÉ OG JATA Í METROPOLITAN MUSEUM OF ART Upphald New York-búa á jölunum er að skoða hið árlega jólatré sem er hlaðið yndisfögru skrauti. Í sama rými er ítölsk jata frá sautjándu öld sem er umkringd stytum af englum, fjárhirðum, vitringum og dýrum. Guðleg dýrð upplýst af kertaljósum. Kveikt á trénu alla þriðjudaga, miðvikudag og fimmtudaga kl. 4.30 og um helgar kl. 4,30, 5,30 og 6.30. Stendur til 6. janúar.

TEKÍLAHÁTÍÐ Í MEXÍKÓ Fylltu þig af jólavínandanum á hinni fyrstu árlegu Tequila-hátíð í Puerto Vallarta í Mexíkó sem á sér stað 6.-11. desember. Búist er við trylltum tekílaaðdáendum víðs vegar að og boðið verður upp á ótal mörg skemmtiatriði í götum strandborgarinnar: tónlist, leiklist og ýmiss konar menningarvörður. Spurning samt hvort nokkur muni eftir þeim þegar heim er komið.

LEYNDARDÓM-AR EGYPTALANDS

Stórfengleg sýning í London á fjársjóðum Tutankhamuns sem fundust í grafhýsi hans árið 1922. Gestir á sýningunni geta líka skoðað kórónu og höfuðskraut faraósins og sérstakan sal sem er tileinkaður ævintýramanninum Howard Carter, sem fann gröfina á sínum tíma. Sýningin er opin þar til í ágúst 2008 í O2 sýningarsalnum, Peninsula Square.



18 MIÐALDATÓNLIST Í NOTRE DAME Yndislegir tónleikar í einni frægustu dómkirkju heims, Notre Dame í París. Dagskráin inniheldur meðal annars „Quatre motets pour le Temps de Noël“ eftir Francis Poulenc, fjólradda verk frá miðöldum og endurreisnartímabilinu og klassísk frönsk jólalög sungin af barnakörum. Hefst kl 20.30.

22 TEKNÓ Í SYDNEY ÁSTRALIR ERU Í MIKLU STUÐI YFIR HÁTÍÐARNAR OG ALLT ANNAD VEDURFAR ÞAR UM JÓLIN EN Í FROSTI OG KULDA ÍSLANDS.



Elektróníska stuðsveitin Daft Punk er á tónleikaferðalagi í Eyjaálfu og endar með stórtónleikum í Sydney hinn 22. desember í Main Arena, Sydney Showground. Þeir sem eyða jólum hjá andfætlungum ættu svo alls ekki að láta stórfenglega flugeldasýningu við Sydney Harbour Bridge framhjá sér fara.

HOGMANAY Í EDINBORG Hið forna keltneska heiti fyrir áramót í Skotlandi er Hogmanay og þessir Skotar kunna nú aldeilis að fagna þeim. Stuð í Edinborg með viskíflösku og 100.000 af þínum nánustu skosku vinum.



1 JÓLAFJÖR Í LONDON Það verður sannkallaður ævintýrablaer á Covent Garden-torginu í London fyrir jólin. Torginu hefur verið umbreytt af sviðsmyndahönnuðum í jólland og þar er að finna matarmarkað sem heitir „Twelve days of Christmas“. Á hverju kvöldi á sér svo stað fjölleikasýning og bútar úr frægum leikritum eftir fræg bresk leikskáld.

UNGFRÚ INGVELDUR fer í helgarferð... fyrir einn

„Viltu ekki heldur fara með vinkonu þinni?“ spyr faðir Ingveldar áhyggjufullur. Saumaklúbburinn pískrar um viðhald. En Ingveldur veit betur. Hún þarf frið. Og velur sér borg og hótél án rök-ræðna eða rífrildis við einn né neinn. D'Angleterre í Kaupmannahöfn. Hótel-eli byggðu á englatárum. Sem englarnir grétu af himnum lúxussins. Þar vill Ingveldur vera.

Saumaklúbburinn hennar sem fór til Glasgow í fyrra hefði ekki tekið slíkt brúð í mál. Hann var búinn að setja sér markmið. Að fata upp fjölskylduna til ársins 2010. Útigallar á línuna. Mörg ár fram í tímann. „Við erum nú komnar til Glasgow stelpur, ha? Á ekki að tæma barnafatadeildina í H&M, þetta margborgar sig, ha?“ Ingveldur fær hroll þegar hún rifjar upp gæsaþinginn. Ferðin var líkari hernaðaráætlun en helgarferð. Saumaklúbburinn var búinn að bóka borð á veitingastað mánuð fram í tímann

á netinu og taka frá borð á káriókístaðnum við hliðina.

Ingveldur vill ró og frið en þó kúlheit. Hún tekur eftir því að þjónar koma oftar til hennar þegar hún er ein, kannski er það út af vorkunn (samt ekki því hún er sæt) og kannski af því þeir halda að hún vilji félagsskap. Hvort sem er, þá líður henni eins og hún eigi heiminn. Enda er hún ein. Stingur einum laxabita í einu upp í sig. Hægt og rólega. Ekkert guff eins og í Glasgow. Og horfir hægt og rólega í kringum sig. Hún getur verið hver sem er. Tekið upp farsímann og þóst vera að tala við Dorrit. Hver veit sannleikann? Enginn. Ingveldur er ein til frásagnar.

Hún tekur eftir hverju einasta smáatriði í kringum sig. Umhverfið er öðruvísi því það er enginn sem dreifir athyglinni. Hún sér það sem hún vill sjá og hlerar hjónaskilnaði, skipulagningu glæpa, morða og hvað á að kaupa í matinn af næstu borðum.

Ingveldur vill vera á fimm stjörnu



hótélum, hún vill finna ástina sem lekur af hverri einustu stjörnu. Ingveldur veit hvað hún vill. Hefur alltaf viljað hafa þetta einfalt og fyrsta máltíðin sem hún fær sér verður ávallt þema ferðarinnar. Fá hún sér lax, fer einungis lax inn fyrir hennar varir í þeirri ferð. Sé það kæfa, þá er kæfa í öll mál. Einhæft? Það er ekkert einhæft við kæfu útfærða á sjö mismunandi vegu. Til að poppa þetta upp myndar hún réttina og stingur jafnvel niður með jólakortinu í ár.

Ingveldur fellur ekki í þá gryfju að halda að hún verði að kynna einhverjum eða lenda á séns. Sigurinn er að koma heim og segjast varla hafa mælt orð við náungann nema til að panta laxinn. Hvíldin felst í þögninni. Hún kúrir í djúpum sófum hótelsins, með Vanity Fair. Ekkert Hello eða OK. Hún fer helst ekki lengra en í 50 metra radius frá hótelinu því það er svo „kalt“. Hún heldur sig nálægt kastalanum. Ef hún missir sjónar á turninum er þetta búið. Þá fer henni að líða illa, fær heimþrá. Ingveldur tekur sjaldan áhættu en planar ekkert. Nema auðvitað næstu ferð ...

VANDRÆÐI Á FERÐ?

Gríptu litla sjúkratösku í ferðalagið með öllu því nauðsynlegasta.

DÆMI UM FERÐAAPÓTEK: Verkjatöflur (Paratabs, Ibúfen) • Ferðaveikitöflur við ógleði (Postafen) • Sýrubindandi lyf við brjóstsviða (Rennie, Alminox) • Stoppandi töflur við niðurgangi (Imodium) • Salt og glúkósi við vökvatapi • Ofnæmistöflur við hvers kyns ofnæmi (Histasin, Lóritín) • Hálstöflur við særindum í hálsi (Strepsils, Dekadin) • Nefdropar, notaðir í flugtaki og landingu og minnka þjúg og stíflu í nefi og eyrum (Otrivin, Nezeril) • Plástur • Sáraumbúðir • Sótthreinsandi þurrkur á sár • Hælsærplástur • Skæri og flísatöng • Vörn gegn flugnabiti • Sólarvörn • Áburður á skordýrabiti, t.d. steraáburður eða After-bite.

Það fer að sjálfsögðu eftir þörfum og áfangastað hvers og eins hvað hentar að hafa í ferðaapótekinu. Sé förrinni heitið annað en til hinna venjulegu ferðamannastaða eða á staði þar sem erfitt er að ná í lækni getur þurft að bæta við ofangreindan lista. Þeir sem nota lyf að staðaldri þurfa að gæta þess að taka með sér nægilegt magn af nauðsynlegum lyfjum. Ef ferðast er til landa þar sem malaría er landlæg þarf að hafa með fyrirbyggjandi malaríulyf. Læknir þarf að skrifa lyfseðil fyrir þeim.

Heimild: www.lyfja.is

Físlétt jólagjöf - fæst í Drangey

TITAN[®]

LÉTTUSTU FERÐATÖSKURNAR!



75x57x34 4kg
kr. 19.700

62x47x28 3,2kg
kr. 14.900

53x37x23 2,4kg
kr. 7.900

*Tilvalin jólagjöf,
5 ára ábyrgð*

Drangey

Smáralind, sími 5288800, www.drangey.is



FERÐAGÚRÚINN

NOKKUR HEILRÆÐI TIL AÐ HAFA Í HUGA

1. EKKI PAKKA OF MIKLU Mundu að þú gengur aldrei nema í þriðjungi af fótunum sem þú setur í ferðatöskuna. Best er að reyna að troða öllu í litla tösku og geyma í handfarangri. Yfirvigt getur líka reynst dýrkeypt.

2. TÉKKAÐU INN Á NETINU EÐA SÍMLEIÐIS Þá sleppur þú við verstu biðraðirnar. Flest flugfélög bjóða upp á þennan möguleika og svo „fast drop“ þjónustuborð fyrir farangurinn.

3. VERTU KLÁR AÐ BÓKA. Best er að bóka flugferðir með góðum fyrirvara til að fá ódýrustu fargjöldin. Hvað varðar hótél og villur hins vegar er sniðugt að taka sénsinn og bíða fram á síðustu stundu.

4. EKKI SPARA OF MIKIÐ Það er ekkert verra en að hirst í hræðilegum þröngum sætum aftast í vélinni ef þú ert í tólf tíma flugi til Tókýó eða álíka. Þrátt fyrir að þú hafir

ekki efni á fyrsta klassa er stundum hægt að fá „upgrade“ og borga til dæmis fimmtán þúsund krónum meira fyrir einn ferðalegginn og ná sér í ágætis svefn.

5. LOSNAÐU VIÐ BIÐRAÐIR Ekki vita allir að þú getur keypt miða á stór söfn á netinu. Raðir til dæmis í Louvre eða Uffizi-safnið eru sögulega langar og ef þú bókar miðann áður en þú ferð geturðu skotist

framhjá biðröðinni með bros á vör.

6. VERTU VEL TRYGGÐUR OG NOTAÐU KREDITKORT Ef þú ferðast mikið borgar sig oft að kaupa árlega ferðatryggingu fyrir þig eða fjölskylduna. Kreditkort auðvelda ferðalagið mikið og bjóða upp á hagstæðasta gengið. Passaðu þig bara á kreditkortafölsunum.

EYJALÍF

Póstkort frá Þóru Sigurðardóttur

Mér líður oft eins og svindlara. Eins og villimanni sem braut eina af grunnreglum samfélagsins. Svona eins og týpunni sem fór í frí og harðneitaði að koma heim. Ef allir gerðu þetta myndu stóðir samfélagsins hrynjá.



Fólk hreinlega flytur ekki í sumarbústaðinn sinn. – Eða hvað?

Sem Íslendingi finnst mér eitt-hvað einstaklega óeðlilegt við að hafa sól alla daga. Hvað þá að hún komi upp á sama tíma, og að ég þurfi aldrei að skafa bílinn.

Það er eitthvað óendanlega skrítið við slabblausa tilveru – sérstaklega í nóvember.

Í hugum flestra eru Bahamaeyjar samnefni fyrir paradís.

Fólk sér fyrir sér sumar og sól, hvítar sandbreiðurnar á ströndinni og marglita kokkteila. Og það hefur 100% rétt fyrir sér!

Hér ná stendurnar eins langt og augað eygir og sandurinn er hvítur, sjórinn túrkísblár og pálmatrén svigna undna þunga kókoshnetanna.

Hingað flykkjast ferðamenn í leit að hinni karabísku paradís og ansi margir Íslendingar leggja leið sína hingað – enda lítið mál að skjótast hingað frá Orlando. Hér eru frá-bærir golfvelli, endalausar veiðilendur, spilavíti og fjölskrúðugt mannlíf.

Hér er fólk líka í afslappaðra lagi og hugtakið STRAX þekkist ekki. Fyrir vikið getur allt skrifræði tekið óratíma og oft tekur það margar vikur að fá grundvallarþjónustu á borð við símalínu heim til þín.

Hér eru kirkjur jafn algengar og sjoppur heima á Íslandi, umferðarmenningin stórkostleg og menn aka eins og snaróðir og klessa oftast en ekki á tré og annað tilfallandi í vegakantinum.

Sjálfr er ég búin að aðlagast nokkuð vel. Ég er til dæmis farin að keyra eins og glæpamaður, enda á handónýtum torfærujeppa sem fellibylurinn Francis, sem reid hér yfir fyrir þremur árum, náði að setja mark sitt á. Hann beið þess aldrei bæturs og hluti af því sem jafnaði sig aldrei er miðstöðin, ljósabúnaðurinn og öryggisbeltin, að ógleymdum rúðuþurrkunum, þá sjaldan sem maður þarf á þeim að halda.

Viðey er fín – en þegar kemur að því að velja sér áfangastað í fríinu er valið einfalt.

Það er fyrst þegar maður ætlar að búa í paradís að vandræðin byrja ... en það er samt vel þess virði. Allt er betra en að þurfa að skafa bílinn.

Hvert myndir þú fara fyrir hálf milljón?



Hvert hefur þig alltaf dreymt um að fara?

Þeir sem nota MasterCard kort til áramóta eiga möguleika á að vinna 500.000 króna ferðaávísun og fara í draumaferðina!

Fyrir hálf milljón geturðu farið næstum hvert sem hugurinn gírnist!

Í hvert skipti sem þú notar MasterCard kortið þitt til áramóta eykur þú vinningslíkur þínar.

**MasterCard Ferðaávísun
Þú ræður ferðinni!**

Aukavinningar:
Fimm 100 þúsund króna MasterCard ferðaávísanir.

Dregið 6. janúar 2008.



www.mastercard.is

Nánari upplýsingar í næsta banka, Sparisjóði eða á www.mastercard.is.



HAFI HUGMYNDIR UM NÝJA ÞULI Unnur: „Á ég ekki bara að velja Jón Baldvin? Hann er svona föðurleg týpa. Heldurðu að hann verði nokkuð fúll út í mig – fyrir að stinga upp á honum?“

FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

ætti yrði það stofnað. Ég er fyrst og fremst forvitinn ferðalangur í bókinni en það ber tvímælalaut að bera virðingu fyrir þeim sem sjá og skynja meira en við.

Ágúst: Hvað gráa fiðringinn varðar þá átti ég mitt gráa fiðrings ár þegar ég var 39 ára. Ég lenti nú ekki í neinum vondum ástarmálum. En ég lenti í einhverjum rosa-legum komplexum út af því að ég var að verða fertugur og gerði líka einhverjar óraunhæfar kröfur um að hjónaband mitt og konunnar minnar ætti að vera aftur eins og þegar við vorum að byrja saman. Hún hefur sagt við mig að ég hafi verið ofsalega undarlegur þetta ár. Síðan hefur þetta bara verið fint. En ég óttast samt að það komi annað svona ár þegar ég verð 49 ára.

Unnur: Já, ég held að konur geti alveg upplifað gráa fiðringinn líka. Hann kannski birtist öðruvísi og hefur þess vegna ekki hlotið þetta nafn. En konur fara að upplifa kynlíf mikið betur með aldrinum og ég held það geti alveg hellst allt í einu yfir konur að vilja víkka sjóndeildarhringinn.

Ágúst: Ég held að það sem skipti máli sé að horfast í augu við þetta og tala um þessar kenndir. Ef fólk velur að vera í sama hjónabandinu mjög lengi, þótt ég sé ekki að segja að það eigi endilega að vera þannig, þá auðvitað koma upp svona krísur. Og þá má rifast og vinna með þær. Mun frekar en að burðast með þetta allt í hljóði.

Unnur: Ætli það sé ekki líka bara mjög algengt, fólk finnur kannski einhverjar tilfinningar af þessum toga en tilveran er svo hröð að það má ekki vera að því að spá í þær.

Bloggar og bloggar ekki

Nú ert þú, Ágúst Borgþór, bloggari mikill. Hvaða blogg eru í eftirlæti hjá þér? *Best þú, Unnur, eða skrif-ar blogg?*

Ágúst Borgþór: Blogg Egils Helgasonar er í eftirlæti og svo finnst mér líka mjög gaman að lesa blogg fólks sem er ólíkt mér. Til dæmis hef ég mikið lesið blogg eftir ungar konur og það hjálpaði mér líka við að skrifa bókina. Ein þeirra heitir katrin.is – hún er mjög skemmtileg. Ofsalega ólík mér en hún hefur svona spontant hugsunarhátt sem er mjög ólíkur mér.

Unnur: Já, hún er mjög skemmtileg. Ég myndi aldrei fara að blogga nema ég fengi borgað fyrir það.

Ágúst Borgþór: Það er gott mottó.

Unnur: Þá skrifvarorku sem ég hef reyni ég að nota í bók. En nú síðan í haust eftir að ég fór að vinna hjá Skógrækt Reykjavíkur hefur mig svolítið langað til að prófa að blogga. Fyrst fannst mér alltaf tímasóun að detta niður á blogg en

núna er ég farin að kunna að lesa inn á þetta því oft fá bloggarar einhver komment og það skapast umræður. Og ég sem er hérna ein uppi í Heiðmörk get þá fylgst með hvað fólk er að spá og skrifa um. Ég fer mest inn á bloggin í gegnum Moggann og þar er til dæmis kona sem heitir Jenný Anna Baldursdóttir og önnur sem heitir Jóna sem mér þykja mjög skemmtilegar.

Ánægð með Egil Helgason

Úr bloggi í sjónvarpsal. Hver er ykkar eftirlæti íslenska sjónvarpsþáttaröð og hvert skyldi vera eftirminnilegasta atvikið úr íslensku sjónvarpi fyrr og síðar? Og nú þegar þjóðin hefur fengið heilt sett af nýjum þulum – hvaða þjóðþekktasta einstakling, sem ekki starfar við sjónvarp, mynduð þið vilja fá sem þulu?

Ágúst: Næturvaktin er í uppáhaldi. Hún einhvern veginn sameinar það að vera eins og Fóstbræðrabáttur, með rugluðu gríni, en samt nær hún líka að vera raunsæisleg og sorgleg. Og leikurinn er frábær. Virkilega vel lukkað.

Unnur: Ég sá einmitt um daginn þegar ég horfði á Edduna hvað það er mikið sjónvarpsefni sem fer fram hjá mér þar sem ég er ekki með Stöð 2. En mér finnst Egill Helgason mjög góður og ég fagna því að fá hann í Ríkissjónvarpið. Sterkur sjónvarpsmaður og virkilega gaman að sjá hann koma inn. Ég var mjög hissa fyrst á því að hann ætti að vera með bókmenntaþátt, hélt það ætti frekar að vera einhver bókmenntafræðingur, en mér finnst hann gera þetta mjög skemmtilega og hann er með þennan sjónvarpsjarma sem er svo nauðsynlegur.

Ágúst Borgþór: Eftirminnilegasta atvikið er svo þegar ríkisstjórnin var sprengd í beinni útsendingu árið 1988. Mig minnir að það hafi verið þannig að Jón Baldvin og Steingrímur Hermannsson hafi komið og rekið hmfínn í bakið á Þorsteini Pálssyni – en kennt Þorsteini um þetta allt saman. Þetta var mjög óvenjulegt, og sérstaklega á þessum tíma, þegar allt var svona stilltara og fjölmiðlum haldið svolítið í skefjum af stjórnmálamönnum. Jón Baldvin var svo óþekkur, hann átti svo erfitt með að haga sér eftir bókinni.

Unnur: Það er alltaf brennt inn í huga minn þegar menn fóru fyrst til tunglsins. Ég sá það í sjónvarpi og sjónvarp var þá líka frekar nýtt.

Ágúst Borgþór: Árið 1969? Þú átt nú ekkert að muna neitt eftir því.

Unnur: Er það ekki? Ég var 14 ára.

Ágúst Borgþór: Varstu 14 ára?

Hvað ertu að segja?

Unnur: Haha! Er ég svona ungleg?

Ágúst Borgþór: En að velja þulu segirðu. Þorgerður Katrín væri náttúrulega frábær.

Unnur: Á ég ekki bara að velja Jón Baldvin? Hann er svona föðurleg týpa. Heldurðu að hann verði nokkuð fúll út í mig – fyrir að stinga upp á honum?

Ágúst Borgþór: Nei, nei. Ég held það væri mjög gott að fá ábúðarfulla stjórnmálamenn í þetta.

Já, já, já, já

Að kækjum. Eruð þið með einhverja kæki og hvaða kækjum takið þið helst eftir?

Ágúst: Ég á það til að líta undan þegar ég tala við fólk. Ég var rosa-lega feiminn sem krakki en svo breyttist ég í algjöra andstæðu. En það virðist eima af því og birtast í þessu. Er það kækur að reima aldrei skóna sína?

Unnur: Alltaf þegar ég er mjög ánægð fara litlu puttarnir mínir út í loftið.

Ágúst: Áttu að upplýsa svona lagað?

Unnur: Kannski ekki, en vinir mínir hafa tekið eftir þessu og bent mér á þetta og þetta er orðið svona frekar opinbert.

Ágúst Borgþór: Í tali finnst mér mjög áberandi að fólk byrjar allar setningar á „hérna“.

Unnur: Og „heyru“.

Ágúst: Færeyingar kölluðu okkur oft já-ara. Af því við sögðum alltaf já, já, já, já, já, já.

Unnur: Svo tölum við Íslendingar svolítið mikið á innsoginu og jánkum á innsoginu: (dregur inn andann): Jáhhh! Ég er búin að flokka þetta sem þjóðareinkenni. Vinir mínir í Kaliforníu bentu mér á þetta fyrst og fóru að hlæja þegar ég sagði yes á innsoginu en þeir þekktu marga Íslendinga sem töluðu svona.

Að lokum. Ef þið mættuð bæta einni spurningu inn í viðtalið – handa hvort öðru – hver yrði hún og hvert yrði svarið?

Unnur: Hvað finnst þér mikilvægast í lífinu?

Ágúst Borgþór: Maður getur ekki verið frumlegur þegar maður fær svona spurningu. Börnin.

Unnur: Sammála.

Ágúst Borgþór: Ég er ekki með svona merkilega spurningu.

Unnur: Komdu með hana.

Ágúst: Það er hvort þú sért að fara að sigla eitthvað?

Unnur: Nei. Ég seldi skútuna fyrir tuttugu árum. En maður veit aldrei. Mér finnst orðið skemmtilegast að vera á Íslandi og heima hjá mér. Ég reyni að ferðast sem minnst núorðið.



Ljósmynda- samkeppni Fréttablaðsins

Fríðarsúlan í Viðey

Fréttablaðið stendur fyrir samkeppni á bestu ljósmynd af fríðarsúlunni eftir Yoko Ono í Viðey. Myndin má sýna súluna frá hvaða fjarlægð eða sjónarhorni sem er. Myndirnar skulu sendar á fridarsula@frettabladid.is fyrir 1. desember næstkomandi. Í boði eru þrjú glæsilegir Canon vinningar frá Nýherja og verða vinningsmyndirnar birtar í helgarblaði Fréttablaðsins 8. desember, á dánardegi John Lennon.

Canon

NÝHERJI

Ertu í húsgagnaleit?

Opið í dag

frá kl.13-17 **Val húsgögn**

Ármúla 8 - 108 Reykjavík
Sími 581-2275 ■ 568-5375

Nýjar sendingar - Mikið úrval!

Vinnngar verða afhendir hjá BT Smáralind, Kópavogi. Vægi þú að taka þáttertu kontinn í SMS klubb. 149 kr/skeytið.

9 HVER VINNUR!

SENDU SMS **BTC EAF** Á NÚMERIÐ **1900** OG ÞÚ GÆTIR UNNIÐ!
Vinnngar eru DVD myndir, varningur tengdur myndinni og margt fleira!

Evan ALMIGHTY

Kemur í verslanir 22. nóvember!

Er lögheimili þitt rétt skráð í þjóðskrá?

Nú er unnið að frágangi íbúaskrár 1. desember. Mikilvægt er að lögheimili sé rétt skráð í þjóðskrá.

Hvað er lögheimili?
Samkvæmt lögheimilislögum er lögheimili sá staður, þar sem maður hefur fasta búsetu.

Hvað er föst búseta?
Föst búseta er á þeim stað þar sem maður hefur bækistöð sína, dvelst að jafnaði í törmstundum sínum, hefur heimilismuni sína og svefnstaður hans er. Þetta þýðir að lögheimili manns skal jafnan vera þar sem hann býr á hverjum tíma.

Hvenær og hvar skal tilkynna flutning?
Breytingu á lögheimili ber að tilkynna innan 7 daga frá flutningi til skrifstofu þess sveitarfélags sem flutt er til. Enn fremur má tilkynna flutning beint til þjóðskrár. Eyðublað vegna flutningstilkynninga er að finna á slóðinni www.thjodskra.is/flutningstilkynning

Þjóðskrá

Borgartúni 24, 150 Reykjavík
Sími 569 2900, bréfsími 569 2949

5125050

Auglýsingasími

STUÐ MILLI STRÍÐA Íslendingar og íþróttir

ÞÓRUNN ELÍSBET BOGADÓTTIR FÉKK ÞJÓÐARSTOLTID BEINT Í ÆÐ



Þjóðernishyggjan og þjóðarstolti kemst yfirleitt í sögulegt hámark hjá Íslendingum þegar einhverjir samlandar þeirra standa sig vel og vekja athygli í öðrum löndum. Það er líka ekkert skrytið. Það er margt fólk sem við getum verið stolt af, og eigum að vera stolt af. Við erum til dæmis svakalega stolt af tónlistarfólkinu sem hefur slegið í gegn í útlöndum. Svo erum við rosalega stolt af íslensku íþróttamönnum okkar. Þó að mér þyki fótbolli skemmti-

legri íþrótt en handbolti er yfirleitt skemmtilegra að halda með íslenska landsliðinu í handbolta en fótbolta. Á því er auðvitað sú einfalda skýring að íslenska landsliðið í handbolta er gott á heimsmeilivkvarða, en fótballalandsliðið ekki. Auðvitað heldur maður þó með sínum liðum, hvort sem þeim gengur vel eða illa, en það er einstök upplifun að fylgjast með landinu sínu keppa á stórmótum og standa sig vel. Það að fylgjast með landsliðinu í handbolta komast í átta liða úrslit á heimsmeistararnótinu síðasta vetur var einhver magnaðasta upplifun lífs míns. Frá upphafi til enda var þjóðarstoltið svo mikið

að ég hef aldrei séð annað eins. Þarna var samankominn hellingur af Íslendingum, í einhverri íþróttahöll í Þýskalandi. Allir voru þeir vel merktir Íslandi, hvort sem var með höttum, fánum eða búningum, nema allt væri. Þegar leikurinn hófst var þjóðsöngurinn sunginn eins hátt og hægt var og hverju einasta marki Íslendinga var fagnað eins og heimsmeistaratilinn sjálfur væri í höfn. Mér varð hugsað til þessa leiks í síðustu viku þegar ég horfði á fótballalandsliðið tapa fyrir Dönum. Mikið væri nú gaman að upplifa eitthvað þessu líkt í fótballanum.

myndasögur

■ Pondus

Eftir Frode Øverli



■ Gelgjan

Eftir Jerry Scott & Jim Borgman



■ Handan við hornið

Eftir Tony Lopes



■ Kjölturakkar

Eftir Patrick McDonnell



■ Barnalán

Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman



30% afsláttur



B B B Q
GRÍSARÍFL

ÞESSI VARA ER FULLELDUÐ - HITID Á GRILLI EÐA Í OFNI

GODI

Innihald: Grísarífl
Krydd og salt

Á grill: við meðal
5-8 mínútur, í ofni
í o.þ.b. í 10-15 mínútur

Næringargildi í 100g
Orka 869 kJ/206 kcal
Prótein 12,2g
Kolevni 0,7g
Fita 1,2g
Natríum 0,2g

975 kr/kg. áður 1.393 kr/kg.
Goða grísarífl

30% afsláttur



Frönsk sveitaskinka

1.235 kr/kg. áður 1.764 kr/kg.
Borgarnes frönsk sveitaskinka

2,3 kg



299 kr/ks.
Klementínur 2.3 kg í kassa

40% afsláttur



Kjölli

Mingipakning
Kjúklingaleggir

319 kr/kg. áður 524 kr/kg.
Ísfugl BBQ kjúklingaleggir

Þú sparar 750 kr/kg

43% afsláttur



KEA
LONDONLAMB

GODI

994 kr/kg. áður 1.744 kr/kg.
Goða london lamb

45% afsláttur



Gull-Svanur
Hamborgarhryggur

989 kr/kg. áður 1.799 kr/kg.
Borgarnes hamborgarhryggur með beini



159 kr/stk.
Ananas 1. flokkur

Nýi jólasveinninn



1.990 kr/stk.
Latibær - Nýi jólasveinninn

allt í matinn á einum stað

Birt með fyrirvara um prentvillur
Tilboðin gilda 22. nóvember til 25. nóvember eða á meðan birgðir endast
www.netto.is

netto

Akureyri - Grindavík - Mjódd Reykjavík - Salahlverfi Kópavogi - Höfn



Kl. 14

Harpa Þórsdóttir listfræðingur leiðir safngesti um sýningu á verkum listmálarans Kristjáns Davíðssonar í dag kl. 14. Í leiðsögninni varpar Harpa ljósi á þróunina sem átt hefur sér stað í verkum Kristjáns út frá listsögulegu samhengi.

Leiðsögn um þjóðsögur

Tröllum, álfum og ýmsum forynjum verða gerð skil í máli og myndum í Ásmundarsafni í dag kl. 14 en þá verður hinn landskunnri teiknari Halldór Baldursson með leiðsögn um sýningu sem kallast Þjóðsögur – Íslenskar munnmælasögur. Sýningin stendur yfir um þessar mundir í píramíðum Ásmundarsafns. Hún hefur að geyma verk íslenskra teiknara sem tókust á við það verkefni að myndskreyta ýmsar þjóðsögur sem varðveist hafa í munnlegri geymd. Sögurnar eru valdar af Rósu Þorsteinsdóttur úr hljóðritum í Þjóðfræðisafni Árnastofnunar. Sýningargestum býðst ýmist að lesa sögurnar á staðnum eða að hlýða á upplestur þeirra í gjaldfrjálsu símanúmeri. Þannig geta gestir öðlast betri innsýn í myndaheiminn sem



KOPARHURÐIN Mynd eftir Þórarinn Böðvar Leifsson.

birtist þeim á sýningunni og kæst yfir túlkunum listamannanna á sögupersónum sem standa þeim skýndilega ljóslífandi fyrir sjónum. Teiknararnir sem eiga verk á sýningunni eru allir fyrir lengstu þjóðþekktir fyrir myndskreytingar í íslenskum barnabókum. Teiknararnir eru þau Anna Cynthia Leplar, Áslaug Jónsdóttir, Brian Pilkington, Freydis Kristjánsdóttir, Gunnar Karlsson, Halla Sólveig Þorgeirsdóttir, Halldór Baldursson, Kristín Ragna Gunnarsdóttir, Margrét E. Laxness, Ragnheiður Gestsdóttir, Sigrún Eldjárn og

Þórarinn Böðvar Leifsson.

Aðgangur að sýningunni er 500 kr. en miðinn gildir í þrjá daga á öll söfn Listasafns Reykjavíkur.

-vp

> Ekki missa af ...

listamannaspjalli Huldu Hákon í Listasafni ASÍ, Freyjugötu 41, kl. 15 í dag. Hulda fjallar um sýninguna Kvíkar myndir, en á henni má sjá myndlist sem innblásin er af hafinu og hafnarsvæðinu í Reykjavík. Sýningin var sett upp í telfni af 90 ára afmæli Reykjavíkurfarnar.

menning

menning@frettabladid.is



SNORRI SIGFÚS BIRGISSON Samdi tónverk við ævintýrið Stúlkan í turninum.

Tónleikar og diskur

Sinfóníuhljómsveit Norðurlands heldur tónleika í Ketilhúsinu á Akureyri í dag kl. 16 til þess að kynna nýjan disk sinn.


Á disknum má heyra hlóm-sveitina flytja tónverk eftir Snorra Sigfús Birgisson við ævintýrið Stúlkan í turninum eftir Jónas Hallgrímsson. Í verk-

inu er sagan túlkuð í tónum meðfram upplestri.

Upptaka á tónverkinu var gerð í tónlistarhúsinu Laugarborg í janúar árið 2006. Útgáfan er mjög vönduð.

Aðgangur að tónleikunum er ókeypis og hægt er að kaupa geisladiskinn á staðnum. -vp

OPIÐ Í DAG KL. 13-18



Gallerí
BORG

Skipholt 35, 105 Reykjavík

Kvikmynd eftir Barbara Doran

TO DUBLIN WITH LOVE

Myndin fjallar um sterk menningarleg tengsl Nýfundnalands og Labrador við Írland.



Regnboginn

Hverfisgötu 54
Sunnudagur 25. nóvember
Kl. 16:00
Frítt í bíó!



Kvikmynd eftir Bart Simpson

MOEBIUS REDUX

Myndin fjallar um líf og störf teiknarans Jean Giraud.

REGNBOGINN



UNGIR TÓNLISTARMENN Háskólakórinn og Sinfóníuhljómsveit unga fólksins á æfingu.

FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Unga fólkið, Beethoven og Haydn

Háskólakórinn og Sinfóníuhljómsveit unga fólksins flytja saman Messu í C-dúr eftir Beethoven og Hersinfóníuna eftir Haydn á tvennum tónleikum í Langholtskirkju. Tónleikarnir fara fram í kvöld kl. 20 og verða endurteknir á sama tíma á þriðjudag.

Alls taka rúmlega hundrað ungmenni þátt í flutningnum. Háskólakórinn er skipaður sextíu nemendum úr Háskóla Íslands og í Sinfóníuhljómsveit unga fólksins leika fjórutíu nemendur úr tónlistarskólum á höfuðborgarsvæðinu. Einsöngvarar á tónleikunum verða Rannveig Káradóttir sópran, Sibylle Köll mezzosópran, Hlödver Sigurðsson tenór og Valdimar Hilmarsson bassabartón, en þau eru öll um það bil að ljúka sögnámi.

Gunnsteinn Ólafsson, stjórnandi tónleikana, segist hafa verið aðdáandi messu Beethovens allt frá tólf ára aldri. „Ég tók við sem stjórnandi Háskólakórsins nú í haust. Ég var líka stjórnandi Sinfóníuhljómsveitar unga fólksins og þurfti að finna eitthvert verkefni fyrir hana.

Mér þótti því tilvalið að leiða hópana tvo saman í flutningi þessa

verks sem ég hef lengi haft dálæti á.“

Messa í C-dúr er meðal stærstu verka Beethovens. Beethoven til-einkaði sér tónverk klassísku meistaranna í æsku og ruddi síðan nýrri tónlist braut þegar hann varð höfuðtónskáld rómantíska tímabilsins. Hann víkkaði út hugsun manna á öllum sviðum tónsköpunar með því að taka þátt í þróun nýrra hljóðfæra og auka hljóðfærakost hljómsveita. Í Messu í C-dúr fléttaði hann saman einsöngvurum og kór í eina samofna heild svo úr varð eitt stórbrotasta verk tónbókmenntanna.

„Þetta er ákaflega dramatískt verk. Beethoven malar textann með sterkum tónum svo úr verður mögnuð tónlistarveisla. Þetta verk er fjórutíu mínútna langt í flutningi en á þessum tíma ferðast það allan tilfinningaskalann fram og til baka og hljóðfæraleikararnir og söngvararnir þurfa að geta gert þessum sveiflum skil í flutningi sínum. Verkið gerir því miklar kröfur til tónlistarmannanna,“ segir Gunnsteinn um tónsmíð Beethovens.

Miðaverð á tónleikana er 1.500 kr. fyrir almenning og 1.000 kr. fyrir námsmenn og eldri borgara. Athygli skal þó vakin á því að námsmönnum býðst að kaupa miða á 500 kr. ef þeir senda tölvupóst þess efnis á kor@hi.is

vigdís@frettabladid.is

ÁST

SÖNGLEIKUR EFTIR
GÍSLA ÖRN GARDARSSON
OG VÍKING KRISTJÁNSSON

Vesturport

Í samstarfi við Vesturport

22. nóvember - uppselt
23. nóvember - uppselt
30. nóvember - uppselt
1. desember - uppselt
7. desember - uppselt
8. desember - uppselt

Miðasala 568 8000
www.borgarleikhus.is





SALTFÉLAGIÐ
 HEIMILIÐ ER HEILAGT

Grandagarði 2
 101 Reykjavík
 Sími 578 7810
 www.saltfelagid.is

RANDOM

HÖNNUÐUR
 NEULAND

VERÐ
 159.000 KR.

MÍÐAÐ VIÐ EINA HILLU.
 81,6 CM Á BREIDD, 216,3 CM
 Á HÆÐ OG 25 CM Á DÝPT.

HEIMILIÐ ER HEILAGT, ÞESS VEGNA SKIPTIR ÖLLU HVAÐ ÞAR ER INNSTOKKS



KANNA
 7.930 KR.
 STÓRT GLAS
 1.465 KR.
 LÍTIÐ GLAS
 1.260 KR.
 STÓRT GLAS Á FÆTI
 1.660 KR.
 LÍTIÐ GLAS Á FÆTI
 1.334 KR.



Á kaffihúsinu sem **Te og kaffi** starfrækir í Saltfélaginu er ilmandi kaffi á boðstólum alla daga. Og í **Eymundsson** má kaupa sér bækur um hönnun og lífsstíl til að lesa yfir kaffinu.



VERÐ
 8.900 KR.

LOUNGE CHAIR & OTTOMAN

HÖNNUÐUR
 CHARLES & RAY EAMES 1956
 VERÐ
 439.500 KR.



PLASTIC CHAIR

HÖNNUÐUR
 CHARLES & RAY EAMES, 1950
 VERÐ
 19.900 KR.



Á kaffihúsinu sem **Te & kaffi** starfrækir í Saltfélaginu er ilmandi kaffi á boðstólum alla daga. Opið frá kl. 10-18 virka daga og 11-16 um helgar.

> VISSIR PÚ?

Söngkonuna Jessica Simpson langar að verða rithöfundur. Hún sendi nýlega bók á stærstu útgáfufyrirtæki Bandaríkjanna með frumsömdum ljóðum og ljósmyndum sem hún tók sjálf. Bókin féll í grýttan jarðveg, þótti ólæsileg og lummulegar ljósmyndir af regnbogum óskýrar. Jessica er víst afar sár yfir höfnuninni og kennir föður sínum um, en hann er einnig umboðsmaður hennar.



fólk

folk@frettabladid.is

Ævari vel tekið í Danmörku

Glæpasaga Ævars Arnar Jónssonar, Blóðberg, kom út á dönsku í haust. Hún er fyrst bóka Ævars til að komast út á dönsku, og hefur hlotið góða dóma þar í landi.

Í gagnrýni sem birtist í Politiken í síðasta mánuði er Ævari líkt við sænsku glæpasagnahjónin Sjöwall og Wahlöö, sem skrifuðu ófáar glæpasögur um lögreglumanninn Martin Beck og samstarfsmenn hans. Wahlöö sagði um skrif þeirra, að þau reyndu að nota glæpasöguna sem skurðarhnif til að kryfja og fletta ofan af síðlausu velferðarsamfélaginu, og það er einmitt það sem gagnrýnandi Politiken lofar Ævar fyrir. Hann lofar rithöfundinn einnig fyrir að vekja lesendur til umhugsunar um umhverfis- og atvinnumál, án þess að falla í þá gryfju

að prédika, og hrósar honum sérstaklega fyrir lýsingar á sambandi lögreglumannanna Árna og Guðna.

Á vefsíðu Danmarks Radio má svo lesa annan dóm, þar sem gagnrýnandi kallar söguna óvægna og hrifandi. Þar segir einnig að húmor rithöfundar geri bókina í hæsta máta skemmtilega og þess virði að lesa.

Blóðberg kom út hér á landi árið 2005 og segir frá rannsókn á mögulegum skemmdarverkum á Kárahnjúkum. Glæpasögur Ævars hafa einnig komið út á sænsku og þýsku í haust og hlotið góðar viðtökur.

GÓÐIR DÓMAR Glæpasaga Ævars Arnar Jónssonar, Blóðberg, hefur hlotið afar góða dóma í Danmörku, þar sem hún kom út í haust.



Draugur hjá Britney

Ekki á af Britney Spears að ganga en nú telur hún reimt á heimili sínu í Malibu. Hún hefur oft óútskýranleg hljóð í húsinu og líði illa þar. Náinn vinur söngkonunnar telur stress vegna drauga-



BRITNEY SPEARS
Telur sig búa með afturgöngu stúlk.

gangsins mögulega ástæðu fyrir undarlegri hegðun hennar að undanförunu. Fyrri eigandi hússins segir án efa reimt þar. „Fjölskyldan mín átti afar ógnvekjandi tíma í þessu húsi,“ segir Alexi Csato.



Holdafar – hagfræðileg greining er komin í bókabúðir.

Höfundurinn, dr. Tinna Laufey Ásgeirsdóttir, heldur fyrirlestur í Norræna húsinu mánudaginn 26. nóvember kl. 12:00 um efni bókarinnar.

Allir velkomnir

LYDHEILSUSTOÐ

Huldufólki fagnað

Rithöfundurinn Unnur Jökulsdóttir fagnaði útkomu bókar sinnar, Hefurðu séð huldufólk?, með teiti í Elliðavatsonsbæ í Heiðmörk á fimmtudag. Bókin ber undirtitilinn Ferðasaga, enda fór Unnur um landið vítt og breitt í leit að sögum af huldufólki og samskiptum við það. Hvort einhver af því kyni mætti í gleðina skal ósagt látið, en ýmsir góðir gestir lögðu leið sína í Elliðavatsonsbæ.



HILDUR HELGA SIGURBARDÓTTIR OG GUÐMUNDUR ANDRI THORSSON.



AURÓRA FRÍÐRIKSDÓTTIR OG JÓRUNN ROTHENBORG.



HEIÐAR INGI SVANSSON, HALLDÓR GUÐMUNDSSON OG ANNA V. GUNNARSDÓTTIR.



ÓLAF ÁMUNDADÓTTIR OG RANNSÓLF BENDER.

Ævintýrin bíða þín!

Heimur ljósálfanna

Skemmtilegar sögur og margvíslegur fróðleikur um ljósálfana í Hvergilandi sem hafa farið sigurför um heiminn. Hér er allt sem þú þarft að vita um Skelli-bjöllu, Bekku, Fíru og alla hina ljósálfana.

144 bls. í stóru broti!

Þyrnirós og litli hvolpurinn

Glæsilega myndskreytt bók í stóru broti fyrir litlar prinsessur. Um leið og sagan er lesin má skyggjast bak við tjöldin og sjá hvernig er um að litast í höllinni.

E d d a

Nýja Bond-stúlkan vill ólm afklæðast

Nýstirni í móldeheiminum þykir líklegt til að hreppa hlutverk nýrrar Bond-stúlku í næstu mynd um njósnarann James Bond.

Hin taílenska Jewel stæfir sig af líkama sínum og segist jafnvel hafa meiri kynþokka að bera en þekktasta Bond-stúlka kvikmyndasögunnar, Ursula Andress, sem lék Honey Ryder í kvikmyndinni Dr. No. „Ég elska atriðið þar sem hún stígur upp úr sjónum með hnif við lærið, en ég lít betur út í bikiní en hún,“ segir Jewel.

Jewel er kokhraust þrátt fyrir litla reynslu af leik og virðist treysta á að vilji hennar til að afklæða sig fyrir framan myndavélina muni fleyta henni langt. „Næsta Bond-mynd verður mjög

sexý, ég verð pottþétt ber að ofan. Ég er mjög stolt af mínum stórkostlega líkama og finnst ekkert mál að fækka fötum,“ segir Jewel. Hún er þrælön enda hefur hún setið fáklædd fyrir í Playboy og öðrum slíkum tímaritum.

Leikkonan Sienna Miller hefur einnig verið orðuð við myndina og að öllum líkindum mun Eva Green snúa aftur sem Bond-stúlkan Vesper Lynd. Áætlað er að næsta mynd um ofurnjósnarann komi út í nóvember á næsta ári, en hún verður númer 22 í myndaröðinni um James Bond.

JEWEL Segist vera næsta Bond-stúlkan.



Hagur barna

- okkar

ábyrgð!

aukið aðgengi að
áfengi = aukin neysla

www.iogt.is

Áfengi er engin venjuleg vara

- Áfengi hefur mikla sérstöðu sem neysluvara og fráleitt að um hana þurfi að gilda sömu viðmið og ýmsar aðrar vörur.

Meira en eitt af hverjum fjórum dauðsföllum meðal ungra karlmannna (á aldrinum 15-29 ára) í aðildarríkjum Evrópusambandsins, og eitt af hverjum tíu dauðsföllum meðal ungra kvenna á sama aldri, eru vegna áfengisneyslu (s.s. vegna umferðarslysa, sjálfsvíga, ofbeldis o.s.frv.).

HEIMILD:

Alcohol in Europe: A public health perspective. A report for the European Commission. Institute of Alcohol Studies, UK, June 2006.

Aukið aðgengi – Aukin neysla – Aukinn vandi

Samþykkt frumvarps um sölu áfengis í matvöruverslunum mun leiða til mikillar fjölgunar dreifingarstaða áfengis og auka aðgengi að áfengi gífurlega.

Einkasala ríkisins á áfengi er dæmi um víðtæka leið til að stýra aðgengi að áfengi.

Sú tilhögun að smásala áfengis sé í höndum verslana ÁTVR, sem eru í eigu og ábyrgð stjórnvalda, er mikilvægur þáttur í forvörnum sem óráðlegt er að fórna.

HEIMILD:

Alcohol: No Ordinary Commodity – Research and Public Policy (Oxford University Press, 2003) eftir 15 sérfræðinga í rannsóknum og lýðheilsumálum.



IOGT Á ÍSLANDI
... til framtíðar

Nýtt í bíó LAUGARÁS BÍÓ Sími: 553 2075 - bara lúxus

★★★★ LIB TOPPS.IS SV MBL

RENDITION

450 kr. í bíó! Gildir á allar sýningar merktar með rauðum!

LAUGARÁSBÍÓ - SÝNINGARTÍMAR

RENDITION	kl. 5.30, 8 og 10.30	16
AMERICAN GANGSTER	kl. 4, 7 og 10	16
MR. WOODCOCK	kl. 2, 4, 6 og 8	L
ROGUE ASSASSIN	kl. 10	16
ÆVINTÝRAEYJA IBBA	kl. 2 og 3.50 - 600 kr.	L
HÁKARLABEITA	kl. 2	L

www.laugarasbio.is - Miðasala á miðla.is

Kynlíf í spaugilegu ljósi

Leikarinn David Duchovny, sem sló í gegn í X-Files, fer með hlutverk vandræðagæmlingsins Hank Moody í sjónvarpsþættinum Californication. Duchovny segir að Moody sé einfari sem eigi lítið sameiginlegt með honum sjálfum.



DAVID DUCHOVNY Duchovny fer með hlutverk vandræðagæmlingsins Hank Moody í Californication.

Þátturinn Californication, sem er sýndur á Skjá einum, hefur hitt í mark bæði héraendis og vestanhafs og hefjast upptökur á annarri þáttaröð í apríl á næsta ári.

Þátturinn fjallar um rithöfundinn Hank Moody, sem glímur við mikla ritstíflu á sama tíma og miðaldrakreppa ásækir hann. Skrautleg samskipti hans við samstarfsfélaga sína og fyrrverandi kærustu og barnsmóður eru áberandi, þar sem áfengisviman er sjaldan langt undan. Ástarmál Moody koma einnig við sögu og virðist hann geta valið úr bólfélögum hvar sem hann stígur niður fæti.

Tími fyrir fjölskylduna

Það sem laðaði Duchovny mest að þættinum til að byrja með var sú staðreynd að framleiðslan stóð aðeins yfir í nokkra mánuði. „Ég hugsaði sem svo að með þessum þætti gæti ég verið meira heima hjá fjölskyldunni og þyrfti ekki að vinna í tíu mánuði, fjórtán tíma á dag, eins og ég gerði þegar ég lék í X-Files. Eftir að ég hætti í X-Files vildi ég ekki vinna í sjónvarpi en eftir að fram komu þessir góðu þættir á borð við Sopranos og Sex and the City sem voru unnir á skömmum tíma í einu sá ég að þetta var möguleiki ef áhugavert verkefni kæmi á borð til mín,“ segir Duchovny.

Nekt eykur húmorinn

Nekt hefur verið nokkuð áberandi í Californication og segir Duchovny hana eingöngu notaða til að auka húmorinn í þættinum, enda sé Californication fyrst og fremst grínþáttur. „Þegar við sýnum nektina er hún oftast sýnd í spaugilegu ljósi. Við tökum ekki kynlíf alvarlega því þegar þú gerir það verður það mjög leiðinlegt. Kynlíf er fyndið og þannig viljum við sýna það.“

Reyndar eftir því sem persónan [Moody] festir þætur sínar betur í þættinum verður kynhegðunin ekki eins áberandi.“

Fyndinn sársauki

Duchovny segist eiga lítið sameiginlegt með Moody, sem sé hálfgerður einfari. „Ég vildi örugglega ekki vera hann. Leikarar þurfa samt að reyna að sjá einhvern hluta af sjálfum sér í hverju hlutverki fyrir sig. Málið er að ég vildi alltaf hafa gríðið í fyrirrúmi. Þetta er ekki dramaþáttur og hann fjallar ekki um sjálfstortímingu eða hvernig eigi að losa sig við fíknina. Þetta er gamanþáttur sem fjallar um sársaukann sem Moody finnur vegna hatarsins á sjálfum sér. Mér fannst sársauki hans gera hann enn þá fyndnari,“ segir hann.

Á milli tveggja forma

Heldur lítið fór fyrir Duchovny eftir að hann hætti í X-Files, þar til hann tók við hlutverkinu í Californication.

„Ferill fólks getur verið skríttinn. Stundum gengur hann hratt og örugglega en stundum hægt. Þegar ég byrjaði að skrifa handrit og leikstýra fyrir nokkrum árum slakaði ég á í leiklistinni en núna er ég farinn að læra hvernig á að hoppa á milli þessara tveggja forma. Eftir því sem þú verður betri í einhverju verður þú eftirsóttari. Það er því gott að ég sé í góðu starfi núna þegar mér finnst ég einmitt vera orðinn mjög góður í því sem ég geri.“

Kvikmynd um X-Files

Duchovny lauk nýverið upptökum á fyrstu þáttaröðinni af Californication. Næst á dagskrá hjá honum er hlutverk í kvikmynd byggðri á þáttunum X-Files áður en hann byrjar á annarri þáttaröð Californication. Á hvíta tjaldu sést hann næst í myndinni Things We Lost in the Fire þar sem hann leikur á móti Halle Berry og Benicio Del Toro.

NÝTT Í BÍÓ!

LÚXUS **DAN IN REAL LIFE** DAN Í RAUN OG VERU

Stórskemmtileg rómantísk gamanmynd

Jason Biggs, Isla Fisher, Wedding DAZE BRÚKAUÐSÍLUN

LÍF RÓSARINNAR

ATH: EKKERT HLÉ OG MIÐASÖLU LYKUR ÞEGAR SÝNING MYNDAR HEFST

ÁSTARSORG

LIÓN FYRIR LÖMB

ÞETTA ER ENGLAND

SÍÐUSTU SÝNINGAR

SÍÐUSTU SÝNINGAR

SMÁRRÁ BÍÓ Sími 564 0000

REGNBÖGINN Sími 551 9000

DAN IN REAL LIFE	kl. 3.30 - 5.45 - 8 - 10.15	DAN IN REAL LIFE	kl. 3 - 5.45 - 8 - 10.15
DAN IN REAL LIFE LÚXUS	kl. 3.30 - 5.45 - 8 - 10.15	LA VIE EN ROSE/LÍF RÓSARINNAR	kl. 5.20 - 8 - 10.40
WEDDING DAZE	kl. 1.30-3.40-5.50-8-10.10	LIÓN FYRIR LÖMB	kl. 3-6-8-10
BALLS OF FURY	kl. 2-4-6-8	THIS IS ENGLAND	kl. 6-8-10
ÆVINTÝRAEYJA IBBA 600 KR.	kl. 2-4-6		
THE HEARTBREAK KID	kl. 8-10.30		
DARK IS RISING	kl. 1.30		
LIÓN FYRIR LÖMB	kl. 10		

BEOWULF SÝND Í DIGITAL 3-D

AMERICAN GANGSTER

FORELDRAR

JESSE JAMES

ALFABAKKA

SELFOSSI

AKUREYRI

KRINGLUNNI

KEFLAVÍK

SPARBÍÓ 450

450 kr. REGNBÖGINN 450 kr.

WEDDING DAZE 450

LIÓN FYRIR LÖMB 450

SUPERHERO 450

THIS IS ENGLAND 450

kl. 4.00 | Háskólabíó

kl. 3.00 | Regnboginn

kl. 3.00 | Regnboginn

kl. 3.00 | Regnboginn

Ódýrt í bíó

MR. WOODCOCK

ÆVINTÝRAEYJA IBBA

HÁKARLABEITA

450 kr. á fyrstu sýningar dagsins

SparBíó 450kr Á EFTIRTALDAR SÝNINGAR laugardag og sunnudag

ÍÞRÓTTAHEITJAN - kl. 1 í álfabakka kl. 12 í kringlunni og kl. 2 á akureyri, keflavík og selfossi

STARLUST - KL. 12:30 Í ALFABAKKA

ÆVINTÝRAEYJA IBBA M. ÍSL. TALU - KL. 1:30 Á SELFOSSI OG 2 Í KEFLAVÍK

RATATOUILLE M. ÍSL. TALU - KL. 12:30 Í ALFABAKKA, 12 Í KRINGLUNNI, 3:50 Á SELFOSSI OG KL. 2 Á AKUREYRI

Þrjár íslenskar á topp hundrað

Hljómsveitin Sigur Rós á tvær plötur á lista tónlistarsíðunnar Gigwise.com yfir eitt hundrað bestu plötur þessa árþúsunds. Platan Takk er í átjándu sæti og er í því 75. Plata Björk Guðmundsdóttur, Vespertine, er síðan í 45. sæti.

„Platan byggir á þeirra fyrri verkum en er mun stærri í sniðum. Á

BJÖRK Vespertine eftir Björk Guðmundsdóttur er í 45. sæti listans.



henni er tvímælalaust besta lag þeirra til þessa, hið frábæra Hoppipolla,“ segir í umsögninni um Takk. Svigaplatan, (), er sögð ein dularfyllsta plata tónlistarsögunnar. „Á henni voru átta lög með 36 sekúndna inngangi fyrir hvert lag. Platan og himneskir tónar hennar tryggðu áframhaldandi áhuga á hljómsveitinni.“

Um plötu Björk segir: „Taktarnir og hljóðbúturnir á Vespertine fela þá staðreynd að þetta er mjög persónuleg plata. Með hjálp Matthew Herbert og Matmos tókst henni að skapa aðgengilegustu plötu sína til þessa og þá söluhæstu.“

Í efsta sæti á listanum er platan Relationship of Command með hljómsveitinni At the Drive-In og í



SIGUR RÓS Hljómsveitin Sigur Rós er í átjándu sætinu með plötu sína Takk.

öðru sæti er Is This It með The Strokes. Í þriðja sæti er Funeral með Arcade Fire og í því fjórða er Silent Shout með The Knife. Fimmta sætið vermir síðan rapparinn Jay-Z með plötu sína The Blueprint.

Kurt var fyndinn

Dave Grohl, forsprakki Foo Fighters, segir að Kurt Cobain, fyrrum félagi sinn í Nirvana, hafi verið ótrúlega fyndinn náungi. „Margir gera sér ekki grein fyrir þessu en Kurt var ein fyndnasta manneskja sem ég hef nokkru sinni hitt,“ sagði Grohl. Bætti hann því við að Kurt hefði grínast mjög á milli laga á MTV-tónleikum Nirvana sem nýverið komu út á mynddiski.

Bassaleikarinn Krist Novoselic sagði að tónleikarnir, sem voru haldnir árið 1993, hefðu haft afar sérstakan blæ. „Það var mikið fjallað um dauða Kurts í fjölmiðlum og þessi órafmagnaða frammistaða breytti tónleikunum í nokkurs konar sálumessu. Kurt fór á kostum. Hann hafði þessa miklu



KURT COBAIN Cobain fór á kostum á órafmögnum MTV-tónleikum nokkrum mánuðum fyrir dauða sinn.

tjáningarþörf. Það var eitthvað sérstakt við hann. Þú getur bæði heyrt það og séð það á þessum disk.“

FRÉTTIR AF FÓLKI

William Shatner er ekki ánægður með að hafa ekki verið boðið hlutverk í nýju Star Trek-myndinni. Shatner lék kaptein James Kirk í upprunalegu þáttunum og myndunum og er steinhissa á uppátækinu. „Mér þykir þetta ekki gott viðskiptavít.

Ég er vinsælli núna en þegar ég lék Captain Kirk. Ég dreg peninga í kassann og fæ mikla athygli,“ segir Shatner. **Leonard Nimoy** mun snúa aftur sem Spock.



Christian Bale fékk hlutverk sitt í myndinni Rescue Dawn af því að hann var tilbúinn að borða snáka og orma, að sögn leikstjórans **Werner Herzog**. Hann vildi ekki nota tæknibrellur í myndinni, og spurði Bale því hvort hann treysti sér í það – sem hann og gerði, án þess að hika.

Símafyrirtækið Virgin Mobile gerði könnun meðal Breta um hvaða frægu stjórnun þá vildi helst sjá snúa aftur frá dauðum. Það kemur vart á óvart að **Diana prinsessa** var efst á lista, en þétt á hæla hennar komu **Marilyn Monroe, Elvis Presley, John Lennon** og **George Harrison**. Í sjöttu sæti var svo Jesús Krístur.



Christina Applegate er nýjasta leikkonan til að fækka fötum fyrir auglýsingaherferð fyrir Peta. Hún biðlar til neytenda um að sniðganga pelsa í jólagjafainnkaupum í ár. Applegate er mikill dýravinur og hefur verið grænmetisæta frá því á unglingsárum. Hún fetar nú í fótspor **Aliciu Silverstone, Alyssu Milano** og fleiri stjarna með samstarfi sínu við Peta.

Skoppa og Skríttla árita í Hagkaup



Skoppa og skríttla í Þjóðleikhúsinu er DVD diskur þar sem þær stöllur leika á allsöddi



Út er komin bókin Skoppa og Skríttla læra um tölur og dýr. Bók og hljóddiskur í einum pakka. Þessi bók er gullmoli fyrir alla fróðleiksúsa snúða og snældur



Einnig fáanlegir geisladiskurinn Skoppa og Skríttla á söngferðalagi og DVD diskurarnir Litla stundin með Skoppu og Skríttlu

ÁRITUN Í HAGKAUP KRINGLUNNI KL. 16 Í DAG

Skoppa og Skríttla mæta og árita nýju bókina sína og nýja DVD diskinn sinn í Hagkaup Kringlunni í dag kl. 16:00

sena

okkar heimur // þín skemmtun

> Stórleikur í N1-deild karla í kvöld

Íslandsmeistarar Vals í handbolta fá bikarmeistara Stjórnunna í heimsókn í Vodafone-höllina að Hlíðar-enda í kvöld. Liðin hafa bæði lokið leik í Evrópukeppnum og það verður því allt undir í þessum leik. Leikurinn er ekki síður mikilvægur fyrir bæði lið í ljósi stöðu þeirra í N1-deildinni. Stjarnan er sem stendur í fjórða sæti og Valur í því fimmta og hvort lið um sig má því illa við tapi þegar farið er að síga á seinni helming Íslandsmótsins. Leikurinn hefst kl. 20.00 í kvöld.

sport@frettabladid.is

sport



BIRKIR BJARNASON, VIKING: HEFUR VERIÐ AÐ SPILA VEL MEÐ U-21 ÁRS LANDSLIÐI ÍSLANDS UNDAFARIÐ

Pabbi var góður en ég ætla að verða betri

Birkir Bjarnason, 19 ára leikmaður Viking frá Stavangri í norsku deildinni, hefur spilað afar vel með U-21 árs landsliði Íslands upp á síðkastið og skoraði meðal annars fyrra mark liðsins í frækilegum 1-2 sigri gegn Belgíu á dögnum.

„Það er frábært að spila með U-21 árs liðinu því liðsandi er svo góður og ég held að það skili sér inn á leikvöllinn. Það eru góðir fótballamenn í liðinu sem vilja spila góðan fótballa og í leiknum á móti Belgíu, þó sérstaklega í fyrri hálfleik, sýndum við hversu öflugir við erum. Ég var ánægður með frammistöðu mína persónulega séð og ég náði að skora gott mark eftir sendingu frá Halla í markinu. Ég náði að lesa sendinguna vel og byrjaði strax á hlaupinu og ég var verðlaunaður fyrir það með markinu. Ég hefði jafnvel getað fengið dæmda vítaspyrnu þegar markvörður Belga braut á mér,“ sagði Birkir og kvaðst vera í góðu líkamlegu standi.



„Ég er kominn í fint form núna en ég meiddist í lok undirbúningstímabilsins með Viking í fyrra og það varð til þess að ég náði mér til að byrja með aldreiminnlega á strík. Ég vonast til þess að fá miklu fleiri tækifæri með Viking-liðinu á næstu leiktíð en ég fékk á nýfstaðinni leiktíð,“ sagði Birkir, sem er samningsbundinn Viking til ársins 2009 og spilaði sex leiki fyrir Viking síðasta sumar, þar af var einn í byrjunarliði á móti stórlíði Rosenborgar.

„Mér gekk ágætlega í þau skipti sem ég fékk tækifæri og spilaði þá annað hvort á öðrum hvorum vængnum eða inni á miðjunni,“ sagði Birkir, sem á ekki langt að sækja knattspyrnuhæfileikana því pabbi hans er hinn mikli harðjafli Bjarni Sveinbjörnsson, markahæsti leikmaður í sögu Þórs Akureyrri í efstu deild.

„Já, pabbi var góður og hann er stundum að rífa sig eitthvað yfir því, en ég ætla mér að verða betri og ég held að ég gæti vel tekið hann,“ sagði Birkir í léttum dúr.



ÓHEPPINN Guðmundur E. Stephensen var nálægt því að leggja Primorac.

FRÉTTABLAÐIÐ/RÓBERT

Guðmundur E. Stephensen: Í Meistaradeild

BORÐTENNIS Guðmundur E. Stephensen, margfaldur Íslandsmeistari í borðtennis, spilaði í fyrrakvöld með liði sínu, sænsku meisturunum Eslöv, í Meistaradeild Evrópu í borðtennis. Guðmundur tapaði naumlega gegn Króatíu Primorac sem er átjándi á heimslista borðtennisspilara. Guðmundur tapaði fyrstu tveimur lotunum, 9-11 og 8-11, en vann næstu tvær, 11-9 og 14-12. Króatinn vann svo úrslitalotuna, 8-11.

- óp



FRAMFARIR Arnari Sigurðssyni, tennis-kappa úr TFK, hefur farið mikið fram undanfarið ár.

FRÉTTABLAÐIÐ/HEIDA

Arnari Sigurðsson:

Bætir sig enn

TENNIS Arnari Sigurðsson, margfaldur Íslandsmeistari í tennis, tapaði í átta manna úrslitum í einliðaleik í móti í Dóminísku lýðveldinu. Arnari keppti einnig í tvíliðaleik ásamt Bandaríkjamanninum Vahid Mirzadeh og þeir töpuðu naumlega í undanúrslitum í móti.

Arnari hefur verið að bæta sig jafnt undanfarið og klifrað upp heimslista tennis-kappa.

- óp

Rislítill skyldusigur hjá Framliðinu

Fram vann Tur Il Özel Idare 29-24 í EHF-áskorendakeppni Evrópu í handbolta í Safamýrinni í gær. Framarar voru heldur áhugalausir gegn afar slöku tyrknesku liði og sigur þeirra hefði með öllu réttu átt að vera mun stærri. Liðin leika svo seinni leik sinn í keppninni í dag kl. 16 í Safamýrinni.

HANDBOLTI Það verður seint sagt að tyrkneska liðið Tur Il Özel Idare og Fram hafi boðið upp á mikla skemmtun þegar hið fyrrnefnda tók á móti Fram í Safamýrinni í gær í 32ja liða úrslitum Áskorendakeppni Evrópu. Fram vann fimm marka sigur á slökum andstæðingi sínum, 29-24. Fram keypti heimaleik tyrkneska liðsins og því var leikið á heimavelli Fram.

Fram hóf leikinn vel og skoraði þrjú fyrstu mörk leiksins. Á fyrstu mínútunum virtust Framar getað skorað að vild á meðan leikmenn Özel Idare virtust varla vita hvað þeir áttu að gera við boltann. Þetta breytist fljótt. Framarar virtust halda að hlutirnir kæmu af sjálfu sér og nokkrir Tyrkjananna sýndu að þeir kunna þó sitthvað.

TÖLFRÆÐIN:

Mörk Fram: Hjörtur Hinriksson 5 (5), Guðjón Dreggsson 5 (11), Einar Ingi Hrafnsson 4 (5), Filip Kliszczek 4 (5), Stefán Stefánsson 3 (4), Haraldur Þorvarðarson 2 (5), Rúnar Káráson 2 (5), Daniel Berg Grétarsson 1 (2), Halldór Jóhann Sigfússon 1 (2/1), Jón Björgvin Pétursson 1 (3), Jóhann Gunnar Einarsson 1 (5/1)
 Varin skot: Björgvin Páll Gústavsson 12 (25) 48%, Magnús Erlendsson 7 (18/2) 38,9%
 Hraðauppplau: 14 (Guðjón 4, Hjörtur 2, Stefán 2, Einar Ingi 2, Haraldur, Jón Björgvin, Daniel Berg, Rúnar)
 Fiskuð víti: 2 (Guðjón, Filip)
 Utan vallar: 12 mínútur
 Mörk Özel Idare: Ömer Aslan 7/2 (18/2), Soner Genc 6 (9), Baris Orhonlu 6 (12), Rifat Shahin 2 (4), Murat Ölmez 2 (5), Mehmet Demirezen 1 (4)
 Varin skot: Cemal Bayrakci 19/2 (48/2) 39,6%
 Hraðauppplau: 4 (Orhonlu 2, Aslan, Ölmez)
 Fiskuð víti: 2 (Demirezen 2)
 Utan vallar: 6 mínútur



BARÁTTA Einar Ingi Hrafnsson, leikmaður Fram, reynir hér að brjóta sér leið í gegnum vörn Tyrkjananna í gær. Einar átti finan leik og skoraði fjögur mörk úr fimm skotum sínum í leiknum.

FRÉTTABLAÐIÐ/VÖLUNDUR

Leikmenn Fram skutu einstaklega illa á þéttan og hægán markvörð Tyrkjananna sem varði tvö vítaskot og fjölda dauðafæra þrátt fyrir að hreyfa sig lítið í markinu. Leikmenn Fram virtust átta sig á að liðið þyrfti að leggja sig fram ætti ekki illa að fara og hóf að spila góða vörn og þrátt fyrir að sóknarleikur liðsins væri slakur sigldi liðið fram úr og náði fimm marka forystu fyrir leikhlið, 9-14.

Fram skoraði fyrsta mark síðari hálfleiksins og allt benti til að leikmenn liðsins ætluðu að fylgja góðum endaspætt fyrir hlé eftir. Það varð ekki raunin. Fram fór

aftur að skjóta illa á markvörðinn og Tyrkirnir náðu að minnka muninn í þrjú mörk, 13-16. Þá kom ágætur leikkafli hjá Fram, sem náði að lokum sjö marka forystu, 19-26, þegar aðeins sex mínútur voru eftir af leiknum. Özel Idare svaraði því með fjórum mörkum í röð og skyndilega var munurinn aðeins þrjú mörk á ný, 23-26. Fram skoraði þrjú af fjórum síðustu mörkum leiksins og fer því með fimm marka forskot inn í síðari leik liðanna sem fram fer í Safamýrinni í dag.

Fernek Buday, þjálfari Fram, vildi ekki gagnrýna lið sitt mikið

þrátt fyrir að frammistaðan hafi verið langt frá því að vera ásættanleg. „Þetta er fyrsti alþjóðlegi leikur okkar á tímabilinu og við vissum ekkert um andstæðinginn eða tyrkneskan handbolta. Það er mikil barátta allan leikinn og við fengum mörg tækifæri til að stinga af. Markvörður þeirra varði stundum vel og stundum vantaði einbeitingu hjá mínum mönnum í skotunum. Ég dreifði leiktímanum vel á milli manna, sem kom líklega niður á leik okkar. Ég vildi ekki þreyta leikmenn mína of mikið með seinni leikinn í huga. Það getur enginn leikmaður spilað tvo heila leiki á tveimur dögum með góðu móti. Við unnum ekki stórt en sigurinn er ásættanlegur.“

Tyrkneska liðið lék ekki hefðbundinn handbolta. Leikur liðsins var hægur en liðið lék ágæta vörn gegn Fram, sem náði sér ekki á strík í sóknarleiknum. „Tyrkneska liðið var mjög hreyfanlegt í vörn, sem gerði okkur erfitt fyrir og við fengum marga ódýra brottrekstra sem kom niður á okkar leik. Á morgun (í dag) er nýr leikur og þá munum við gera betur,“ sagði Buday að lokum.

Jóhann Gunnar Einarsson lék líklega sinn langlélegasta leik á tímabilinu og var því ekki sáttur.

„Ég veit ekki hvað gerðist í leiknum. Við erum að mínu mati mun betri en þetta lið. Þetta lið er ekki gott og þessi markvörður leit ekki út fyrir að geta mikið en samt varði hann einhverja tuttugu bolta í þessum leik. Mér fannst hann verja og verja. Ég skoraði flott mark í byrjun en svo á einhvern óskiljanlegan hátt fór ekkert inn. Ég var lélegur í vörn og sókn. Tyrkneskur handbolta hentar mér ekki nógu vel,“ sagði Jóhann Gunnar og hló.

- gmi

Kylfingurinn Birgir Leifur Hafþórsson setti ótrúlegt met á Lariserva-vellinum á Spáni:

Án vafa besti hringur ferilsins

GOLF Birgir Leifur Hafþórsson, kylfingur úr GKG, sem á dögnum tryggði sér þátttökurétt á Evrópumótardöðina í golfi, heldur áfram að spila eins og sá sem valdið hefur. Birgir gerði sér lítið fyrir og setti á föstudag vallarmet á Lariserva-golfvelli á Spáni þegar hann spilaði á ellefu höggum undir pari vallarins.

Birgir Leifur var að taka þátt í móti á vegum Kaupþings banka þegar vallarmetið féll, en Birgir fékk fimm fugla á fyrstu níu holunum og spilaði svo þrjár á pari og fékk svo sex fugla í röð á síðustu sex holunum. Birgir fór því á 61 höggi, ellefu höggum undir pari, og stórbætti vallarmetið um 6 högg.

„Þetta var bara einn af þessum dögum þar sem allt gekk upp, bæði hringur og þúttin, og var alveg rosalega gaman. Þetta var



SJÓÐHEITUR Allt virðist ganga upp hjá Birgi Leifi Hafþórssyni þessa dagana, en hann stórbætti vallarmet á Spáni í fyrradag.

NORDICPHOTOS/GETTY

án vafa besti hringur sem ég hef spilað á ferlinum og ég var búinn að bíða lengi eftir þessum degi. Ég var mjög aftslappaður að keppa í þessu fyrirtækjamóti í góðum félagsskap og var því óhræddur við að spila gríðarlegt sóknargolf,“ sagði Birgir Leifur alsæll í viðtali við Fréttablaðið í gær og

kvað árangurinn tvímælalaust koma sér vel fyrir framhaldið.

„Það er frábært upp á sjálfs-traustið að ná svona hring áður en ég fer út í alvöruna á ný,“ sagði Birgir, sem heldur til Suður-Afríku eftir rúma viku þar sem hann mun svo keppa á Evrópumótardöðinni í byrjun desember.

- óp

www.expressferdir.is

BOLTINN ER HJÁ OKKUR

ARSENAL – ST. BUCHAREST
11.–13. desember

Flug, skattar og miði á leikinn
39.900 kr.

ARSENAL – WEST HAM
30. des.–2. jan.

Flug, skattar og miði á leikinn
39.900 kr.

WEST HAM – FULHAM
11.–13. janúar

Verð á mann í tvíbýli
49.900 kr.

» Nánar á www.expressferdir.is
eða í síma 5 900 100



Express Ferðir
Ferðaskrifstofa í eigu Iceland Express



Myndband af lögregluinnrás í mótórhjólaklúbb Fáfnis.

„Ég sá það fyrst á visir.is“

Visir.is er öflug fréttá- og upplýsingaveita í stöðugri sókn, sem leggur metnað sinn í að flytja fréttir líðandi stundar fljótt og örugglega til notenda. Fréttir, dægurmál, umræða, blogg og VefTV – allt er þetta aðgengilegt á einum stað í einfaldri umgjörð og með skýrri framsetningu. Notendur vita að hverju þeir ganga þegar þeir heimsækja vísi.

visir

...ég sá það á visir.is



ÚRSLITIN Í GÆR

Ensku úrvalsdeildin:

Newcastle-Liverpool	0-3
0-1 Steven Gerrard (27.), 0-2 Dirk Kuyt (46.), 0-3 Ryan Babel (66.).	
Birmingham-Portsmouth	0-2
0-1 Sulley Ali Muntari (34.), 0-2 Niko Kranjcar (82.).	
Bolton-Man. Utd.	1-0
1-0 Nicolas Anelka (11.).	
Everton-Sunderland	7-1
1-0 Yakubu (12.), 2-0 Tim Cahill (17.), 3-0 Steven Pienaar (43.), 3-1 Dwight Yorke (45.), 4-1 Tim Cahill (62.), 5-1 Yakubu (73.), 6-1 Andy Johnson (80.), 7-1 Leon Osman (85.).	
Man. City-Reading	2-1
1-0 Martin Petrov (11.), 1-1 James Harper (43.), 2-1 Stephen Ireland (90.). Brynjar Björn Gunnarsson og Ivar Ingimarsson voru í byrjunarliði Reading.	
Arsenal-Wigan	2-0
1-0 William Gallas (83.), 2-0 Tomas Rosicky (85.).	
Middlesbrough-Aston Villa	0-3
0-1 John Carew (45.), 0-2 Olof Mellberg (48.), 0-3 Gabriel Agbonlahor (58.).	
Derby-Chelsea	0-2
0-1 Salomon Kalou (17.), 0-2 Shaun Wright-Phillips (74.).	

STADAN Í DEILDINN:

Arsenal	13	10	3	0	29-10	33
Man. Utd.	14	9	3	2	23-7	30
Man. City	14	9	2	3	18-14	29
Chelsea	14	8	4	2	21-9	28
Liverpool	13	7	6	0	22-6	27
Portsmouth	14	7	5	2	25-13	26
Aston Villa	13	7	3	3	21-14	24
Everton	14	7	2	5	26-16	23
Blackburn	12	6	4	2	15-11	22
West Ham	12	5	3	4	18-10	18
Newcastle	13	5	3	5	19-21	18
Reading	14	4	1	9	17-31	13
Fulham	13	2	6	5	16-20	12
Tottenham	13	2	5	6	23-24	11
Bolton	14	2	5	7	12-18	11
Birmingham	14	3	2	9	13-22	11
M'boro	14	2	4	8	14-29	10
Sunderland	14	2	4	8	14-29	10
Wigan	14	2	2	10	10-25	8
Derby	14	1	3	10	5-33	6

MARKAHÆSTU LEIKMENN:

Benjani (Portsmouth)	8
Emmanuel Adebayor (Arsenal)	7
Nicolas Anelka (Bolton)	7
Gabriel Agbonlahor (Aston Villa)	6
Cesc Fabregas (Arsenal)	6
Robbie Keane (Tottenham)	6
Cristiano Ronaldo (Man. Utd.)	6
Didier Drogba (Chelsea)	5
Oliver Kapo (Birmingham)	5
Benedict McCarthy (Blackburn)	5
Fernando Torres (Liverpool)	5
Yakubu (Everton)	5
Robin Van Persie (Arsenal)	5

Spænski úrvalsdeildin:

Barcelona-Recreativo	3-0
1-0 Gabriel Milito (64.), 2-0 Bojan (66.), 3-0 Lionel Messi (82.). Eður Smári Guðjohnsen var í byrjunarliði Barcelona en var tekinn af velli á 60. mínútu.	



FÖGNUMUR Shaun wright-Phillips fagnar hér marki sínu í gær. NORDICPHOTOS/GETTY

Ensku úrvalsdeildin:

Derby tapaði enn og aftur

FÓTBOLTI Chelsea unnu Derby 2-0 í gær en fyrir leikinn var búist við fremur auðveldum sigri Chelsea. Salomon Kalou kom Chelsea yfir á 17. mínútu þegar hratt spil Chelsea-liðsins gjörsamlega splundraði vörn Derby. Chelsea voru sterkari aðilinn í leiknum en segja má að óheppinn elti líka lánlaust lið Derby, því á 73. mínútu var fullkomlega löglegt mark dæmt af Kenny Miller. Til að auka á eynd Derby-manna skoraði Shaun Wright-Phillips annað mark Chelsea stuttu síðar og þar við sat. En Michael Essien fékk að líta rauða spjaldið í uppbótartíma og gæti átt yfir höfði sér allt að því þriggja leikja bann.

Enska knattspyrnusambandið hefur ekki enn ráðið eftirmann Steve McClaren í starfi þjálfara Englendinga:

Leit eftirmanns McClaren heldur áfram

FÓTBOLTI Enska knattspyrnusambandið leitar nú í gríð og erg að efnilegum eftirmanni Steve McClaren, sem var eins og kunnugt er rekinn úr þjálfarastarfi í enska landsliðinu á dögunum og nokkur nöfn hafa nú þegar verið nefnd til sögunnar.

Mönnum virðist þó vera nokkuð ljóst að starfið er ekki eins auðvelt og ætla mætti þrátt fyrir að Englendingar eigi vissulega ágætis leikmenn, því kröfurnar til liðsins eru þvífkar og enska pressan er ekki þekkt fyrir að gefa mönnum mörg tækifæri. Efstu nöfnin á lista veðbanka yfir hugsanlegan eftirmann McClaren hafa nú þegar sagt í fjölmiðlum að þeir hafi ekki áhuga á starfinu, en það eru José Mourinho, fyrrum stjóri Chelsea, og Martin O'Neill, stjóri Aston Villa. Tveir ítalskir stjórar, Fabio Capello og Marcello Lippi, hafa verið nefndir til sögunnar en þeir

eru atvinnulausir eins og er og hafa báðir náð frábærum árangri. Ungu mennirnir hafa einnig verið í umræðunni um þjálfarastöðuna hjá enska landsliðinu og virðist valið þá jafnan standa á milli Alan Shearer, fyrrverandi landsliðsfyrirliðið Englands, og Jürgen Klinsmann, fyrrverandi landsliðsþjálfara Þýska-lands. Shearer hefur enga reynslu af þjálfun og virðkenndi sjálfur að það hefði komið honum í opna skjöldu að vera nefndur á nafn í þessu samhengi.

„Ég hef auðvitað mikinn áhuga á því að þjálfa í framtíðinni en ég veit ekki hvenær það verður. Þjálfarastarfið hjá enska landsliðinu er frábært starf og örugglega það besta í bransanum og ég var því hissa að sjá mitt nafn á meðal allra þeirra frábæru þjálfara sem voru á sama tíma orðaðir við þjálfarastöðuna,“ sagði Shearer en Klinsmann var einmitt á sínum tíma



HISSA Alan Shearer, fyrrverandi landsliðsfyrirliði Englendinga, átti ekki von á því að vera nefndur sem líklegur eftirmaður Steve McClaren. NORDICPHOTOS/GETTY

ráðinn þjálfari þýska landsliðsins án þess að hafa mikla reynslu af þjálfun. Dæmi um reynslulausa þjálfara sem hafa gert góða hluti og náð að færa sig um set frá því

áð vera leikmaður og taka við landsliði, eru auk Klinsmann þeir Marco van Basten hjá Hollandi og Slaven Bilic hjá Króatíu.

- óþ

Bolton vann loksins grannaslaginn

Bolton náði loksins að vinna Manchester United í ensku úrvalsdeildinni í gær, Arsenal vann Wigan í miklum baráttuleik og Everton slátraði nýliðum Sunderland í átta marka leik á Goodison Park.

FÓTBOLTI Átta leikir fóru fram í ensku úrvalsdeildinni í gær og helst ber að nefna að Bolton vann óvæntan sigur á móti Manchester United, Everton slátraði Sunderland og Arsenal átti í talsverðum erfiðleikum með að vinna Wigan.

Flest benti til þess að Manchester United myndi vinna Bolton örugglega, en fyrir leikinn var United taplaust í síðustu tíu leikjum sínum í ensku úrvalsdeildinni og Bolton var aftur á móti ekki búð að vinna síðustu tíu leiki sína í deildinni. Heimamenn í Bolton komust hins vegar yfir á elleftu



SLÁTRUN Everton fóru illa með lærisveina Roy Keane í gær og unnu 7-1 á heimavelli sínum. NORDICPHOTOS/GETTY



MAGNADUR Nicolas Anelka tryggði Bolton óvæntan sigur gegn Englandsmeisturum Manchester United. NORDICPHOTOS/GETTY

mínútu leiksins þegar varnarmenn United misreiknuðu aukaspjrynu Ivan Campo og þannig mistök kunna fáir betur að nýta en Frakkinn Nicolas Anelka. Anelka sem var kominn aftur í byrjunarliði Bolton eftir meißli átti því ekki í erfiðleikum með að skora og koma Bolton yfir. Markið kom ekki gegn gangi leiksins því Bolton liðið virkaði frískt og ógnandi, en Manchester United ólíkir sjálfum sér og liðið skapaði sér í raun fá marktækifæri í fyrri hálfleik.

Um miðjan hálfleikinn braut Kevin Davies, leikmaður Bolton, gróflega á Patrice Evra, leikmanni Manchester United, en fékk aðeins að líta gula spjaldið fyrir viðskipti sín við Frakkann. Sir Alex Ferguson, stjóri Manchester United, var gríðarlega ósáttur við dóminn og lét reiði sína í ljós í hálfleik og var fyrir vikið rekinn upp í stúku þaðan sem hann horfði á seinni hálfleikinn. „Ég sagði dómáranum bara hvað mér fannst um frammistöðu hans í fyrri hálfleiknum og

honum mislíkaði það greinilega illa við samleikann,“ sagði Ferguson í viðtali í leikslok.

Í seinni hálfleik þyngdist sókn United til muna, en illa gekk hjá þeim að koma tuðrunni í netið. Þegar um tuttugu mínútur lifðu leiks fékk Carlos Tevez þvífkt dauðafæri eftir góðan undirbúning Patrice Evra, en Argentínumaðurinn skot rétt framhjá markiinu. United sótti stíft á lokamínúturnum en ekkert gekk upp og svekkjandi tap því staðreynd.

„Þetta var annar sigur Bolton, en ekki fyrsti sigur minn,“ sagði Gary Megson, stjóri Bolton, högvær í leikslok og hrósaði leikmönnum sínum í hástert. „Leikmenn mínir sýndu mikinn vilja og vinnusemi og þetta voru frábær úrslit fyrir okkur og ég er mjög bjartsýnn upp á framhaldið að gera,“ sagði Megson sáttur.

Everton fór illa með Sunderland og kjöldrógu þá 7-1 á heimavelli sínum. Leikurinn var algjör einstefna og stjóri Roy Keane, stjóri Sunderland, játaði veikleika liðs síns í viðtali í lok leiks.

„Everton nýttu sér alla galla á liði mínu og úrslitin eru vitanlega mikið áfall fyrir okkur, en ég tek tapið á mig,“ sagði Keane.

omar@frettabladid.is

Liverpool vann Newcastle örugglega, 0-3, á St. James' Park í gær og er því enn taplaust í ensku deildinni:

Newcastle var yfirspilað í 90 mínútur

FÓTBOLTI Liverpool vann Newcastle 0-3 á St. James' Park í hádegisleik dagsins í ensku úrvalsdeildinni í gær. Yfirburðir Liverpool voru gríðarlegir í leiknum og hvorki gengur né rekur hjá Sam Allardyce með Newcastle-liðið.

Newcastle ætlaði greinilega að bíða færis og hugsa fyrst og fremst um varnarleikinn og Liverpool var því meira með boltann framman af leik. Fyrirlíðinn Steven Gerrard, sem þurfti að sæta talsverðum svívirðingum frá áhorfendum vegna slaks gengis enska landsliðsins, kom Liverpool svo yfir með sannkölluðum þrumufleg 27. mínútu. Markið gerði það að verkum að Newcastle þurfti að víkja frá hugmyndum sínum um skotgrafahernað og færa sig framár á völlinn. Liverpool nýtti sér það til hins ítrasta og varnarleikur Newcastle var í molum og undravert að Liverpool hafi ekki náð að skora annað mark í fyrri hálfleik. Fernando Torres komst þó næst því að bæta öðru marki við í lok hálfleiksins þegar hann átti skot í stöng, en Torres var einstaklega seinheppinn með færi sín í leiknum.

Ekki var langt liðið á seinni hálf-



MARK Steven Gerrard, fyrirlíði Liverpool, skorar hér fyrsta mark leiksins gegn Newcastle með glæsilegu langskoti. Newcastle-maðurinn Charles N'Zogbia reyfir að kasta sér í veg fyrir boltann án árangurs. NORDICPHOTOS/GETTY

leik þegar Liverpool bætti öðru marki við, en það kom eftir hornspyrnu. Boltinn barst til Dirk Kuyt, sem átti ekki í erfiðleikum með að koma boltanum yfir marklínuna af stuttu færi. Niðurlægning Newcastle var svo fullkomnuð á

66. mínútu þegar varamaðurinn Ryan Babel skoraði þriðja mark Liverpool eftir góðan samleik við Steven Gerrard. Markið var algjört skólabókardæmi um vel heppnað upphlaup, þar sem Babel sendi á Gerrard sem hljóp með boltann út

áð endamörkum og sendi hnitmiðaða sendingu aftur út á Babel sem skaut boltanum viðstöðulaust í fjærhornið, framhjá varnarlausum Shay Given í marki Newcastle. Liverpool hefði getað bætt við fleiri mörkum á síðustu tuttugu mínútum leiksins, en lokatölur urðu 0-3 og pressan hlýtur að vera að aukast á Sam Allardyce, stjóra Newcastle, sem hefur ekki verið að gera góða hluti með liðið. Liverpool er því sem fyrr taplaust í ensku úrvalsdeildinni og þjarmar nú að toppliðum deildarinnar. Steven Gerrard var afar sáttur í leikslok, þrátt fyrir að hafa fengið óblíðar móttökur frá áhorfendum í leiknum.

„Frá því að við töpuðum á móti Króötum um daginn og þangað til enska landsliðið réttir úr kútnum má maður búast við mikilli gagnrýni,“ sagði Gerrard, sem var sáttur með spilamennsku Liverpool í leiknum.

„Við stjórnuðum leiknum í 90 mínútur og hefðum átt að skora miklu fleiri mörk og ef fólk telur að við eigum ekki möguleika á enska titlinum, þá má það alveg halda það,“ sagði Gerrard sigurferur í viðtali í leikslok.

- óþ



GOÐSÖGN Pete Sampras, sem hefur unnið fjórtán stórmót á ferli sínum, vann Roger Federer í sýningarleik í gær.

NORDICPHOTOS/GETTY

Tenniskappinn Pete Sampras: Vann Federer í sýningarleik

TENNIS Bandaríkjamadurinn Pete Sampras, 36 ára margfaldur stórmótsmeistari í tennis, gerði sér lítið fyrir og lagði besta tenniskappa heims, Roger Federer, í sýningarleik í Macau í gær.

„Ég er ánægður með að ég sé enn samkeppnishæfur,“ sagði Sampras, sem lagði spaðann á hilluna árið 2002. Sampras hrósaði Federer fyrir frammi-stöðu sína undanfarin ár, en kvaðst aftur á móti hafa þurft að glíma við miklu erfiðari andstæðinga en Federer nú, þegar hann sjálfur var upp á sitt besta á tíunda áratug síðustu aldar og byrjun þessarar aldar.

„Federer þurfti ekki að mæta mönnum eins og Pat Rafter, Andre Agassi, Stefan Edberg, Boris Becker og Jim Courier þegar þeir voru á toppi ferilsins eins og ég,“ sagði Sampras. - 6p

Gætum lent með Ítalíu og Englandi

Ísland er í fimmta styrkleikaflokki af sex þegar dregið verður í undankeppni HM 2010 í Suður-Afríku í dag. Fréttablaðið hefur fundið út bæði drauma- og martraðarriðlinn, sem og hvaða þjóðum við höfum ítrekað lent með í riðli í undankeppnum HM og EM til þessa.

FÓTBOLTI Framtíðarplön íslenska knattspyrnulandsliðsins skýrast að stórum hluta í dag þegar dregið verður í riðla í undankeppni HM 2010. Drátturinn fer fram í Durban í Suður-Afríku en þar í landi fer einmitt úrslitakeppnin fram eftir tvö og hálf ár. Það er að sjálf-sögðu mikil spennan í áhugamönnum um íslenska landsliðið og einnig verður fróðlegt að sjá hvaða stórþjóðir heimsækja Laugardalsvöllinn á næstu tveimur árum.

Íslenska landsliðið hefur aldrei dregist í riðli með Ítalíu eða Englandi en þar sem Englendingar dattu niður í annan styrkleikaflokk eftir tapið á móti Króötum gæti farið svo að bæði heimsmeistarar Ítalíu og Englendingar væru væntanlegir til landsins á næstu misserum.

Fréttablaðið hefur raðað niður í tvo riðla, annars vegar draumaríðlinn og hins vegar í matraðaríðlinn. Í draumaríðlinum myndum við fá fyrrnefndar þjóðir, Ítali og Englendinga, í okkar riðli en myndum síðan fá að glíma við Norður-Íra, Litháa og Færeyinga, allt þjóðir sem okkur hefur gengið mjög vel með í undanföllum undankeppnum. Ísland vann báða leiki sína gegn Norður-Írlandi í nýlokinni undankeppni EM 2008 og síðan alla fjóra leiki sína gegn Litháen og Færeyjum þegar liðið var með þeim í riðli í undankeppni EM 2004.

Martraðarriðillinn er valinn út frá erfiðleika, löngum ferðalögum og óspennandi mótherjum. Þann riðil myndu skipa Króatía, Tyrkland, Úkraína, Moldavía og Svartfjallaland en síðastnefnda landið



KOMA ÞEIR? Ef til vill fáum við að sjá þá Steven Gerrard, Wayne Rooney, Shaun Wright-Phillips og Rio Ferdinand leika á Laugardalsvelli í undankeppni HM 2010.

NORDICPHOTOS/GETTY

er að taka þátt í sinni fyrstu undankeppni og það er aðaláherslan fyrir því að landslið Svartfjallalands er í sjötta og síðasta styrkleikaflokki.

Ísland hefur oftast lent í riðli með Þýskalandi og Rússlandi í undankeppnum fyrri tíma; fimm sinnum með hvorri þjóð. Ísland var fjórum sinnum í riðli með Austur-Þýskalandi og einu sinni með sameiginlegu Þýskalandi.

Ísland var síðan þrisvar sinnum með Sovétríkjunum í riðli og hefur tvisvar verið með Rússlandi í riðli eftir sundurliðun Sovétríkjanna. Íslenska landsliðið hefur síðan fjórum sinnum lent í riðli með Hollendingum, Frökkum og Spánverjum en allar þessar fimm þjóðir geta kallast góðkunningjar íslenska landsliðsins.

Auk Ítala og Englendinga hefur íslenska landsliðið hins vegar

aldrei verið í riðli með Portúgölum, Finnnum, Serbum, Slóvenum, Bosníumönnum og Eistlendingum svo einhverjir séu nefndir.

53 Evrópuþjóðir taka þátt í undankeppninni að þessu sinni og þeim er skipt niður í níu riðla, átta riðlar innihalda sex lið en fimm lið verða í einum riðli. Efsta liðið í hverjum riðli kemst í úrslitakeppnina en þau átta lið sem ná bestum árangri í öðru sæti riðlanna taka þátt í fjórum umspilsviðureignum, þar sem leikið er heima og að heiman, um laust sæti á HM. Það verða því þrettán Evrópuþjóðir sem spila á HM í Suður-Afríku 2010.

Drátturinn hefst klukkan 16.00 í dag og verður í beinni útsendingu í Sjónvarpinu. Byrjað verður að draga í riðla í Asíu, þá Norður- og Mið-Ameríku, svo er komið að Evrópu og loks er endað á Afríku. Ekki er dregið í riðla í Suður-Ameríku og Eyjaálfu þar sem undankeppnin er þegar hafin.

ooj@frettabladid.is

DRAUMARÍÐILLINN:

Ítalía
England
Norður-Írland
Litháen
Ísland
Færeyjar

MARTRADARRÍÐILLINN

Króatía
Tyrkland
Úkraína
Moldavía
Ísland
Svartfjallaland



TÁKNRÆNT Kevin Garnett og Paul Pierce, leikmenn Boston Celtics, fagna hér í leiknum í fyrrkvöld, en Kobe Bryant, skærasta stjarna LA Lakers, horfir öfundaraugum á.

NORDICPHOTOS/GETTY

Boston Celtics vann LA Lakers 107-94 í fyrranótt:

Boston hafði betur í einvígi erkifjenda

KÖRFUBOLTI Stórveldið Boston Celtics vann LA Lakers, 107-94, á heimavelli sínum í fyrrinótt í NBA-deildinni, en liðin hafa samanlagt unnið 30 meistaratitla í deildinni og eru þekktustu erkifjendur í sögu NBA.

Kobe Bryant og félagar í LA Lakers máttu sín lítils gegn Kevin Garnett, Paul Pierce og Ray Allen hjá Boston Celtics sem voru sjóðandi heitir að vanda. Boston-menn fundu sig greinilega vel á heimavelli sínum og leiddu 25-16 eftir fyrsta leikhlutann. Celtics jók enn forskot sitt í öðrum leikhluta og staðan var orðin 53-35 þegar flautað var til hálfleiks.

Þriðji leikhluti var aftur á móti jafn þar sem liðin skoruðu hvort um sig 31 stig. Lakers-liðið náði svo að klóra enn frekar í bakkann í fjórða leikhluta, en þá voru úrslit leiksins þegar ráðin. Lokatölur voru því eins og segir 107-94 og þægilegur sigur Boston Celtics

því staðreynd, en liðið hefur byrjað frábærlega í deildinni og unnið tíu af fyrstu ellefu leikjum sínum.

„Það er sérstök upplifun að spila þessa leiki á milli Boston Celtics og LA Lakers út af þeirri miklu sögu sem er á milli liðanna. Ég sá líka á eftirvæntingunni í andlitum stuðningsmanna Boston í stúkunni að sigur á móti LA Lakers hefur greinilega afar sérstaka þýðingu,“ sagði Ray Allen í viðtali eftir leikinn.

Kevin Garnett var stigahæstur hjá Boston með 21 stig auk þess að taka ellefu fráköst, Kendrick Perkins skoraði einnig 21 stig, Paul Pierce skoraði 20 stig og átti níu stöðsendingar og Ray Allen skoraði 18 stig. Hjá LA Lakers var Kobe Bryant að vanda stigahæstur með 28 stig og Serbinn Vladimir Radmanovic kom næstur með 18 stig, en LA Lakers hefur tapað fimm af fyrstu tólf leikjum sínum í deildinni. - 6p



RENAULT

Leiðtogar verða ekki til fyrir tilviljun



Master

Traffic

Kangoo

www.renault.is
www.atvinnubilar.is



ATVINNUBÍLAR
FYRIR TÆKJAPJÓNUSTA

B&L Atvinnubílar - Grjóthálsi 1 - Sími 575 1200 - Ráðgjafasími 575 1224/25 - www.bl.is

ÚRSLITIN Í GÆR

N1 deild-karla í handbolta:

Haukar-Akureyri 25-25
Mörk Hauka (skot): Kári Kristján Kristjánsson 5 (5), Arnar Jón Agnarsson 5 (10), Sigurbjörg Sveinsson 4 (6), Jón Karl Björnsson 4/2 (6/2), Andri Stefan 3 (6), Freyr Brynjarsson 2 (5), Þróstur Þráinsson 1 (1), Gunnar Berg Víktorsson 1 (4).
Varin skot: Magnús Sigmundsson 22 (45/2) 48%, Gísli Guðmundsson 1/1 (2/2) 50%
Hraðauppflaup: 3 (Kári, Andri Stefan, Arnar Jón, Jón Karl) Fiskuð víti: 2 (Kári, Gísli Jón)
Után vallar: 2 mínútur
Mörk Akureyrar (skot): Andri Snær Stefánsson 4 (5), Goran Gusic 4/1 (7/1), Ásbjörn Friðriksson 4 (10), Jónatan Magnússon 3/2 (4/2), Nikolaj Jankovic 3 (7), Björn Óli Guðmundsson 2 (4), Einar Logi Friðjónsson 2 (9), Eiríkur Jónsson 1 (1), Rúnar Sigtryggsson 1 (4), Magnús Stefánsson 1 (5).
Varin skot: Hörður Flóki Ólafsson 13 (35/2) 37%, Sveinbjörn Pétursson 0 (3) 0%
Hraðauppflaup: 8 (Nikolaj 3, Andri Snær 2, Einar Logi, Goran, Eiríkur)
Fiskuð víti: 4 (Magnús, Jónatan, Goran, Ásbjörn)
Után vallar: 6 mínútur
 ÍBV-Afturelding 24-23

STADAN Í DEILDINN:

Haukar	10	7	2	1	+46	16
HK	10	7	1	2	+31	15
Fram	10	6	1	3	+27	13
Stjarnan	9	6	1	2	+37	13
Valur	8	3	2	3	+9	8
Afturelding	9	2	2	5	-13	6
Akureyri	10	2	1	7	-20	5
ÍBV	10	0	0	10	-117	0

Meistaradeild Evrópu:

Gummersbach-Celje Lasko 27-28
 Slóvenska liðið Celje hreppti því annað sæti í F-riðlinum þar sem Íslandsmeistarar Vals léku og fylgja Gummersbach í 16-liða úrslitin. Róbert Gunnarsson lék ekki með þýska liðinu vegna meiðsla.

STADAN:

Gummersbach	9 stig
Celje Lasko	7 stig
Veszprém	6 stig
Valur	2 stig

N1 DEILD KARLA
 Sunnudagur 25. nóv.
 Valur - Stjarnan
 Vodafone höllin kl. 20:00

Óvænt jafntefli á Ásvöllum

Haukar og Akureyri gerðu jafntefli, 25-25, í N1-deild karla á Ásvöllum í gær. Flestir höfðu búist við sigri toppliðs Hauka, en Akureyri var hins vegar nær því að taka bæði stigin.

HANDBOLTI Akureyringar bitu heldur betur frá sér á Ásvöllum í gærkvöldi þegar þeir náðu góðu 25-25 jafntefli við topplið Hauka. Akureyringar hefðu getað stolið báðum stigunum undir lokin. Þeir voru án hins hávaxna Magnúsar Stefánssonar næstum allan leikinn en hann var borinn út af snemma leiks.

Slæm skotnýting Akureyringar hefði alla jafna átt að leyfa Haukum að ná góðri forystu í fyrri hálfleik. Haukavörnin varði ófá skot Akureyringanna og Magnús Sigmundsson var í fantaformi og hafði varið tólf skot í fyrri hálfleik. Gestirnir neituðu hins vegar að hverfa frá og skoruðu mikilvægt mark á lokasekúndu fyrri hálfleiks og minnkuðu þar muninn í eitt mark, 13-12.

Forystan var áfram Haukana í seinni hálfleik en eins og áður voru Akureyringar aldrei langt frá. Varnarleikur Hauka var til fyrirmyndar og markvarslan áfram góð hjá Magnúsi en þrátt fyrir það náðu heimamenn aldrei að nýta sér það í hraðauppflaupum og fengu því aldrei tækifæri til að keyra yfir Akureyringa.

Þeir náðu samt um miðbik hálfleiksins, þriggja marka forystu, 20-17. Eftir það nánast slökknadi á sóknarleik þeirra og það færðu Akureyringar sér í nyt. Þeir unnu boltann hvað eftir annað í vörninni og hrúguðu inn mörkum úr hraðauppflaupum. Á þessum tímamarki skoruðu Akureyringar fjögur mörk í röð og komust yfir í fyrsta skiptið í leiknum, 20-21.

Þeir héldu frumkvæðinu eftir það og leiddu, 24-25, þegar 30 sekúndur voru eftir og voru með boltann. Þeim tókst þó ekki að halda forskotinu heldur misstu þeir boltann og Jón Karl Björnsson skoraði úr afar hægu hraðauppflaupi og jafnaði leikinn, 25-25, og þar við sat.

Á síðustu sekúndunni braust Jónatan Magnússon, leikstjórnandi Akureyrar, í gegnum vörn Hauka og skoraði það sem hann vildi meina að ætti að vera sigurmark leiksins.



FASTUR FYRIR Rúnar Sigtryggsson, spilandi þjálfari Akureyrar, stendur hér vörnina gegn leikmanni Hauka í mjög svo óvæntum jafnteflisleik á Ásvöllum í gær, sem Akureyri var nálægt því búið að vinna.

FRÉTTABLAÐIÐ/VÖLUNDUR

„Þetta er voðalega einfalt. Ég fer þarna í gegn og skora. Hann hefði getað dæmt víti eða mark en dæmir aukakast í staðinn, sem er út úr kortinu,“ sagði Jónatan, en leikmenn Akureyrar hópuðust í kringum dómara leiksins eftir leikinn og vönduðu þeim ekki kveðjurnar. Jónatan var passlega sáttur við stigið. „Stig er meira en við höfum verið að fá í undanförunum leikjum en í dag hefði ég viljað fá bæði stigin,“ sagði Jónatan og Rúnar Sigtryggsson, spilandi þjálfari Akureyrar, var stuttur þegar hann var spurður út í

atvikið sem átti sér stað í lok leiks.

„Þetta er svona þegar topplið mætir botnliði, meira má ég ekki segja,“ sagði Rúnar ósáttur.

Aron Kristjánsson, þjálfari Hauka, var aftur á móti ekki sáttur við aðeins eitt stig.

„Ég er engan veginn sáttur við þetta stig í dag. Ég vildi þau bæði,“ sagði Aron eftir leik.

„Eins og varnarleikur okkar var góður og markvarsla er dapurt af okkar hálfu að fá ekki fleiri hraðauppflaup og ná að keyra yfir þá,“ sagði Aron.

- tom



ATHYGLISVERÐUR Jón Arnór Stefánsson, leikmaður Lottomatica Roma, hefur vakið verðskuldaða athygli á þessari leikið fyrir góða spilamennsku.

NORDICPHOTOS/GETTY

Jón Arnór Stefánsson:
 Get enn bætt mig mjög mikið

KÖRFUBOLTI Jón Arnór Stefánsson, leikmaður Lottomatica Roma í ítölsku deildinni í körfubolta, hefur vakið athygli fyrir góðan leik undanfarið og á dögunum birtist viðtal við hann á heimasíðu Alþjóða körfuboltasambandsins. „Ég kann mjög vel við mig á Ítalíu og ítalskur matur er í sérstök uppáhaldi hjá mér, en ég ætla mér samt að búa á Íslandi þegar körfuboltaferli mínum lýkur,“ sagði Jón Arnór í viðtalinu og hélt áfram: „Mér hefur farið mikið fram í körfubolta síðan ég kom til Ítalíu en ég get enn bætt mig mjög mikið,“ sagði Jón Arnór, sem verður í eldflunnunni þegar lið hans mætir Tisettanta Cantú í ítölsku deildinni í kvöld.

- öp

Formúla 1:

Annað hneyksli nú komið í ljós

FORMÚLA 1 Enn eitt dómsmálið í Formúlu 1 er nú í aðsigi þar sem McLaren-liðið hefur gögn í höndunum sem sýna fram á að Renault-liðið hafi með iðnaðarnjósnum komist yfir einkaskjöl McLaren-liðsins sem höfðu að geyma nákvæmar upplýsingar um ýmislegt tengt undirbúningi liðsins fyrir keppni í Formúlu 1.

McLaren-menn voru sektaðir um 47,5 milljón pund og reknir úr keppni bílasmiða á síðasta keppnistímabili í Formúlu 1, eftir að hafa verið fundnir sekir um iðnaðarnjósir hjá Ferrariliðinu, og nú virðist liðið vera að lenda sjálf í þessu. BBC-fréttastofan fékk að líta á sönnunargögn McLaren-liðsins og þar er að finna vitnisburð í það minnsta átján starfsmanna Renault sem viðurkenna að hafa séð einkaskjöl McLaren-liðsins. Málið fer fyrir dómstóla 6. desember næstkomandi.

- öp

WEST HAM

EVERTON

14.-16. DESEMBER

Verð á mann í tvíbýli frá
52.800 KR.

Ícelandair er samstarfsaðili West Ham og býður ferðir á alla heimaleiki liðsins í vetur. Fjöldmargir leikir framundan, s.s. á móti Man Utd, Fulham og Liverpool.

+ Nánari upplýsingar:
www.icelandair.is/ithrottaferdir



WWW.ICELANDAIR.IS



Höfuð, herðar...

Íbúfen®
 – Bólqueyðandi og verkjastillandi

Notkunarsvið: Íbúfen inniheldur íbúprófen sem er bólqueyðandi, verkjastillandi og hitalekandi lyf. Íbúfen er notað við liðagigt, slitgigt, tíðaverkjum, tanppínu og höfuðverk. Einnig eftir minniháttar aðgerðir, t.d. tannrátt.
Varúðarreglur: Fólk sem hefur ofnæmi fyrir íbúprófeni eða öðrum skyldum lyfjum (NSAID), með skerta lífrarstarfsemi eða alvarlegan hjarta- og nýrnasjúkdóm ætti ekki að nota lyfið. Fólk sem hefur fengið astma, nefslímubólgu eða ofsakláða eftir töku acetylsalicylsýru eða annarra bólqueyðandi lyfja ætti ekki að nota lyfið. Nota skal lyfið með varúð hjá fólki með tilhneigingu til magasárs eða sögu um slík sár. Lyfið er ekki ætlað barnshafandi konum. **Aukaverkanir:** Íbúfen getur valdið aukaverkunum eins og t.d. meltingarþægindum, niðurgangi, ógleði, útbrotum, þreytu og höfuðverk. **Skammtastærðir:** Fullorðnir: Venjulegir skammtar eru 600-2000 mg á dag í 3-4 jöfnum skömmtum. Ekki mælt með stærri skammti en 2400 mg. Börn: Venjulegir skammtar eru 20 mg/kg líkamspunga á dag í 3-4 jöfnum skömmtum. Börnum <30 kg skal eigi gefa meira en 500 mg á dag. Lesið vel leiðbeiningar sem fylgja lyfinu. Júlí 2004.



actavis
 hagur í heilsu

Allt sem þú þarft...

Fréttablaðið er mest lesna dagblað landsins og það eina sem kemur út alla daga vikunnar. Lesendur vita að hverju þeir ganga þegar þeir opna Fréttablaðið.



...alla daga



> Hilary Swank

Hilary birtist fyrst á sviði í leikritinu *The Jungle Book* níu ára gömul. Eftir það fór hún að koma reglulega fram í leikhúsum og skólaleikritum í heimabæ sínum. Hilary hefur alltaf verið mikil íþróttakona og keppti meðal annars í sundi á Barnaólympíuleikunum og lenti í fimmta sæti í fimleikum í ríkis-keppni. Hilary leikur í *Iron Jawed Angels* á Stöð 2 í kvöld.



dagskrá



VIÐ TÆKIÐ SÓLVEIG GÍSLADÓTTIR ER LAUS UNÐAN BÖLINU

Frjáls að lokum

Eins og margir var ég lengi fangi raunveruleikaþátta. Þetta hófst allt á þýsku útgáfunni af *Big Brother* sem ég horfði á í gegnum gervihnattadiskinn heima. Daglega voru sýndir hápunktar þess sem gerst hafði síðasta sólarhringinn og um nóttina var sýnt beint frá fólkinu, sofa, tala og gera... ekki neitt. En þetta þótti mér einkar áhugavert, nokkurs konar sálfræðileg stúdía. Svo liðu árin, gleðin jókst með hverjum þætti, *Survivor*, *America's Next Top Model*, jafnvel ástarfleyið. Með hverjum þætti varð þetta „venjulega“ fólk furðulegra, frekara, æstara og klikkaðra, líklega til að halda áhorfinu. Spurningin vaknaði um hve mikið væri „raunverulegt“ við þessa þætti. Var þetta venjulega fólk að leita að nýrri upplifun og leið til að vinna milljón dali eða vildi það bara verða frægt, glæða dauðan leikaraferil og komast á forsiður



slúðurblaða fyrir þessa fimmtán mínútna frægd? Hvað sem því líður hefur áhugi minn á slíku efni dvínað í takt við aukinn óraunveruleika. Í dag er ég laus undan bölinu. *Survivor* Kína hefur algerlega farið framhjá mér þetta árið og ég finn enga þörf fyrir að stoppa á Skjá einum þó að þátturinn verði á leið minni. Gellurnar í þættinum hjá henni Tyru eru orðnar einum af klikkaðar fyrir mig. Ég er orðin hundleið á sömu kvörtunum, grátstöfunum, hugleiðingunum um holdafar, persónuleikanum og svipbrögðunum. Tyra sjálf hefur toppað sjálfa sig og lítur út og lætur eins og eigi heldur heima á geðveikrahæli en sjónvarpsskjá.

Ég hef því snúið sjónum mínum að leiknu sjónvarpsefni, sápum á borð við *Grey's Anatomy*, spennuþáttum á borð við *Prison Break* og ævintýraspennuþáttunum *Heroes*. Mæli með því.

EKKI MISSA AF



▶ **19.40** Sunnudagskvöld með Evu Mariu Sjónvarpið



▶ **21.20** *Prison Break* Stöð 2



▶ **22.00** *Tekinn 2* Sírkus



▶ **20.00** *Spanglish* Stöð 2 bíó



▶ **21.30** *Law & Order: SVU* SkjárEinn

SJÓNVARPIÐ

08.00 Morgunstundin okkar 08.01 í næsturgarði 08.29 Róbert Bangsi 08.39 Kóala bræður 08.49 Landið mitt 09.00 Disneystundin 09.01 Herkúles 09.23 Sigildar teiknimyndir 09.30 Finni kostur 09.58 Arthur 10.18 Ævintýri HC Andersen

10.50 Váboði (4.13) e.

11.15 Laugardagslögin

12.30 Silfur Egils

13.50 Hjálpar óskast. Börn e.

15.25 Hvað veistu?

16.00 HM 2010

16.30 Óbeisluð fegurð e.

17.30 Táknmálsfréttir

17.40 Frá Póllandi til Englands

18.00 Stundin okkar

18.30 Spaugstofan

19.00 Fréttir

19.35 Veður

▶ **19.40** Sunnudagskvöld með Evu Mariu

20.20 Glæpurinn (7.20)

21.20 Líf og líkn Ný fræðslumynd um líknandi meðferð á Íslandi. Henni er ætlað að veita innsýn í störf þeirra sem vinna á þessu viðkvæma sviði heilbrigðiskerfisins.

21.50 Sunnudagsbíó - Maðurinn sem vissi of mikið (*The Man Who Knew Too Much*) Bandarísk bíómynd frá 1956. Fjölskylda sem er í frii í Marokkó kemst á snöð um morðsamsæri.

23.50 Silfur Egils e.

01.00 Sunnudagskvöld með Evu Mariu

01.35 Útvarpsfréttir í dagskrárlök

BÍÓ STÖÐ 2 BÍÓ

06.00 Big Momma's House 2

08.00 In Good Company

10.00 Fever Pitch

12.00 Spanglish

14.10 Big Momma's House 2

16.00 In Good Company

18.00 Fever Pitch

▶ **20.00 Spanglish** Rómantísk og einkar ljúf gamanmynd fyrir alla fjölskylduna með Adam Sandler í aðalhlutverki.

22.10 Paper Soldiers

00.00 Back in the Day

02.00 Suspect Zero

04.00 Paper Soldiers



07.00 Hlaupin 07.10 *Barney* 07.40 *Addi Paddi* 07.45 *Funky Valley* 07.50 *Flawertof's Fallout* 08.00 *Algjör Sveppi* 10.35 *Tracey McBean* 10.45 *Tutenstein* 11.10 *A.T.O.M.*

11.35 Háheimar

12.00 Hádegisfréttir

12.25 Nágrannar

14.10 Ítalíuævintýri Jóa Fel (5.10)

14.40 Extreme Makeover (22.23)

15.30 Freddie (17.22)

15.55 Til Death (14.22)

16.20 Logi í beinni

16.55 60 mínútur

17.45 Oprah

18.30 Fréttir Stöðvar 2

19.05 Mannamál (7.40) Mannamál er nýr samtalsþáttur á Stöð 2. Þættinum stýrir Sigmundur Emir Rúnarsson, einn reyndasti sjónvarpsmaður landsmanna, sem sett hefur svip sinn á íslenska fjölmiðla undanliðinn aldarfjórðung. 2007.

20.00 Næturvaktin (11.13) Ný íslensk þáttaröð með Jóni Gnarr og Pétri Jóhanni Sigfússyni í aðalhlutverkum. Þættirnir gerast á næturvaktinni á ónefndri bensinstöð. 2007.

20.35 Damages (8.13) Glænýr og hörkuspennandi lögræðipáttur með stórléikkonunni Glenn Close í aðalhlutverki. Close er hér í hlutverki Patty Hewes, virts lögræðings sem lætur ekkert stöðva sig á leið sinni á toppinn. 2007. Bönnuð börnum.

▶ **21.20 Prison Break** (3.22) Þriðja serían af þessum vinsælasta spennuþætti Stöðvar 2. Nýtt fangelsi og ný flóttatilraun. Í lok síðustu þáttaraðar lentu flóttamennirnir í klóm laganna varða í Mexíkó og hafa nú verið lokaðir inni í skelfilegasta fangelsi Mexíkó og þótt víðar væri leitað. 2007. Bönnuð börnum.

22.05 Iron Jawed Angels Átakanleg verðlaunamynd með stórstjörnum á borð við Hilary Swank, Anjelicu Huston og Frances O'Connor. Hér segir frá hópi róttækra kvenna sem börðust fyrir rétti kvenna til að kjósa. Aðalhlutverk: Julia Ormond, Hilary Swank, Frances O'Connor. 2004.

00.05 Crossing Jordan (2.17)

00.50 Stolen Summer

02.20 I Know What You Did Last Summer

04.00 Speed 2: Cruise Control

06.00 Fréttir

06.35 Tónlistarmyndbönd frá Popptívi

SYN besta sætið

08.25 Omega Mission Hills World Cup (Heimsmótaröðin í golfi 2007)

12.25 Spænski boltinn (Spænski boltinn 07/08) Útsending frá leik í spænska boltanum.

14.05 Boston - L.A. Lakers NBA körfuboltinn Útsending frá leik Boston og L.A. Lakers í NBA körfuboltanum.

15.55 Flensburg - Grosswallstadt Þýski handboltinn Bein útsending frá leik Flensburg og Grosswallstadt í Þýska handboltanum. Með liði Flensburgar leika þeir Alexander Petersson og Einar Hólmgeirsson.

17.25 Meistaradeild Evrópu - Fréttapáttur Vandaður fréttapáttur um allt það helsta sem er á döfinni í þessari sterkustu knattspyrnuvæld heimis.

17.50 Racing Santander - Valencia Spænski boltinn Bein útsending frá leik í spænska boltanum.

20.00 NFL Gameday

21.00 San Diego - Baltimore NFL deildin Bein útsending frá leik í ameríska fótboltanum

SYN2

09.10 Arsenal - Wigan

10.50 4 4 2

12.10 Premier League World Nýr þáttur þar sem enska úrvalsdeildin er skoðuð frá ýmsum óvæntum hlúðum. Leikmenn heimssóttir, gömlu stjómur leitaðar uppi og svipmyndir af æðinu fyrir enska boltanum um heim allan.

12.40 PL Classic Matches Hápunktarnir úr bestu og eftirminnlegustu leikjum úrvalsdeildarinnar.

13.10 West Ham - Tottenham beint

15.40 Fulham - Blackburn beint

18.15 Derby - Chelsea Útsending frá leik þessara liða frá því í gær

19.55 Newcastle - Liverpool Útsending frá leik þessara liða frá því í gær.

21.35 4 4 2 Þáttur sem er ekkert minna en bylting í umfjöllun um enska boltann á Íslandi. Tvíeykið Heimir Karlsson og Guðni Bergsson stendur vaktina ásamt vel völdum sparspekingum og saman skoða þeir allt sem tengist leikjum dagsins á skemmtilegan og nákvæman hátt. Íslensk dagskrárgerð eins og hún gerist best.

23.00 Bolton - Man. Utd.

SKJÁREINN

10.00 Vörutorg

11.00 World Cup of Pool 2007 (3.31) Heimsbikarkeppnin í pool fór fram Rotterdam í Hollandi fyrir skömmu en þar mættu 31 þjóð til leiks með tveggja manna lið.

Þetta er í annað sinn sem þessi keppni er haldin og sigurvegarnir frá því 2006, þeir Efrén Reyes og Francisco Bustamante frá Filippseyjum freista þess að verja titilinn.

12.00 Skrekkur (e)

14.00 Friday Night Lights (e)

15.00 Charmed (e)

16.00 America's Next Top Model (e)

17.00 Innlit / útlit (e)

18.00 Rules of Engagement (e)

18.35 7th Heaven

19.25 30 Rock (e)

20.00 Dýravinir (5.14) Skemmtilegur og fróðlegur þáttur fyrir alla fjölskylduna um gæludýr og eigendur þeirra. Að þessu sinni kynnr Guðrún sér veiðihundategundina vízslur og fylgist með hesti í sundi.

20.30 Ertu skarpari en skólakrakki? Nýr íslenskur spurningaþáttur fyrir alla fjölskylduna. Keppendur þurfa að glíma við spurningar sem teknar eru upp úr skólabókum grunnskólakrakka og við hvert rétt svar klífur viðkomandi upp peningatré en í efsta þrepinu eru 2 milljónir króna

▶ **21.30 Law & Order: SVU - Lokapáttur** Bandarísk sakamálaferia um sérdeild lögreglunnar í New York sem rannsakar kynferðisglæpi. Það er komið að lokapætti sjöundu þáttaraðar.

22.30 Californication (8.12) Glæný gamanþáttaröð með David Duchovny í aðalhlutverki. Hann leikur rithöfundinn Hank Moody sem má muna fífil sinn fegurri. Þetta eru ögrandi þættir með kolsvörtum húmor.

23.05 C.S.I. New York (e)

00.00 C.S.I. Miami (e)

01.00 Backpackers (e)

01.30 Vörutorg

02.30 Óstöðvandi tónlist

M4 SJÓNVARP NORÐURLANDS

12.15 Magasínþáttur - mannlíf og menning á Norðurlandi. Samantekt umfjallana vikunnar. Endursýnt á klukkutíma fresti til 10.15 á mánudag.

OMEGA

Dagskrá allan sólarhringinn.

28. NÓVEMBER

ENGINN VENJULEGUR DAGUR



Í KVÖLD

STÖÐ 2 KL. 20.00
Næturvaktin

Í kvöld verður sýndur ellefti þátturinn af best leikna og vinsælasta þætti ársins. Það er 1. maí og Georg er víðs fjarri að sinna verkalyðsmálum. Ólafur Ragnar tekur því við vaktstjórninni. Uppgjör er í vændum á milli Daniels og foreldra hans og loks kemur að því að Ólafur Ragnar hagnist vel, Benjamín prins frá Nígeríu kemur í heimsókn.



▶ VIÐ MÆLUM MED

Líf og líkn
Sjónvarpið kl. 21.20

Líf og líkn er ný fræðslumynd um líknandi meðferð á Íslandi. Henni er ætlað að veita innsýn í störf þeirra sem vinna á þessu viðkvæma sviði heilbrigðiskerfisins, en ýmsar ranghugmyndir eru á lofti um eðli líknarinnar, sem fyrst og fremst sinnir lífinu en lítur á dauðann sem eðlileg þáttaskil. Í myndinni koma einnig fram þiggjendur líknandi meðferðar, sjúklingar og aðstandendur. Umsjónarmaður er Páll Kristinn Pálsson.



RÁS 1 FM 92,4/93,5

08.00 Morgunfréttir
08.05 Morgunandakt
08.15 Ársól
09.03 Upp og ofan
10.15 Vindur, vindur, ljá mér lið. Slóðir Grimmsbræðra
11.00 Guðsþjónusta í Fella- og Hólakirkju
12.00 Hádegisútlit
12.20 Hádegisfréttir
12.45 Veðurfregnir
13.00 Gárur
14.00 Hvað er að heyra?
15.00 Útlitssleikhúsið. Síti guðs englar
16.00 Síðdegisfréttir
16.08 Veðurfregnir

16.10 Úr tónlistarlífinu
17.30 Úr gullkistunni
18.00 Kvöldfréttir
18.24 Auglýsingar
18.26 Seiður og héglog
18.52 Dánarfregnir og auglýsingar
19.00 Útúr nóttinni... og inní daginn
20.00 Leynifélagið
20.30 Brot af eilífðinni
21.10 Orð skulu standa
22.15 Til allra átta
23.00 Andrarímur
00.10 Útlitssleikhúsið / samtengdum rásum til morguns

FM 90,9 Talstöðin FM 99,4 Útlitssleikhúsið FM 98,9 Bylgjan FM 95,7 FM957 / Topp tónlistarstöðin FM 102,2 Útlitssleikhúsið / Fjölskyldu útlitssleikhúsið FM 102,9 Lindin / Kristilegt efni FM 96,7 Lítt Bylgjan / Tónlist og afþreying FM 105,5 Útlitssleikhúsið / Kristilegt efni FM 88,5 XA-Radíó / 12 spora efni FM 97,7 X-ið / Enginn viðbjóður

SIRKUS

- 14.30 Hollyoaks (61.260)
16.35 Hollywood Uncensored
17.15 Most Shocking
18.00 The George Lopez Show (17.22) (e)
18.30 Fréttir
19.00 Sjáðu
19.25 Arrested Development 3
Óborganlegir gamanþættir með mörgum af helstu gamanleikurum heims. 2005.
19.50 Janice Dickinson Modelling Agency Janice Dickison vakti athygli og umtal þegar fyrsta sería raunveruleikapáttar hennar var sýnd hér á landi en hún er hvergi nærri hætt. 2006.
20.30 Windfall (10.13) (e)
21.15 Johnny Zero (3.13) Hörkuspennandi þáttur um fyrrum fanga sem er fastur á milli tveggja heima þegar bæði lögreglan og glæpagengið úr hverfinu reyna að fá hann til liðs við sig. 2004. Bönnuð börnum.
▶ 22.00 Tekinn 2 (1.14) Önnur sería hinar geysivinsælu þáttaraðar Tekinn þar sem Auðunn Blöndal fetar í fótspor Ashtons Kutchers og hrekkir fræga fólk á óborganlegan hátt. 2007.
22.30 Stelpurnar Stelpurnar snúa nú aftur í fjórðu þáttaröðinni hlægilegri en nokkru sinni fyrr.
22.55 Smallville (19.22) (e)
23.40 Kenny vs. Spenny Kenny og Spenny eru í eilífri samkeppni en hér fáum við að fylgjast með þeim félögum keppa í alls kyns fíranlegum þrautum til að komast að því hver er bestur.
00.00 The Starlet (4.6)
00.45 Ren & Stimpy
01.10 Tónlistarmyndbönd frá Popp TV

BBC PRIME

11.00 Life in the Undergrowth 12.00 The Life of Mammals 13.00 What Not To Wear. Have You Remembered What Not To Wear? 13.30 What Not To Wear. Have You Remembered What Not To Wear? 14.00 Wedding Stories 15.00 Doctor Who 15.45 Doctor Who Confidential 16.00 Strictly Come Dancing - The Story So Far 17.00 EastEnders 17.30 EastEnders 18.00 Child of Our Time 19.00 Egypt 20.00 Richard Burton. Taylor-made For Stardom 21.00 Trouble at the Top 22.00 Days that Shook the World 23.00 EastEnders 23.30 EastEnders 00.00 Child of Our Time 1.00 Egypt

DR 1

11.25 OBS 11.30 SKUM TV 11.45 Flemmings Helte 12.00 Boogie Update 12.30 Hjerteflimmer 13.00 Gudstjeneste i DR Kirken 13.45 Take That. det voksne drengband 14.15 Doctor Who 15.00 Tennis. Legends Live finale 16.30 Sigurd og Big Bandet 17.00 Mr. Bean 17.25 OBS 17.30 TV Avisen med Sport og Vejret 18.00 Venstre 18.30 Familien 19.00 Forbrydelsen 20.00 21. Søndag 20.40 SøndagsSporten 20.55 Dødens Detektiver 21.20 Filmperler. Napola 23.10 Clement i Amerika 5.30 Gurli Gris

N1

11.05 V-cup skøyter. Fra nattens løp i Calgary 11.30 Skiskyting. 12,5 km fellesstart kvinner 12.25 V-cup skøyter. Fra nattens løp i Calgary 12.50 Skiskyting. 15 km fellesstart menn 14.00 Rally-VM. Rally Irland 14.40 V-cup skøyter 15.25 Sport i dag 15.40 Berlinerpoplene 16.30 Apen himmel. Klang i katedralen 17.00 Lunas lure plan 17.25 Wummi 17.30 Newton 18.00 Søndagsrevyen 18.45 Sportsrevyen 19.15 Kvitt eller dobbelt 20.15 En ny dag truer 21.55 Kiting på Hardangervidda 22.00 Kveldsnytt 22.15 Keno 22.20 Rally-VM. Rally Irland 23.10 Uka med Jon Stewart 23.35 Larry Sanders-show 0.05 Alfred Hitchcock presenterer

SVT 1

11.25 Vrakletarna 11.55 Babben & co 12.55 Svensson, Svensson 13.25 Bombarna i Madrid 14.25 I love språk 15.25 Världen 16.25 Muslim i Europa 16.55 Anslagstavlan 17.00 BoliBompa 17.30 Videokväll hos Luuk 18.30 Rapport 19.00 Andra Avenyn 19.30 Sportspegeln 20.15 Agenda 21.10 Färlig fritid 21.40 Vetenskap - atom 22.10 Rapport 22.20 Fotbollskväll 23.05 Kobra

MASI
úr Söngvaborg

Loksins geta
allir eignast
Masa bangsa!
Allur ágóði
af Masa
rennur til
Barnaspítala
Hringsins.



MASI FÆST HJÁ
HAGKAUP OG N1

Einnig er hægt að panta í gegnum
poppskólinn@poppskolinn.is
eða í síma 897 9409

N1 HAGKAUP

HVAÐ SEGIR MAMMA?

„Ég er rosa-lega stolt af honum. Hann hefur alltaf verið mjög högvær og tillitssamur, ljúfur og góður drengur, en það hefur alltaf verið stutt í húmorinn hjá honum líka. Frá upphafi hefur hann verið mjög snyrtilegur og mikill töffari, en ekki mikið fyrir athygli. Hann er mjög duglegur í vinnu og hjálpsamur, hefur verið mikið í íþróttum og fengist við tónlist og er mjög fjölhæfur.“



Rannveig Halldórsdóttir, móðir Ágústar Arnar Guðmundssonar frá Kópaskeri, sem var krýndur Herra Ísland á miðvikudagskvöldið.

HIN HLIÐIN HALLUR KRISTJÁN JÓNSSON TÓNLISTARMÁÐUR

Þolir ekki okrið á Íslandi

Hvað er að fréttu? Fátt kemst að þessa daga nema hljómsveitin mín Bloodgroup. Við vorum að gefa út plötuna Sticky Situation, erum að fylgja henni eftir og spila úti um allt.

Augnítur: Blár.

Starf: Er að selja plötur í Skífunni og svo auðvitað að spila.

Fjölskylduhagir: Kvæntur og á tvö börn.

Hvaðan ertu? Frá Egilsstöðum.

Ertu hjátrúarfullur? Nei alls ekki.

Uppáhaldssjónvarpsþátturinn: Ég horfi nú eiginlega aldrei á sjónvarp, en segjum bara Family Guy.

Uppáhaldsmatur: Maturinn sem konan mín býr til.

Fallegasti staðurinn: Héraðið heima og Seyðisfjörður.

iPod eða geislaspilari: iPod. Ég á reyndar engan en mig langar í einn.

Hvað er skemmtilegast? Að búa til tónlist.

Hvað er leiðinlegast? Að fá reikninga.

Helsti veikleiki: Uff, það er svo margt... get ekki ákveðið... æi, ég hef bara enga veikleika.

Helsti kostur: Ég er hrikalega skemmtilegur maður.

Helsta afrek: Börnin mín auðvitað.

Mestu vonbrigðin: Nýlegustu vonbrigðin voru um síðustu helgi þegar við þurftum að aflysa tónleikum á Seyðisfirði vegna veðurs.

Hver er draumurinn? Að verða hamingjusamur gamall maður.

Hver er fyndnastur/fyndnust? Konan mín og hljómsveitin.

Hvað fer mest í taugarnar á þér? Okrið á Íslandi fer í taugarnar á mér, verðlagið og vextirnir.

Hvað er mikilvægast? Fjölskyldan.



FRÉTTIR AF FÓLKI

Guðni Bergsson, lögfræðingurinn og sjónvarpsmaðurinn góðkunnir, er kominn í hóp stoltra Range Rover-eigenda. Guðni hefur hingað til spókað sig á glæsilegri BMW-sport-bifreið en hefur nú sett hana á sölu og fest kaup á svörtum Range, sem eru meðal vinsælustu lúxus-bifreiða landsins. Samkvæmt söluskrá B&L kostar glæsilegasta útgáfan af Range rúmar sextán milljónir króna en ekki fylgir sögunni hvort Guðni keypti dýrustu típu.



Eins og Fréttablaðið greindi frá á föstudag mun **Magnús Scheving** ekki vera viðstaddur Bafta-verðlaunin þar sem hann er staddur í Chile. Íbúarnir þar hafa tekið honum með kostum og kynjum og er íþróttálfurinn spurður álits á öllu milli himins og jarðar. Þannig var Magnús til að mynda inntur eftir skoðun sinni á frammistöðu knattspyrnulandsliðs Chile um þessar mundir. Magnús hefur væntanlega getað glatt íbúana með þeim fregnum að á meðan Chile er í 45. sæti styrkleikalista FIFA er íslenska landsliðið í 89. sæti. - fgg



VEISTU SVARID

Svör við spurningum á síðu 8.

- 1 Tomas Malakauskas.
- 2 Explorer.
- 3 Hafnarfirði.

15%
vaxtaauki!

Nýttu þér þetta **TILBOÐ**
og stofnaðu reikning á spron.is



75 ára

spron

GÆLUDÝRIN: LOÐNU FERFÆTLINGARNIR Á FARALDSFÆTI UM STÓRHÁTÍÐIRNAR

Hundar og kettir á hóteli yfir jólin

„Þetta er alltaf að færast í aukana, ár frá ári, að fólk komi með gæludýrin og láti þau gista á hóteli yfir jólin,“ segir Hreiðar Karlsson hjá Hundahóteliinu í Leirum. Undir þetta taka bæði Sigríður Heiðberg í Kattholti og Lilja Björk hjá K-9 hundahóteliinu á Suðurnesjum. „Hér er alltaf allt fullt yfir hátíðirnar, bæði jól og páska,“ segir Lilja Björk. Rebecca Hennermark hjá Voffaborg í Víðidal segir að langflestir sem nýti sér þjónustuna sé fólk á leið til útlanda þótt auðvitað gefi fólk ekki alltaf upp ástæðuna. „Og það verður voðalega notalegt hjá þeim yfir jólin, þeir fá hangikjöt og bein. Það verða nú líka að vera jól hjá þeim,“ segir hún.

Íslenskir gæludýraeigendur virðast því í síaunum mæli koma loðnu ferfætlingunum í gistingu

þegar hátíð ljóss og friðar ber að garði. Stór hluti þeirra er fólk sem hyggst halda jólin á sólríki strönd en Hreiðar segir sífellt stærri hóp hundaeigenda koma með besta vinmannsins einfaldlega vegna þess að þeir hafi ekki tíma í miðri jólaönsinni. „Fólk er í matarboðum og er að halda matarboð og finnst það ekki geta sinnt hundinum sínum nægilega vel,“ segir Hreiðar, sem fær einnig ketti, kanínur og páfagauka á hótelið sitt yfir jólin. Sigríður Heiðberg í Kattholti sagði að tuttugu pláss væru þegar bókuð fyrir jólatörnina og hún byggist við að allt að fjórtíu kettir myndu gista hjá sér þegar jólahaldið hæfist hjá mannfólkinu. Sigríður segir að flestir sem komi til hennar séu fólk á leiðinni til útlanda en þó séu líka alltaf einhverjir sem ekki hafi tíma.



VERÐ Á GÆLUDÝRAHÓTELUM

Hundahótelið á Kjalarnesi: 800-1.500 krónur nóttin. Hægt er að panta það áður en hundurinn kemur heim aftur.

Kattholt: 800 krónur nóttin. Voffaborg: 1.650 krónur. Ókeypis snyrting ef hundurinn er lengur en í viku.



LÍÐUR VEL Á HÓTELI

Hreiðar Karlsson segir að hann spili rólega tónlist og gefi þeim hundum sem gisti á hóteliinu hans góðan mat yfir hátíðirnar. **Sigríður Heiðberg** segir það alltaf aukast

að fólk komi með kettina sína í gistingu yfir jólin en það sé aðallega fólk sem sé að fara til útlanda og haldi jólin hátíðleg á sólríki strönd.

DÝRIN Á MYNDUNUM TENGIAST FRÉTTINI EKKI

Hreiðar segir jafnframt að það sé ekki bara mannfólkið sem bæti duglega á sig yfir jólin því hundarnir á Hundahóteliinu séu vel fóðraðir. „Ég hef stundum verið gagnrýndur fyrir það að fita þá of mikið,“ segir Hreiðar og hlær og bætir því við að einnig sé töluverð eftirsókn eftir pláss þegar nær dragi gamlárskvöldi. „Margir

hundar eru mjög hræddir við raketturnar og það er auðvitað byrjað að sprengja löngu fyrir þann tíma. Við erum hins vegar langt frá öllum sprengjum og spilum bara rólega tónlist fyrir þá og þeim líður bara vel,“ segir Hreiðar, sem býst við því að vera með yfir fimmtíu hunda hjá sér yfir jólin. freyrgjia@frettabladid.is

Ellý gerir upp 80 ára gamalt hús

Fyrirverandi X-Factor dómarinn Elinborg Halldórsdóttir eða Ellý keypti sér nýlega nærri 80 ára gamalt þriggja hæða hús á Akranesi sem hún er að gera upp frá grunni. „Ég er í þessu daga og nætur,“ segir Ellý en húsið hefur áður gegnt hlutverkum bæði kaffihúss og íbúðarhúsnæðis. „Þetta var algjörlega ónýtt. Ég sem ætlaði bara að kaupa ódyrt húsnæði og sansa það aðeins. Henda smá pening í þetta og fara svo út til að klára að læra. Svo vatt þetta upp á sig og er alveg ótrúlega mikil vinna. Þú getur ekki ímyndað þér hvað þetta var ógeðslegt. Raki í öllu, maðkar og pöddur.“ Ellý vílar ekki fyrir sér að sjá að

mestu um framkvæmdirnar sjálf. „Ég er myndlistarmaður, myndlistarmenn kunna allt. Ég er orðin flink í smíðunum enda byggði ég húsið sem ég bjó í síðast frá grunni. Maður veit orðið hvað þarf til og hvernig á að gera hlutina. Ég er búin að vera stanslaust að í tíu vikur. Það tók mig viku bara að þora inn. Eiginlega hefði verið fljótlega að kaupa lóð og byggja nýtt hús,“ segir Ellý en liðsmenn þáttarins Innlit-útlit fylgjast með framkvæmdunum frá a-ö. „En þótt maður kunnir ýmislegt þarf maður alltaf aðstoð og ég er svo heppin að þekkja æðislega fagmenn sem hafa hjálpað mér. Margrét Cassaro hjá Sólark arkitekt-

um hefur reynt mér frábærlega og sömuleiðis Steðji hér á Akranesi auk fleiri aðila.“ Ellý segist vel geta hugsað sér að leggja smíðarnar fyrir sig og gera það að atvinnu sinni að gera upp gömul hús. „Ég væri alveg til í það. Oft treystir fólk sér ekkert í þessa vinnu og ég er að verða frekar flink í þessu,“ segir Ellý en hennar næsta verkefni er að kenna myndlist í Fjölbautaskóla Vesturlands á næstu önn. - sók



DAGAR OG NÆTUR

Ellý hefur unnið við að gera upp húsið sitt í tíu vikur – daga og nætur. „Ég sem ætlaði bara að kaupa ódyrt húsnæði og sansa það aðeins,“ segir hún.

Nýárstónleikar

Bubba

og Stórsveitar Reykjavíkur

Laugardalshöllinni 5. janúar 2008



Sérstakir gestir



Garðar Thór Cortes
Raggi Bjarna

Kóngurinn í smóking
og lögin hans í nýjum
„big band“ búningi.
Útsetningar: Þórir Baldursson.

Fagnaðu nýju ári með sannkölluðum glæsibrag!

MasterCard forsala hefst 28. nóvember
Almenn sala hefst 29. nóvember

TUBORG
LÉTTÖL



20% afsláttur af öllum viðburðum Concert
ef greitt er með MasterCard á sérstökum
MasterCard forsöludegi

Kynnið ykkur frekari tilboð og tónleikadagskrá Concert á vef
tónlistarklúbbs Mastercard, www.borgun.is/klubbar

FORSALA AÐGÖNGUMÍÐA
Á WWW.MIDI.IS OG Í
VERSLUNUM SKÍFUNNAR
Einnig í verslunum BT á landsbyggðinni





BAKÞANKAR
Davíðs Þórs
Jónssonar

Hvílíkt lán

Þegar ég bjó í Svíþjóð fyrir hart-nær átján árum kynntist ég íslenskum systkinum sem þar bjuggu. Bróðirinn var í sambúð, þau hjónaleysin áttu unga dóttur og konan var barnshafandi á ný. Hún varð fyrir því að fá einhvern kvilla á meðgöngunni sem gerði það að verkum að síðustu mánuði hennar þurfti hún að vera rúmliggjandi eða að minnsta kosti forðast alla líkamlega áreynslu. Hvorugt var tekjuhátt og ekki urðu veikindin til að bæta hag þeirra, þótt félagslegt öryggisnet í landinu kæmi í veg fyrir að þau færu á vonarvöl.

PAU voru bíllaus og þótti þeim brýnt að ráða bót á því vegna stækkunar fjölskyldunnar og erfíðleika konunnar við að ferðast af eigin rammleik. Þau fundu bíl, gerðu áætlun og sóttu um lán til að geta keypt hann. Lánið ætluðu þau að borga á einu ári. Þau lögðu fram upplýsingar um fjölskylduhagi og tekjur og biðu milli vonar og ótta. Viku síðar voru þau kölluð á fund bankastjórans, sem tjáði þeim að farið hefði verið yfir málið og eðlilegt hefði þótt að bíl þyrftu þau að eignast. Þeim var hins vegar sagt að þau þættu of tekjulág til að geta endurgreitt lánið á einu ári. Þeim var því boðið að greiða það á tveim árum í staðinn.

PEGAR systirin frétti þetta hugsaði hún sér gott til glóðarinnar. Hún var talsvert tekjuhærri en bróðir hennar, sambýlismaður hennar hafði líka ágætar tekjur og þau voru barnlaus. Hún hlyti að þykja betri pappír en bróðirinn. Hún sótti því um lán til að geta keypt bíl. Viku síðar var hún boðuð á fund. Þar var henni tilkynnt að samkvæmt upplýsingum um fjölskylduhagi hennar væri ekki ljóst af hverju hún þyrfti bíl og að ef hana langaði í bíl hefði hún nægar tekjur til að kaupa hann, til þess þyrfti hún ekki lán. Henni var því synjað um lánið.

ÞETTA þótti Svíum mjög eðlileg bankastarfsemi. Enda hristu þeir stundum hausinn yfir muninum á sér og Íslendingum og drógu hann saman í þessum orðum: „Ef Svíi vinnur milljón í happdrætti fer hann með hana í bankann, leggur helminginn inn og kaupir bíl fyrir hinn helminginn. Ef Íslendingur vinnur milljón í happdrætti fer hann með hana í bankann, fær lánaða milljón og kaupir sér bíl fyrir tvær.“

FLOKKADEIÐ



„Hvert“ færðu í jólagjöf?

Jólagjafabréf Iceland Express er komið í sölu

Langar þig að gleða einhvern sérstaklega mikið um jólin? Jólagjafabréf Iceland Express gefur þeim sem þér þykir vænt um spennandi fyrirheit á nýju ári, hvert sem hugurinn leitar.

Bókaðu vel heppnaða jólagjöf á www.icelandexpress.is


» Verð:

22.900 kr.

Innifaldar í gjafabréfinu eru flugferðir báðar leiðir með sköttum til eins af 15 áfangastöðum Iceland Express í Evrópu. Bókunartímabil jólagjafabréfsins er frá 26. desember til 31. janúar 2008 og eftir það gildir gjafabréfið sem inneign í 2 ár. Jólagjafabréfið gildir í flug á tímabilinu 15. janúar til 30. júní 2008. Sætaframboð er takmarkað.

Iceland Express 
með ánægju

www.icelandexpress.is



GÓÐAN DAG!
Í dag er sunnudagurinn 25.
nóvember, 329. dagur ársins.

Sólarupprás	Hádegi	Sólarlag
Reykjavík 10.27	13.15	16.02
Akureyri 10.31	12.59	15.27

Heimild: Almanak Háskólans